KAREN MELLK

Friðsælt og fallegt í Krókabyggð

Hús Fasteignir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

EGILL TÓMASSON

Teiti sem fór úr böndunum

Dr. Mister & Mr. Handsome fer í frí

FÓLK 42

KRISTINN DARRI RÖÐULSSON

Slakar á eftir sigurinn

Er tölvunörd og fótboltafíkill

FÓLK 42

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. nóvember 2006 — 318. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Risatónleikar á Wembley

Vilhjálmur prins skipuleggur minningartónleika um móður sína.

KVIKMYNDIR 34

Dagur rauða nefsins

Grínarar landsins fylkja liði 1. desember.

FÓLK 32

Söngskóli skiptir um nafn

Gunnar Guðbjörnsson heiðrar minningu Sigurðar Demetz.

TÍMAMÓT 24

Stórmeistarajafntefli

Manchester United og Chelsea gerðu 1-1 jafntefli í gær með mörkum Louis Saha og Ricardos Carvalho.

ÍÞRÓTTIR 39

VEÐRIÐ Í DAG



STORMUR - Í dag verður norðaustan stormur með suðausturströndinni, allhvasst víða vestan til annars hægari. Stöku él nyrðra og eystra en slydda með ströndum sunnan og suðaustan til. Hlánar sunnan til í dag og um allt land á morgun.

VEÐUR 4

Kristján Þór varð efstur í prófkjörinu

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, sigraði í prófkjöri sjálfstæðismanna í Norðausturkjördæmi. Hann segir næg verkefni vera framundan. Arnbjörg Sveinsdóttir hlaut annað sætið.

STJÓRNMÁL Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, varð efstur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi sem fram fór um helgina. Kristján hlaut 1.461 atkvæði í fyrsta sæti.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, hlaut annað sætið á listanum með 1.596 atkvæði í 1. til 2. sætið. Ólöf Nordal fékk 1.426 í 1. til 3. sæti. Alls gáfu níu manns kost á sér í prófkjörinu, sex karlar og þrjár konur.

Kristján Þór var hæstánægður með úrslitin. „Þetta er gríðarlega gott prófkjör og mikil þátttaka. Það er góð vinna að baki og drengileg barátta sem leiddi til góðrar niðurstöðu. Ég er gríðarlega ánægður og sáttur og vil skila þökkum til kjósenda og minna stuðningsmanna fyrir þá miklu vinnu sem þeir unnu.“

Kristján segir næst á dagskrá að fara að búa til endanlegan lista. „Nú þurfum við að byrja að undirbúa vorið og kosningabaráttuna þá. Það eru næg verkefni framundan sem betur fer.“

Kristján Þór segist ekki hafa tekið ákvörðun um hvort hann muni hætta sem bæjarstjóri í kjölfar þessara úrslita. „Ég mun birta ákvörðun mína fljótlega sem verður vonandi á næstu vikum.“

Arnbjörg Sveinsdóttir kvaðst ánægð með sitt gengi og kosningabaráttu sína. „Ég hafði öflugt lið stuðningsmanna með mér. En það er auðvitað þannig að í svona kjördæmi verður þetta eðlilega svæðisskipt. Akureyri er langstærsti staðurinn og þegar vinsæll bæjarstjóri býður sig fram er eðlilegt að hann hafi sterka stöðu sem birtist í þessum tölum.“ Arnbjörg er sérstaklega ánægð með hlut kvenna. „Við erum með þrjár konur í efstu fimm sætum listans.“

Þegar kjörfundur hófst voru 3.289 manns á kjörskrá. Alls greiddu 2.535 manns atkvæði á kjörfundi á kjördag. Í utankjörfundaratkvæðagreiðslu áður en kjörfundur hófst greiddu 497 atkvæði. Þegar kjörfundi lauk klukkan sex á laugardag voru 4.089 á kjörskrá. Alls kusu 3.033 og samsvarar það um 74 prósenta kosningaþátttöku. Auðir seðlar og ógildir voru 104. **- sdg**

> Akureyri er langstærsti staðurinn og þegar vinsæll bæjarstjóri býður sig fram er eðlilegt að hann hafi sterka stöðu...
>
> **ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR**
> ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

ÚRSLIT PRÓFKJÖRS

SÆTI	FRAMBJÓÐANDI	ATKVÆÐI
1.	Kristján Þór Júlíusson	1.461
2.	Arnbjörg Sveinsdóttir	1.569
3.	Ólöf Nordal	1.426
4.	Þorvaldur Ingvarsson	1.635
5.	Sigríður Ingvarsdóttir	1.733
6.	Steinþór Þorsteinsson	1.661



VETRARDAGUR VIÐ TJÖRNINA Borgarbúar nutu fallega vetrarveðursins í gær og lögðu margir leið sína að Tjörninni í Reykjavík. Þessi ungi maður nýtti tækifærið til að leika íshokkí á meðan vetrarsólin lék við Hallgrímskirkjuturn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fagleg og lögleg

þjónusta í boði

Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

Leikmenn í Landsbankadeild karla fá vel greitt fyrir knattspyrnuiðkun sína:

Íslenskir knattspyrnumenn eru ekki lengur áhugamenn

FÓTBOLTI Í ítarlegri úttekt Fréttablaðsins á leikmannamarkaðnum á Íslandi kemur fram að knattspyrnumenn í Landsbankadeild karla fái mest yfir hálfa milljón króna á mánuði í laun. Fjöldi leikmanna í deildinni fær í kringum 300 þúsund krónur í mánaðarlaun og jafnvel meira gangi liði leikmannsins allt í haginn. Upplýsingarnar í úttektinni koma allar frá leikmönnunum sjálfum.

Mikið er um árangurstengdar greiðslur í Landsbankadeildinni og hafa leikmanni verið boðnar yfir 150 þúsund krónur fyrir spilaðan leik. Svartar greiðslur eru á undanhaldi en heyra ekki sögunni til. Leikmönnum eru einnig boðin ýmiss konar fríðindi á borð við afnot af bíl, íbúð og jafnvel þriggja milljóna króna niðurgreiðsla af nýrri íbúð.

Einnig kemur fram í úttektinni að öll félög brjóta félagaskiptareglur og hafa samband við samningsbundna leikmenn án leyfis þess félags sem leikmaðurinn spilar með. Svo mikill er ágangur forráðamanna félaganna að leikmenn hafa neyðst til þess að slökkva á símum sínum til að fá næði.

Leikmenn eru í flestum tilfellum fengnir til þess að ræða við leikmennina eftirsóttu og svo fara félögin í kringum reglurnar með því að hafa samband við feður leikmanna og einnig mæður í einstaka tilvikum. **- hbg / sjá síðu 36**

SPURNING DAGSINS

Guðrún, fer næsta málþing fram með SMS-sendingum?

„Við útilokum ekkert í þessum efnum."

Málþing um framtíðarsýn í málefnum grunnskólans fór fram um helgina, og notuðu gestir meðal annars MSN-spjall til þess að koma skoðunum og spurningum til fyrirlesara. Guðrún Ebba Ólafsdóttir er formaður endurskoðunarnefndar grunnskólalaga.

Haraldi Hannesi Guðmundssyni enn haldið sofandi á sjúkrahúsi:

Einn maður handtekinn

LÍKAMSÁRÁS Lögreglan í Bethnal Green í austurhluta Lundúna handtók í síðustu viku mann í tengslum við árásina á Harald Hannes Guðmundsson ljósmyndara. Maðurinn var yfirheyrður en vegna skorts á sönnunargögnum þurfti lögreglan að sleppa honum úr haldi að henni lokinni. Hann er talinn viðriðinn málið.

Robert Gurr, rannsóknarlögreglumaður í Bethnal Green, segir engan mannanna þriggja hafa þekkst af upptökum öryggismyndavéla. Hann telur líklegt, eftir samtölum við fólk í hverfinu að dæma, að mennirnir hafi ætlað að ræna Harald í ábataskyni. Hann útilokar þó ekki aðrar hugsanlegar orsakir, í ljósi þess hve óvenjulega fólskuleg árásin var.

Að sögn vina Haraldar þykir samstarfsmönnum hans þar ytra vænt um þá miklu athygli sem árásin hefur fengið á Íslandi. Maja Justinianovic, eiginkona Haraldar, er komin út til Lundúna og vill koma á framfæri þakklæti til þeirra sem hafa stutt við bakið á þeim Haraldi í hremmingunum, en líðan hans er óbreytt og honum er enn haldið sofandi á sjúkrahúsi.

Söfnunarreikningur Haraldi til stuðnings hefur verið opnaður í SPRON. Reikningur nr. 1150-26-26600, kennitala 070970-4229. **- kóþ**

BRESKUR LÖGREGLUMAÐUR Málið er enn í rannsókn í Lundúnum. Maðurinn sem var handtekinn er líklega viðriðinn málið, segir lögreglan, en hún þurfti að sleppa honum úr haldi.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Átök í Afganistan:

Tugir skæruliða felldir á vígvelli

AFGANISTAN Fimmtíu skæruliðar talíbana og einn hermaður NATO-herliðsins féllu í átökum í suðurhluta Afganistans á laugardag. Til átaka kom eftir að hópur uppreisnarmanna gerði árás á sameiginlegt herlið NATO og afganskra stjórnarhermanna nálægt Tarin Kowt. Herliðið svaraði skothríðinni og gerði loftárás á uppreisnarmennina.

Sameiginlegt herlið NATO og afganskra hermanna varð einnig fyrir árás uppreisnarmanna í Kandahar á laugardag. Fimm skæruliðar féllu og þrír hermenn NATO særðust í átökunum. - sun

Auglýsingaheimildir RÚV takmarkaðar

Unnið er að breytingum á RÚV-frumvarpinu í menntamálanefnd. Meðal tillaga er að takmarka auglýsingaheimildir og banna kostun dagskrárliða. Fulltrúar flokka ríkisstjórnar í nefndinni telja að frumvarpið verði samþykkt, komi til breytinganna.

FJÖLMIÐLAR Kostun dagskrárliða Ríkisútvarpsins verður bönnuð, þak sett á heimildir þess til að selja auglýsingar og auglýsingar á vef þess bannaðar. Þetta er á meðal hugmynda um breytingar á frumvarpi um Ríkisútvarpið sem menntamálanefnd þingsins vinnur að. Breytingarnar, verði þær að veruleika, eru gerðar til þess að koma til móts við andstöðu gegn frumvarpinu.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður menntamálanefndar, segir engar breytingar hafa verið gerðar enn, en verið sé að vinna að hugmyndum um auglýsingar á vefnum, takmörkun eða bann á kostun þátta og takmarkanir á auglýsingum.

„Ég vil skoða stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og minn vilji er að þessar breytingar verði gerðar. Ef það næst samstaða um þær, sem ég vona að verði, þá verður frumvarpið lagt fram með breytingunum," segir hann.

Hann segist telja að með breytingunum sé komið til móts við andstöðu gegn frumvarpinu og býst ekki við að framsóknarmenn greiði atkvæði gegn því, verði af breytingunum.

„Miðað við samskipti mín við framsóknarmenn í nefndinni þá á ég ekki von á því að þeir setji sig upp á móti þessu."

„Það eru þrjú meginatriði sem við viljum koma fram með þessum breytingum," segir Sæunn Stefánsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins sem á sæti í menntamálanefnd. „Í fyrsta lagi þarf þjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps að vera gert skýrt, í öðru lagi þarf að viðhalda samkeppni á auglýsingamarkaðnum og í þriðja lagi þarf að sjá til þess að starfsmenn haldi sínum réttindum."

Hún segist gera ráð fyrir að þessar breytingar fari í gegn og breytt frumvarp fari úr menntamálanefnd í vikunni. „Ef við skoðum málið í heild sinni þá erum við að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins, en það má ekki vera þannig að við gerum öðrum fjölmiðlum erfitt fyrir."

Verði frumvarpinu breytt er það þriðja myndin sem það birtist í síðan vinna við það hófst fyrir þremur árum. salvar@frettabladid.is

Í ÚTSENDINGU Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður menntamálanefndar, segist ekki eiga von á andstöðu við frumvarpið, verði breytingarnar gerðar. Myndin er tekin í myndveri Ríkissjónvarpsins.

SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR

AÐSVIF Í SJÓNVARPSSAL Berlusconi veitt aðhlynning eftir að hann fékk aðsvif í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hiti í ítölskum stjórnmálum:

Leið yfir Berlusconi í beinni

ÍTALÍA „Tilfinningarnar bera mig ofurliði," sagði Silvio Berlusconi lágum rómi, rétt áður en hann fékk aðsvif í beinni sjónvarpsútsendingu á Ítalíu í gær. Hann hafði þá flutt fjörutíu mínútna langan reiðilestur gegn Romano Prodi, forsætisráðherra landsins.

Einkalæknir Berlusconis og lífverðir studdu hann síðan af vettvangi. Læknir hans sagði að blóðþrýstingur Berlusconis hefði fallið skyndilega, en einnig að hitasvækja í salnum hefði angrað fyrrum forsætisráðherrann, sem mun vera á batavegi.

Berlusconi er sjötugur að aldri og efnaðasti maður Ítalíu. **- kóþ**

ÍSRAEL

Her heim frá Gaza Ísraelsher hélt aftur heim í gær eftir að óvænt vopnahlé tók gildi á sunnudagsmorgun. Tveir herskáir hópar Palestínumanna héldu þó áfram sprengiflaugaárásum frá Gaza inn í Ísrael.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slasaðist í flugdrekaslysi

Maður rifbeinsbrotnaði í fludrekaslysi við Svignarskarð um eitt leytið í gær. Slysið bar þannig að að flugdrekinn kippti manninum áfram með þeim afleiðingum að hann skall á jörðinni og rifbeinsbrotnaði.

Ölvun og erill í miðborginni:

Dyravörður bitinn í brjóst

LÍKAMSÁRÁSIR Töluverð ölvun var í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags og mikið um pústra. Undir morgun hafði lögreglunni verið tilkynnt um fjórar líkamsárásir.

Dyraverðir skemmtistaða urðu fyrir tveimur árásanna. Einn var bitinn í brjóstið af sautján ára stúlku og annar var barinn af manni á þrítugsaldri. Tilefni beggja árásanna var að viðkomandi gesti var ekki hleypt inn á staðinn.

Ráðist var á tvo til viðbótar áður en nóttin var úti, en maður á þrítugsaldri nefbrotnaði í átökum við annan. Seinasta árásin varð þegar maður var laminn í höfuðið með flösku og skarst töluvert. **- sþs**

Vinnuslys við Kárahnjúka:

Féll niður fimmtíu metra

SLYS Manninum, sem féll niður fimmtíu metra á Kárahnjúkum á laugardagskvöld, er haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans. Hann má þakka það sterkum leðurgalla og snarræði félaga sinna og lækna á Austurlandi að ekki fór verr, segir sérfræðingur á slysadeildinni, en læknarnir fylgdu manninum í sjúkraflugi suður.

Maðurinn var mikið slasaður við komuna á Landspítalann, með áverka á kviðar- og brjóstholi, en enga höfuðáverka. Hann fór beint í uppskurð og líðan hans er stöðug. - kóþ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Árekstur í Grafarvogi

Árekstur varð milli tveggja bíla á gatnamótum Völundarhúsa og Vesturhúsa í Grafarvogi um fimm leytið í gær. Tveir voru fluttir á slysadeild en meiðsli þeirra voru talin minniháttar.

Skoðanakönnun meðal kjósenda í Skotlandi og Bretlandi:

Meirihluti vill sambandsslit

BRETLAND Bæði Skotar og Englendingar eru fylgjandi sambandsslitum, og meirihluti beggja þjóða vill ekki vera lengur hluti af Bretlandi. Þetta kemur fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar sem The Sunday Telegraph lét gera og birti í gær.

52 prósent Skota vilja sjálfstæði og 59 prósent Englendinga styðja einnig sjálfstæði Skotlands. 48 prósent Englendinga telja ennfremur að bæði Wales og Norður-Írland eigi að sigla sinn sjó. 68 prósent Englendinga vilja að hrein-enskt þing taki við af því breska.

Spurningin um sjálfstæði Skotlands kemst á dagskrá breskra stjórnmála í maí í vor, þegar Skotar kjósa nýtt heimastjórnarþing, réttum 300 árum eftir að konungdæmi Skota og Englendinga sameinuðust.

Skoski þjóðernisflokkurinn, SNP, krefst sambandsslita og stofnun sjálfstæðs ríkis Skota. Hann nýtur nú mikils fylgis meðal skoskra kjósenda. Nái flokkurinn hreinum meirihluta á skoska þinginu í Edinborg mun það ýta mjög undir sjálfstæðiskröfuna. Leiðtogi SNP, Alex Salmond, hefur lýst áhuga á að sjálfstætt Skotland taki sér Norðurlöndin til fyrirmyndar og efli tengsl við þau. **- aa**

ALEX SALMOND Leiðtogi SNP krefst sjálfstæðis fyrir Skota.

NORDICPHOTOS/AFP

ALICANTE

Verð frá:

16.990,-

fram og til baka með sköttum

Sala hefst þriðjudaginn 28. nóv. kl. 12.00

Árið 2007 aukum við sætaframboð til Alicante enn frekar og fjölgum flugdögum í fjóra á viku í sumar. Markmið okkar er sem fyrr að vera ávallt besti kosturinn til Alicante.

Þú færð aukinn sveigjanleika á betra verði hjá okkur.

Kynntu þér ferðaáætlunina 2007 á www.sumarferdir.is.

Fíton / SÍA

MasterCard
www.kreditkort.is

Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

Allar frekari upplýsingar eru á www.sumarferdir.is
Sími 575 1515 – Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

Sala hefst þriðjudaginn 28. nóv. kl. 12.00

www.sumarferdir.is

Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR

– ERU BETRI EN AÐRAR!

GENGIÐ 24.11.2006

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	70,16	70,5
Sterlingspund	135,66	136,32
Evra	91,82	92,34
Dönsk króna	12,316	12,388
Norsk króna	11,157	11,223
Sænsk króna	10,163	10,22
Japanskt jen	0,6059	0,6095
SDR	105,35	105,97

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 126,0169

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Breska hryðjuverkavarnadeildin rannsakar andlát rússneska njósnarans:

Ráðherra ásakar Pútín forseta

LONDON, AP Peter Hain, ráðherra N-Írlandsmála í bresku ríkisstjórninni, sakaði í gær Vladimír Pútín Rússlandsforseta um „miklar árásir á frelsi einstaklingsins og lýðréttindi," en hryðjuverkavarnadeild bresku rannsóknalögreglunnar rannsakar nú lát fyrrverandi rússnesks njósnara í London.

Alexander Litvinenko lést á fimmtudag og fannst geislavirka efnið pólóníum 210 í líki hans. Hann var sannfærður um að eitrað hefði verið fyrir sér og sakaði Pútín um að standa á bak við það. Hann tjáði lögreglu að sér hefði verið byrlað eitrið er hann var að rannsaka morðið á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskaju 1. nóvember síðastliðinn.

Um þrjú hundruð manns hafa haft samband við heilbrigðisyfirvöld í London vegna ótta um að hafa orðið fyrir geislun eftir að geislavirkni varð vart á heimili njósnarans fyrrverandi, á veitingastað sem hann mataðist á og hóteli sem hann heimsótti í byrjun mánaðarins. - sun/aa

GEISLAMENGUN Lögregluvakt fyrir utan Millennium-hótelið í London, þar sem Litvinenkó hitti rússneska leyniþjónustumenn 1. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Húsdýragarðurinn:

Sigurerni sleppt í Grundarfirði

NÁTTÚRA Erninum Sigurerni var sleppt í gær eftir að hafa dvalist í Húsdýragarðinum í Laugardal frá því að Sigurbjörg Sandra Pétursdóttir bjargaði honum í sumar.

Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Húsdýragarðsins, sagði allt hafa gengið að óskum er erninum var sleppt á heimaslóðum í Grundarfirði. „Það var greinilegt að hann var kominn heim," sagði Tómas, sem telur um 100 manns hafa verið samankomna til að taka á móti erninum. Tómas sagði Sigurörn hafa verið í góðu ástandi og er sannfærður um að hann spjari sig. - sun

Skynsamlegt útspil Framsóknarflokks

Framsóknarflokkurinn þarf að ákveða hvað af gjörðum ríkisstjórnarinnar hann vill verja, segir prófessor í stjórnmálafræði. Jón Sigurðsson sé að skapa þægilega vígstöðu flokksins með því að segja stuðning við innrásina mistök.

STJÓRNMÁL Ummæli Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins, um að stuðningur Íslands við innrásina í Írak hafi verið mistök, eru skynsamleg hernaðaráætlun fyrir Framsóknarflokkinn að mati Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði.

„Bakgrunnurinn fyrir því að hann er opinn fyrir því að skoða embættisfærslur ríkisstjórnar undanfarin ár er væntanlega vont gengi flokksins. Framsóknarflokkurinn þarf að hugsa sinn gang og velta fyrir sér hvað hann ætlar að fara með kjósendur næsta vor. Hvað hann vill verja af gjörðum ríkisstjórnarinnar og hvað ekki. Þannig að Jón er að hluta til væntanlega að búa til þægilegri vígstöðu fyrir flokkinn í því samhengi."

Gunnar Helgi segir skynsamlegt hjá Framsóknarflokknum að reyna að undirbúa jarðveginn fyrir næsta vor á þennan hátt. „Þannig að þeir séu ekki endalaust að hjakka í því að vera að verja eitthvað sem er mjög erfitt fyrir flokk eins og Framsóknarflokkinn að verja."

Jón segir í ræðu sinni að ákvarðanir um öryggismál og alþjóðaverkefni beri ævinlega að taka eftir vandaðasta undirbúning og eftir trúnaðarsamráð við lögmætar stofnanir eins og utanríkismálanefnd Alþingis. Gunnar Helgi segir Jón þarna vera að taka skýra afstöðu í því máli.

„Það virðist mega lesa þetta á þann hátt að hann túlki aðstæður þannig að það hefði átt að hafa víðtækara samráð við utanríkismálanefnd."

Fulltrúar stjórnarandstöðu kalla eftir afsökunarbeiðni frá ríkisstjórninni og Jón segist sjálfur gera ráð fyrir að fræðimenn muni fjalla um hvort stjórnvöld þurfi að biðjast afsökunar á stuðningnum. Gunnar Helgi segir það vera stjórnmálamanna og kjósenda að ákveða slíkt. „En þetta er vissulega óvenjulegt. Hann er þarna búinn að biðjast afsökunar hálfa leiðina fyrir hönd síns flokks. Það verður líka að skoða í því ljósi að Framsóknarflokkurinn hefur vissa þörf fyrir að afmarka sig gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Og það er ekkert verra fyrir Framsóknarflokkinn ef það verður styr um þetta mál milli ríkisstjórnarflokkanna. Flokkurinn þarf núna að byggja upp eigin ímynd í aðdraganda kosninganna. Hluti af því hlýtur að vera að deila um ýmsa hluti við Sjálfstæðisflokkinn enda er þetta ekki sami flokkurinn og eðlilegt að þeir geti átt í deilum. Ég sé ekki betur en Jón sé beinlínis að lýsa því yfir að flokkurinn þurfi að marka sig betur gagnvart Sjálfstæðisflokknum og það gerist ekki öðruvísi en að flokkarnir deili." sdg@frettabladid.is

JÓN SIGURÐSSON, FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS Jón sagði ákvarðanir stjórnvalda um málefni Íraks hafa verið rangar eða mistök í ræðu sinni á fundi miðstjórnar Framsóknarflokksins á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðjón Arnar Kristjánsson:

Komið að sjálfstæðismönnum

„Nú hlýtur að vera komið að sjálfstæðismönnum að biðjast afsökunar á sínum mistökum," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

„Það hefur lengi legið fyrir hvernig þessi ákvörðun var tekin og verið hávært mótmælt. Frjálslyndi flokkurinn sendi frá sér sterkar athugasemdir þar sem sagði að þessi ákvörðun hefði verið algjörlega óheimil og tekin á röngum forsendum."

Guðjón segir gott ef menn biðjist afsökunar en það breyti ekki því að Íslendingar voru gerðir aðilar að málinu. „Það væri sæmst af okkur að ríkisstjórnin sendi frá sér fréttatilkynningu til helstu miðla veraldar að þessi ákvörðun hafi verið mistök ef þeir meina eitthvað með þessu."

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir:

Uppgjör við fyrirrennarann

„Það er greinilegt að þetta er ákveðið uppgjör nýs formanns Framsóknarflokksins við fyrirrennarann og ég tel að það sé alls ekkert óeðlilegt við það," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðiflokksins.

„Jón er greinilega búinn að liggja vel og lengi yfir þessu og maður þarf líka að sýna því skilning að þegar nýir menn koma verða áherslubreytingar. Það má sannarlega segja að hann sé að setja nýjar áherslur en varðandi Íraksstríðið sjálft tel ég að í ljósi reynslunnar hefðu margar ákvarðanir verið teknar öðru vísi eða jafnvel ekki teknar. Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á. En ég sé enga ástæðu til afsökunarbeiðni, þó síður væri."

Ögmundur Jónasson:

Hljómi út fyrir landsteinana

Ég fæ ekki betur skilið en að Jón sé hér að taka undir þá gagnrýni sem kom frá stjórnarandstöðunni um að það hafi ekki verið haft samráð við utanríkismálanefnd Alþingis eins og lög gera ráð fyrir þegar ákvörðun var tekin um að styðja innrásina," segir Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstri grænna og bætir við að jákvætt sé að hann skuli lýsa þessu yfir.

„Hins vegar eiga ummæli af þessu tagi ekki erindi inn í íslenska kosningabaráttu heldur þurfa þessi sjónarmið að hljóma út fyrir landsteinana. Þess vegna hljótum við að að ætlast til þess að utanríkisráðherra lýsi þessu yfir fyrir hönd þjóðarinnar þannig að eftir verður tekið. Þannig getum við dæmt hvort hugur fylgi máli."

Össur Skarphéðinsson:

Biðji afsökunar fylgi hugur máli

„Öllum er ljóst að fráleitur stuðningur forystu Framsóknarflokksins við innrásina varð þess valdandi að flokkurinn stendur nú uppi rúinn fylgi," segir Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. „Ef það er svo að hugur fylgi máli hjá Framsóknarflokki og ekki sé um yfirklór að ræða vegna komandi þingkosninga, þá finnst mér að þeir væru menn að meiri að þeir í framhaldi bæðu íslensku og írösku þjóðirnar afsökunar."

Össur segir ekki nóg að Jón lýsi þessu yfir á þingi Framsóknarflokksins. „Hann verður að beita sér fyrir því að umheimurinn verði með formlegum hætti að það hafi orðið umskipti hjá ríkisstjórn Íslands. En mér er spurn hvort þau hafi orðið hjá Sjálfstæðisflokknum."

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ALVÖRU HLÝINDI NÁLGAST LANDIÐ

Jæja, loksins er maður farinn að sjá fyrir endann á löngum og á köflum nokkuð ströngum frostakafla. Það gerist þó lítið í þessu í dag en á morgun verður víðast hvar orðið frostlaust á láglendi, reyndar með vætutíð. Á miðvikudag verður hlýtt á landinu. Þessum hlýindum fylgir hvassviðri víða á sunnan- og vestanverðu landinu.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Vaxandi norðaustanátt. 5-8 í fyrstu en 8-10 m/s síðdegis. Skýjað og lengst af úrkomulítið.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



15-20 m/s á Norðvesturfjörðungi landsins, annars 5-13 m/s.

» miðvikudagur



15-20 m/s á Vestfjörðum, annars hægari.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	10°C hálfskýjað	London	15°C hálfskýjað	Alicante	21°C hálfskýjað
Þórshöfn	10°C hálfskýjað	París	19°C hálfskýjað	Mallorca	20°C hálfskýjað
Osló	4°C hálfskýjað	Frankfurt	15°C hálfskýjað	Algarve	20°C alskýjað
Stokkhólmur	9°C heiðskírt	Friedrichshafen	14°C heiðskírt	Krít	20°C heiðskírt
Gautaborg	11°C hálfskýjað	Berlín	14°C hálfskýjað	Las Palmas	22°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

8 sinnum meiri hraði fyrir sama pening



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Speight

HiveLite **3.990 kr.** á mánuði

Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðurhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is

Hive

KJÖRKASSINN

Átt þú bókasafnskort?

Já	56,5%
Nei	43,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga íslensk stjórnvöld að biðjast afsökunar á stuðningi við innrásina í Írak?

Segðu skoðun þína á visir.is

Óánægja með páfaheimsókn í Tyrklandi:

Tugþúsundir mótmæltu

TYRKLAND, AP Yfir tuttugu þúsund múslimar tóku þátt í stærstu mótmælum gegn ferð Benedikts páfa XVI til Tyrklands í Istanbúl í gær, en heimsóknin er sú fyrsta sem páfi fer í til lands þar sem flestir íbúanna eru íslamstrúar.

Í september olli ræða sem Benedikt flutti í heimsókn sinni til Þýskalands mikilli reiði hjá múslimum um allan heim. Í ræðunni vitnaði Benedikt í Manuel II, kristinn keisara býsanska keisaraveldisins á fjórtándu öld, sem hélt því fram að einu nýjungarnar sem Múhameð spámaður hefði fært heiminum væru illska og miskunnarleysi. Páfagarður lítur á ferðina til Tyrklands sem tækifæri til að sættast við múslimaheiminn, og sagði Benedikt páfi á sunnudag að ferðin sýndi virðingu hans og einlægan vinskap gagnvart Tyrklandi.

BENEDIKT XVI PÁFI Múslimar mótmæla ferð hans til Tyrklands vegna ummæla páfa um Múhameð spámann í september. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra Tyrklands, Abdulah Gül, hefur reynt að gera lítið úr mótmælunum. Hann sagði í gær að hann vonaðist til þess að heimsóknin myndi útrýma misskilningi milli múslima og kristinna manna.

Öryggisgæsla í kringum heimsóknina verður öflug, en páfi mun heimsækja höfuðborgina Ankara, Istanbúl og svæðið sem talið er að María mey hafi dvalist á. - sun

Átök við Engihjalla og Smáralind:

Hópslagsmál í Kópavogi

SLAGSMÁL Tvenn hópslagsmál urðu í Kópavogi aðfaranótt sunnudags. Annað málið kom upp í Engihjalla en hitt við Smáralind. Í báðum tilfellum var um ungmenni í kringum tvítugt að ræða.

Í slagsmálunum við Engihjalla voru fjórir færðir til fangageymslu. Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni í Kópavogi létu þeir ófriðlega og náðist ekki að koma fyrir þá vitinu. Við Smáralind náðist að leysa úr málum og var enginn fluttur í fangageymslur. Lögregluþjónar úr Hafnarfirði og Reykjavík voru fengnir til aðstoðar í báðum málum. - sþs

STARFSMANNAHÚSIÐ Nýtt þjónustuhús er fyrsti áfangi í miklum uppbyggingaráformum í Gufuneskirkjugarði. FRÉTABLAÐIÐ/GVA

Ólga í Grafarvogi vegna líkbrennslu

Hörð andstaða Grafarvogsbúa dugir ekki til þess að hætt verði við líkbrennslu í Gufuneskirkjugarði. Formaður íbúasamtakanna er bjartsýnn eftir fund með kirkjugarðsyfirvöldum, sem á hinn bóginn segjast ekki hafa hætt við líkbrennsluna.

SKIPULAGSMÁL „Íbúar eru mjög ósáttir. Þeim finnst eins og þessar framkvæmdir hafi komið aftan að þeim,“ segir Elísabet Gísladóttir, formaður Íbúasamtaka Grafarvogs, um byggingarframkvæmdir við Gufuneskirkjugarð.

Bygging starfsmannahúss fyrir kirkjugarðinn er vel á veg komin. Borgaryfirvöld hafa einnig samþykkt líkbrennslu, líkhús, hús fyrir erfidrykkjur og hús undir kapellu, kirkju og bænahús.

Elísabet segir kynningu á framkvæmdunum hafa verið samkvæmt reglum en samt hafa farið framhjá íbúunum enda aðeins verið fólgin í litlum blaðaauglýsingum.

Í bréfi þriggja íbúa við Vallarhús til borgarstjórans segir að hús þeirra hafi fallið í verði vegna þess að starfsmannahúsið hafi skert sjávarútsýni. Og að ekki komi til greina að sætta sig við nábýli við líkbrennslu: „Svoleiðis starfsemi á engan veginn heima hér í miðju íbúðarhverfi, rétt við íþróttamannvirki, skóla, leikskóla og dvalarheimili.“

ELÍSABET GÍSLADÓTTIR Formaður Íbúasamtaka Grafarvogs segir kirkjugarðsyfirvöld jákvæð gagnvart því að hætta við líkbrennslu í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íbúasamtökin áttu fund með kirkjugarðsyfirvöldum í síðustu viku. Elísabet Gísladóttir segist bjartsýn á að líkbrennslan verði ekki reist við Gufuneskirkjugarð. „Kirkjugarðsyfirvöld voru mjög jákvæð með að endurskoða staðsetningu fyrir líkbrennsluna,“ segir hún.

Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur, segir hins vegar að engin ákvörðun hafi verið tekin um staðsetningu líkbrennslunnar. Hugsanlegt sé að hún verði byggð annars staðar en leyfi sé fengið fyrir staðsetningu hennar í Gufuneskirkjugarði. Íbúar í Grafarvogi hafi ekkert að óttast því ný líkbrennslu verði ekki byggð fyrr en eftir 15 ár. Þá muni ströngustu kröfur fyrir starfsleyfi verða uppfylltar. Næst á dagskránni í Grafarvogi sé að byggja líkhús eftir þrjú eða fjögur ár.

Elísabet segir að þótt sagt sé að engin lyktar- eða sjónmengun myndi verða af líkbrennslunni þá hafi íbúarnir ástæðu til efasemda. Þess utan sé tilfinningalegt áreiti alveg jafn mikilvægt.

„Það þarf ekki annað en að einhver kveiki upp í arninum eða í rusli til að einhver finni til óþæginda, sérstaklega gamla fólkið sem horfir yfir kirkjugarðinn. Aðgát skal höfð í nærveru sálar,“ segir Elísabet Gísladóttir.

gar@frettabladid.is

Frumvarp um sameiningu HÍ og KHÍ hefur verið lagt fyrir þingflokka ríkisstjórnar:

Bíður samþykkis Framsóknar

MENNTUN Frumvarp um sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands hefur verið afgreitt af þingflokki Sjálfstæðisflokks og bíður nú samþykkis þingflokks Framsóknarflokks. Að því loknu verður það lagt fyrir á þingi. Þetta segir Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins segir rétt að frumvarpið hafi verið lagt fyrir í sínum þingflokki en það hafi ekki verið afgreitt enn.

„Frumvarpinu var dreift á seinasta þingflokksfundi, yfirleitt eru mál afgreidd á næsta fundi svo menn hafi tíma til að fara yfir þau.“

Hann segist ekki hafa grandskoðað frumvarpið efnislega en hann viti að vel hafi verið vandað til þess. „Eftir því sem ég kemst næst er mikil sátt um þetta meðal fagfólks og menn sjá að þessi samruni muni styrkja báða skólana.“ Á seinasta ári setti menntamálaráðherra á laggirnar nefnd um sameiningu skólanna. Álit nefndarinnar varðandi sameiningu var jákvætt og er frumvarpið afrakstur þess.

FYRIRLESTUR Í HÁSKÓLA ÍSLANDS Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknar, segist vita að vel hafi verið vandað til frumvarpsins. Mikil sátt sé um samruna skólanna meðal fagfólks.

- sþs

Bíll og **sjónvarp** fyrir jól

Allir sem kaupa **Lacetti Station**
fyrir jól **fá sjónvarp í kaupbæti**

Aðeins **18.762,-** á mán.*

SJÓNVARP Í KAUPBÆTI



32" hágæða flatskjár frá **Philips**

* m.v. 84 mánaða bílasamning og 30% útborgun. Gengi m.v. 24.11.2006

AUKAHLUTIR Á MYND: ÁLFELGUR

Lacetti

Fjölskyldubíll og **sjónvarp** fyrir jólin

Við erum komnir í jólaskapið og ætlum því að gefa öllum sem kaupa Chevrolet **Lacetti Station** bíl fyrir jól **32" flatskjá í jólagjöf**. Þannig fær fjölskyldan tvöfalda jólagjöf sem allir í fjölskyldunni njóta, **bíl** og **sjónvarp**. Komdu við hjá okkur á Tangarhöfðanum og skoðaðu málið. Allir í fjölskyldunni verða **hæstánægðir**.

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Bílabúð Benna hvetur ökumenn til að sýna aðgát í akstri og aka með beltin spennt.

Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET



1 *Hvað heitir örninn sem var sleppt í gær?*

2 *Hvað heitir ný göngudeild SÁÁ í Efstaleiti?*

3 *Hvaða indjánar ætla að kæra Microsoft fyrir að stela tungumáli þeirra?*

SVÖRIN ER Á SÍÐU 42

Til stendur að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn:

Leitað að ódýrara húsnæði

STJÓRNMÁL Sala sendiherrabústaðarins í Kaupmannahöfn og kaup eða leiga á öðrum hentugri er meðal breytingartillagna meirihluta fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarp næsta árs sem nú er til umræðu í Alþingi.

Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, segir að verið sé að skoða hvort hægt sé að komast af með ódýrara húsnæði.

„Við erum núna að skoða markaðinn út frá því hversu verðmikið húsið er og jafnframt hvort að ódýrara húsnæði gæti hugsanlega verið nær sendiráðsskrifstofunni.“

Sendiráðsbústaðurinn er í úthverfi Kaupmannahafnar og sendiráðsskrifstofan staðsett við miðbæinn. „Við erum búin að eiga húsið lengi og það er langur aksturstími inn í bæinn. Og nú er komið að viðhaldskostnaði á húsinu sem gæti kostað talsverðar fjárhæðir. Það er ekki alveg búið að ganga frá þessu en verið að kanna út frá hagræðingaratriðum.“

SENDIRÁÐ ÍSLANDS Sendiherrabústaðurinn er í úthverfi í norðurhluta Stór-Kaupmannahafnarsvæðisins en sendiráðsskrifstofan við miðbæinn.

Grétar segir það samræmast stefnu ráðuneytisins að athuga húsnæði sem hafi fyrst og fremst það hlutverk að vera atvinnutæki. Aðspurður um hvort til þess gæti komið að keypt yrði dýrara húsnæði segir Grétar það ekki vera í skoðun.

Ekki náðist í Svavar Gestsson sendiherra Íslands í Danmörku. **- sdg**

Ökumaður slapp lítið meiddur:

Ók á staur á Reykjanesbraut

ÁREKSTUR Bifreið lenti á ljósastaur á Reykjanesbraut fyrir ofan Grænás um sexleytið í gærmorgun. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, var fluttur með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Meiðsli hans voru ekki talin alvarleg og fékk hann að fara heim að læknisskoðun lokinni.

Bíllinn var töluvert skemmdur eftir áreksturinn og þurfti lögregla að kalla til dráttarbíl til þess að koma honum af vettvangi. Að sögn talsmanns lögreglunnar í Keflavík liggur enginn grunur á að um ölvunarakstur hafi verið að ræða heldur var hálka meginorsök slyssins. **- sþs**

Mannekla á leikskólum:

Foreldrafélag skorar á borgina

LEIKSKÓLAR Foreldrafélag leikskólans Gullborgar hefur sent Reykjavíkurborg bréf þar sem skorað er á yfirvöld að bæta úr starfsmannaeklu leikskóla. Segir í áskoruninni að það vanti alls 68 stöðugildi í 50 leikskóla borgarinnar. Hafi því þurft að senda börn fyrr heim eða jafnvel hafa þau heima einn dag í viku. Á sama tíma sé 50 milljónum eytt í stofnun nýs leikskólasviðs, en telur félagið að nær sé að eyða fénu í ráðningu starfsfólks. **- vg**

EKVADOR

Forseti kosinn

Í úrslitaumferð forsetakosninga gerðu kjósendur í Suður-Ameríkuríkinu Ekvador í gær upp á milli vinstrimannsins Rafaels Correa og bananaauðkýfingsins Alvaro Noboa. Úrslita er að vænta í dag.

Afmæliskveðja Pinochets:

Viðurkennir pólitíska ábyrgð

SANTIAGO, AP Augusto Pinochet hefur lýst yfir að hann beri „pólitíska ábyrgð“ á valdatíð sinni frá árinu 1973 til 1990, þegar hann var einræðisherra í Chile. Yfirlýsingin var lesin upp af eiginkonu Pinochets á 91 árs afmæli hans á laugardag.

AUGUSTO PINOCHET

Einræðisherrann varði einnig hið blóðuga valdarán sitt, þegar Salvador Allende var komið frá völdum 1973. Pinochet telur að valdaránið og stjórn sín hafi gert Chile að „öflugu, nútímalegu og aðdáunarverðu landi“.

Í valdatíð Pinochets voru mörg þúsund manna líflátin, pyntuð og fangelsuð.

Setti EES í uppnám

Andstæðingar þjónustutilskipunar ESB innan norsku ríkisstjórnarinnar vilja hafna innleiðingu hennar. Talsmaður ESB segir það geta sett EES-samninginn í uppnám.

EVRÓPUMÁL Litlu flokkarnir tveir, sem ásamt Verkamannaflokknum standa að norsku ríkisstjórninni, vilja að Noregur neiti að innleiða þjónustutilskipun Evrópusambandsins, sem EFTA-ríkin í EES, Ísland, Noregur og Liechtenstein, eru annars skuldbundin til að gera. Percy Westerlund, fastafulltrúi framkvæmdastjórnar ESB gagnvart Íslandi og Noregi, varar við því að með því að hafna tilskipuninni myndu Norðmenn hætta á að setja allan EES-samninginn í uppnám.

Norska fréttastofan NTB hafði eftir Westerlund fyrir helgi að bæði framkvæmdastjórn ESB og stjórnvöld í ESB-ríkjunum 25 myndu eiga erfitt með að sætta sig við að land eins og Noregur, sem stendur utan við sambandið, neiti að innleiða þungavigtarlöggjöf sem tvímælalaust varðar gildissvið EES-samningsins.

Ef til slíkrar höfnunar skyldi koma myndi ekki aðeins verða rætt um mótaðgerðir af hálfu ESB, heldur hugsanlega um sjálfa framtíð EES-samningsins í heild. „Alvarleg spurning sem upp mun koma er hvort ESB getur sætt sig við að land sem ekki er aðildarríki, sem tekur samt fullan þátt í innri markaðnum, á að fá að komast upp með að taka sér forréttindi sem ESB-aðildarríkin sjálf fá ekki,“ er haft eftir Westerlund á fréttavef Aftenposten.

Audun Lysbakken, varaformaður sósíalíska vinstriflokksins, SV, segir hins vegar að EES-samningurinn „verði að þola að Noregur neiti að innleiða þjónustutilskipunina“. Hann segir að sé ekki hægt að beita fyrirvara gegn innleiðingu svo umdeildrar Evrópulöggjafar, sé fyrirvararétturinn í EES bara fyrir hendi í orði en ekki á borði. Á landsstjórnarfundi SV var í gær samþykkt ályktun um að flokkurinn vilji að Noregur hafni innleiðingunni „nema við séum viss um að við munum geta barist gegn félagslegum undirboðum, varið grunnþjónustugreinar og haldið stjórnsýsluyfirráðum og neytendavernd“.

Flokksstjórn norska Miðflokksins samþykkti helgina áður ályktun þar sem áréttuð er gagnrýnin afstaða flokksins til þjónustutilskipunarinnar.

Evrópuþingið samþykkti endanlega útgáfu tilskipunarinnar þann 15. nóvember og hún á að ganga í gildi í ársbyrjun 2010. Meginmarkmið hennar er að stuðla að aukinni samkeppni á sviði þjónustuviðskipta yfir innri landamæri Evrópska efnahagssvæðisins og ýta þar með undir hagræðingu og sköpun nýrra starfa í þjónustugreinum, sem 70 prósent allra launþega á EES-svæðinu starfa við. Gagnrýnendur tilskipunarinnar halda því fram að hún muni stuðla að félagslegum undirboðum og röskun á vinnumarkaði. **audunn@frettabladid.is**

SAMÞYKKT Á EVRÓPUÞINGI Charlie McCreevy, sem fer með málefni er varða innri markaðinn og þjónustuviðskipti í framkvæmdastjórn ESB, sést hér í félagsskap „pólska píparans“ og „pólsku hjúkrunarkonunnar“ eftir að Evrópuþingið samþykkti þjónustutilskipunina í sinni endanlegu mynd þann 15. nóvember. Andstæðingar tilskipunarinnar í Vestur-Evrópulöndum hafa alið á ótta við undirboð í þjónustustörfum frá nýju aðildarríkjunum í austri.

NORDICPHOTOS/AFP

PERCY WESTERLUND
Fastafulltrúi ESB í Ósló.

Sjávarútvegsráðherra vill starfstengda íslenskukennslu fyrir útlendinga:

Fiskvinnslufólk í íslenskunám

SJÁVARÚTVEGUR Til greina kemur að bæta starfstengdri íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn í fiskvinnslu við námskeið Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar sem rekið er innan sjávarútvegsráðuneytisins. Þetta kom fram í máli Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra við setningu 25. þings Sjómannasambands Íslands í gær. Einar er sannfærður um að starfstengd íslenskukennsla fyrir erlent fiskvinnslufólk yrði til hagsbóta fyrir fiskvinnsluna og byggðarlögin í landinu í heild sinni.

Sjávarútvegsráðherra gerði veiðiráðgjöf og hafrannsóknir í víðum skilningi að umræðuefni sínu. Hann ræddi þar sérstaklega um þá umræðu sem á sér stað í alþjóðasamfélaginu um að banna botnvörpuveiði á úthöfunum. Íslensk stjórnvöld leggjast eindregið gegn slíku banni, „því yrði svona bann að veruleika er líklegast að fylgjendur þess færðust í aukana og beindu spjótum sínum að botntrollsveiðum í lögsögu ríkja.“ Einar ítrekaði þá skoðun sína að hann leggst gegn banni einstakra veiðarfæra en hvetur til þess að þeim sé beitt þannig að skaðsemi þeirra í lífríkinu sé lágmörkuð. Í þessu samhengi verða veiðarfærarannsóknir í miðstöð Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði efldar og telur ráðherra þær rannsóknir skipta miklu máli. **- shá**

FISKVINNSLA Einar K. Guðfinnsson telur koma til álita að hefja starfstengda íslenskukennslu í fiskvinnslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erlent vinnuafl – hagur allra

Morgunverðarfundur á Hótel Nordica, þriðjudaginn 28. nóvember, frá kl. 8.30 - 9.45.

Létt morgunverðarhlaðborð.
Verð 2.500 kr.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista og formaður Viðskiptaráðs Íslands, setur fundinn.

Erindi:
Jóhanna Waagfjörd, framkvæmdastjóri Haga: Mikilvægi erlends vinnuafls fyrir atvinnulífið.
Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, viðskiptalögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte: Dvalar- og atvinnuleyfi erlendra starfsmanna.
Páll Jóhannesson, forstöðumaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte: Skattlagning erlendra starfsmanna.

Fundarstjóri er **Margrét Sanders**, framkvæmdastjóri rekstrar Deloitte.

Vinsamlegast tilkynnið skráningu á vefsíðu Deloitte, deloitte.is, eða sendið póst á skraning@deloitte.is.


Erlendur Hjaltason

Jóhanna Waagfjörd

Þóra Margrét Þorgeirsdóttir

Páll Jóhannesson

Margrét Sanders

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Deloitte.

PIPAR • SÍA • 60816

MAX DÚNDUR VERÐ

249.999 kr.

10stk

40 tommur

Samsung LE40R71
- 40" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366 x 768 punktar
- DNIe stafræn myndtækni
- Skerpa: 5000:1
- Mynd í mynd (1 tuner)
- 2 Scart, HDMI, Component, PC (D-sub), Composite og SVHS
- Game mode

almennt verð ~~369.999~~

32 tommur

109.999 kr.

Thomson - 32LM051B6
- 32" HD LCD breiðtjaldsjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa:1.000:1
- 2x14w Nicam Stereo Hljóðkerfi
- 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi - VGA tengi

almennt verð ~~149.999~~

20 tommur

49.999 kr.

Dantax 20LCDB3
- 20" LCD Sjónvarp
- Upplausn: 640x480 punktar
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

almennt verð ~~64.999~~

59.999 kr.

20stk

Mjög fullkomin vél

Siemens WM14A280
- Rafeindastýrð þvottavél
- 1400 snúninga
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni B
- Stórt lúguop
- Hraðþvottakerfi
- Mjög fullkomin vél

almennt verð ~~84.999~~

44.999 kr.

20stk

Siemens SE23E23120
- Þriggja kerfa uppþvottavél
- Þvotthæfni A
- Þurrkhæfni B
- Orkunýting A
- Vatnsflæðivörn
- Toppplata fylgir

almennt verð ~~59.999~~

16.999 kr.

Funai DPVR7530D
- Fjölkerfa DivX DVD spilari
- 4 hausa myndbandstæki

almennt verð ~~18.999~~

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

FRÚARKIRKJAN Í DRESDEN Listamaðurinn Karl Feldmann lýsti upp Frúarkirkjuna í Dresden á föstudaginn. Haldið er upp á átta hundruð ára afmæli borgarinnar um þessar mundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Náttúrufræðingar hafa ekki fengið samningstengdar kjarabætur í eitt og hálft ár:

Vonlitlir um samkomulag

VINNUMARKAÐUR Náttúrufræðingar, sem hafa verið í viðræðum við launanefnd sveitarfélaga, eru vonlitlir um að gengið verði frá endurskoðun kjarasamninga. Deilan hefur verið hjá ríkissáttasemjara í nokkra mánuði en engar viðræður eru í gangi.

Ína Hjálmarsdóttir, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga, telur að náttúrufræðingar verði að sækja hækkanir með öðrum hætti en gegnum kjarasamning. „Það er alltaf möguleiki að semja betur í ráðningarsamningi en kjarasamningar segja til um," segir hún.

Kjarasamningur náttúrufræðinga er frá 2001. Eitt og hálft ár er síðan endurskoðun hans átti að fara fram. Ína telur allar líkur á því að ekki verði gengið frá neinni endurskoðun á samningnum og þar með gildi gamli samningurinn áfram.

ÍNA HJÁLMARSDÓTTIR „Við getum ekki gengið frá samningi sem þýðir skerðingu fyrir hluta af okkar félagsmönnum," segir Ína Hjálmarsdóttir, formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga.

Hún bendir á að náttúrufræðingar hafi ekki fengið neinar samningstengdar kjarabætur í eitt og hálft ár og fái ekki meðan ekki hefur náðst samkomulag um endurskoðunina. Tilboð hafi borist en „við getum ekki gengið frá samningi sem þýðir skerðingu fyrir hluta af okkar félagsmönnum," segir hún.

Fundur samninganefnda verður líklegast boðaður fyrir jól. **- ghs**

Evrópusamtök atvinnulífsins:

Sveigjanleiki verði aukinn

VINNUMARKAÐUR Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur kynnt grænbókina sem ætlað er að auka umræður og skoðanaskipti um þróun evrópskrar vinnumarkaðslöggjafar í þá átt að tryggja sveigjanleika á markaði.

Á vef Samtaka atvinnulífsins er sagt frá gagnrýni forseta Evrópusamtaka atvinnulífsins, sem segir að þrátt fyrir tilraunir í gagnstæða átt, einblíni græna skjalið of mikið á hvernig hægt sé að viðhalda núverandi störfum. Í staðinn ætti að leita leiða til þess að greiða fyrir sköpun nýrra starfa með auknum sveigjanleika á vinnumarkaði. **- ghs**

INGÓLFSFJALL Kröfu um ógildingu á framkvæmdaleyfi til efnistöku úr fjallinu hefur verið hafnað.

Ingólfsfjall:

Áframhaldandi efnistaka leyfð

UMHVERFISMÁL Efnistaka úr Ingólfsfjalli verður leyfð áfram í samræmi við áður útgefið framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið Ölfus gaf út.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur hafnað kröfu Landverndar og Náttúrusamtaka Suðurlands um ógildingu á framkvæmdaleyfi til efnistöku úr fjallinu.

Meginrök sveitarfélagsins fyrir útgáfu framkvæmdaleyfisins er hugsanlegur efnahagslegur ávinningur af efnistökunni. Sveitarfélagið leggur áherslu á að reglum hafi verið fylgt og lögbundinna álita leitað áður en leyfið var gefið út. **- hs**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Innbrot Bolungarvík

Brotist var inn í skrifstofuhúsnæði í Bolungarvík aðfaranótt sunnudags. Að sögn lögreglu var engu stolið en töluverðar skemmdir unnar á dyrum og tölvubúnaði. Málið er í rannsókn.

Biðin veldur röskun og reddingum

Kolfinna Dofradóttir hefur beðið í 14 vikur eftir að komast að á frístundaheimili og ekki sér fyrir endann á biðinni. Nýleg könnun ÍTR sýnir að 62 prósent foreldra barna sem bíða segja biðina hafa haft mikla röskun í för með sér.

FRÍSTUNDAHEIMILI Kolfinna Dofradóttir, sjö ára nemandi í Foldaskóla í Grafarvogi, hefur nú beðið í fjórtán vikur eftir plássi á frístundaheimili og er hún ein þeirra 79 barna sem enn bíða eftir vistun á frístundaheimilum í Reykjavík.

Nýleg könnun sem ÍTR lét gera á aðstæðum þeirra barna sem bíða eftir plássi á frístundaheimili sýnir að 31 prósent barna er eitt heima þegar skóladegi lýkur. Flest þessara barna eru sjö og átta ára gömul en könnunin náði til 114 barna. Könnunin sýnir að 21 prósent barna er hjá foreldrum sínum, átján prósent barna eru hjá afa, ömmu eða öðrum skyldmennum, átta prósent eru í pössun, sjö prósent hjá eldri systkinum, og fjögur prósent í vinnu með foreldrum sínum. Þá segja 62 prósent foreldra bið eftir plássi á frístundaheimili hafa mikla röskun í för með sér.

Foreldrar Kolfinnu eru Dofri Hermannsson og Arndís Steinþórsdóttir og segir Dofri þau vera heppnari en marga aðra í svipaðri stöðu þar sem foreldrar hans búi í húsinu. „Þá er Katrín, eldri dóttir okkar, stundum heima eftir skóla og getur litið eftir Kolfinnu þar til við komum heim en þetta er mikið púsluspil og streituvaldur," segir Dofri en bætir við að reddingarnar lendi mest á konu hans.

„Við hjónin komum heim úr námi í haust og þegar vitað var að dóttir okkar fengi ekki heilsdagsvistun ákvað Arndís að taka að sér kennslu því henni fylgir ákveðinn sveigjanleiki. Það má því segja að staðan í vistunarmálum hafi ráðið til um núverandi starf Arndísar sem stundum tekur Kolfinnu með sér í vinnuna eða vinnuna með sér heim. Hver dagur gengur út á símfelldar reddingar og álag og það verður mikill léttir þegar Kolfinna kemst að á frístundaheimili."

BEÐIÐ EFTIR FRÍSTUNDAHEIMILI Dofri ásamt dætrum sínum Katrínu og Kolfinnu en Kolfinna hefur beðið eftir plássi á frístundaheimili í fjórtán vikur.

Dofri og Arndís hafa engin svör fengið um það hvenær Kolfinna kemst að en nú hafa fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarstjórn komið með þá tillögu að kannað verði hvort börn geti deilt með sér plássi. Þessi tillaga kemur í kjölfar könnunar sem sýnir að margir foreldrar þurfi ekki fulla vistun fyrir börn sín.

Dofri segir að það myndi bjarga miklu ef Kolfinna fengi plass á frístundaheimili tvo til þrjá daga í viku. „Bæði myndi það létta áhyggjum af okkur hjónum og stelpan fengi einnig fleiri tækifæri til að vera með jafnöldrum sínum."

Dofri segist mjög ósáttur við framgöngu meirihlutans í málefnum frístundaheimilanna og að vinna í málaflokknum hafi hafist of seint. „Björn Ingi Hrafnsson athafnastjórnmálamaður tók sér langt frí í sumar og haust í stað þess að ganga beint í mönnunarmál á frístundaheimilum en það var fyrirsjáanlegt að langan tíma tæki að manna stöðurnar og að það myndi leiða til biðlista."

Dofri bendir á að í fyrra hafi þáverandi meirihluti gripið til þess ráðs að hækka laun starfsmanna á frístundaheimilum en ekkert slíkt hefði verið uppi á teningnum í haust. **hugrun@frettabladid.is**

Vegaframkvæmdir:

Lægri kostnaður við Nesbraut

SAMGÖNGUR Framlag til byggingar mislægra gatnamóta á mótum Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar verður fært til, samkvæmt nýju frumvarpi fjármálaráðherra, og verður fjárveitingu skipt á tvö ár; í stað 600 milljóna á næsta ári fari 400 milljónir í verkið á næsta ári og 200 milljónir á þarnæsta ári. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að framkvæmdin við Nesbraut sé minna verkefni en áætlað hafi verið í upphafi. Fjárveiting til verksins hafi verið hærri samkvæmt samgönguáætlun en nú sé fyrirsjáanlegt að kostnaðurinn verði minni. Ef uppgjör verksins verði undir fjárveitingum fari afgangurinn í önnur verkefni á samgönguáætlun. **- ghs**

STURLA BÖÐVARSSON

Varnarmálaráðherra Dana:

Gagnrýnir NATO-ríki

KAUPMANNAHÖFN Søren Gade, varnarmálaráðherra Dana, hefur gagnrýnt nokkur aðildarríki NATO fyrir að skorast undan ábyrgð í Afganistan, að sögn Politiken.

Bretar og Kanadamenn hafa áður gagnrýnt Þjóðverja, Ítali og Spánverja fyrir að hafa sína hermenn einungis í norðvesturhluta Afganistans, en hann er mun friðsælli en suðurhluti landsins. „Öll lönd ættu að leggja sitt af mörkum." segir Søren. Danskir hermenn í Suður-Afganistan eru 290 talsins og á að fjölga í þeirra röðum á næstunni.

Alls eru 32.000 hermenn á vegum NATO í landinu og hafa 3.700 fallið í átökum á þessu ári, flestir þeirra afganskir þegnar.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Skíðasvæði Ísfirðinga í fjárhagserfiðleikum:

Svæðið lokað þrátt fyrir snjó

ÍSAFJÖRÐUR Þrátt fyrir nægan snjó er útlit fyrir að skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal verði ekki opnað fyrr en eftir áramót vegna þess að reksturinn er þegar kominn umfram áætlun.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri segir að rekstur skíðasvæðisins sé kominn tveimur milljónum fram úr áætlun fyrir árið og því verði að koma til aukafjárveiting eigi að opna svæðið fyrir áramót.

Kostnaður bæjarfélagsins vegna reksturs skíðasvæðisins á þessu ári nemur 26,7 milljónum. „Tekjurnar voru einungis þrjár milljónir en það skýrist fyrst og fremst af því að mjög lítill snjór var á svæðinu síðasta vetur," segir Halldór.

Halldór fundaði með fulltrúum Skíðafélagsins sem sögðust reiðubúnir til að leggja fram vinnu við opnun svæðisins og segist Halldór hafa lýst yfir vilja bæjarstjórnar til þess að stuðla að því að svo geti orðið.

Að sögn Jóhanns Torfasonar, forstöðumanns skíðasvæðisins, væri hægt að opna svæðið innan fáeinna daga fengist til þess fjárveiting. **- sda**

SKÍÐASVÆÐI ÍSFIRÐINGA Í TUNGUDAL Ekki er víst hvort hægt verði að opna svæðið fyrir áramót því reksturinn er farinn fram úr fjárheimildum.

MAX DÚNDUR VERÐ

PC PS2 PSP LEIKIR

2.299 kr.

almennt verð 2.999

Sims 2 Pets
PC Uppbyggingarleikur

2.499 kr.

almennt verð 2.999

Dawn of War Dark Crusade
PC Hernaðarleikur

3.499 kr.

almennt verð 3.999

Fifa Manager 07
PC Fótboltaleikur

2.999 kr.



almennt verð 3.999

Neverwinter Nights 2
PC Hlutverkaleikur

2.999 kr.



almennt verð 3.999

Medieval Total War 2
PC Hernaðarleikur

2.999 kr.

almennt verð 3.499

Family Guy
PS2 Platformleikur

4.999 kr.

almennt verð 5.799

Canis Canem Edit
PS2 Hasarleikur

2.999 kr.

almennt verð 3.999

Buzz! Sports Quiz
PS2 Spurningaleikur

3.599 kr.

almennt verð 4.499

Bratz Forever Diamondz
PS2 Platformleikur

3.499 kr.

almennt verð 3.999

Justice League Heroes
PS2 Hasarleikur

3.999 kr.

almennt verð 4.499

Sopranos
PS2 Hasarleikur

3.999 kr.

almennt verð 4.999

Scarface
PS2 Hasarleikur

3.499 kr.

almennt verð 5.499

Destroy All Humans 2
PS2 Hasarleikur

4.999 kr.

Buzz! Junior
Jungle Party
PS2 leikur
með buzzerum

almennt verð 5.999

4.999 kr.

almennt verð 5.999

Fifa 07
PS2 Fótboltaleikur

4.999 kr.

almennt verð 5.999

Need for Speed Carbon
PS2 Bílaleikur

2.999 kr.

almennt verð 3.999

EyeToy Play Sports
PS2 leikur

3.999 kr.

almennt verð 4.999

Gangs of
London
PSP
Hasar-
leikur

Scooby Doo Who's
Watching Who

3.999 kr.

almennt verð 4.999

4.399 kr.

almennt verð 4.999

GTA Vice City Stories
PSP Hasarleikur

3.799 kr.

almennt verð 4.999

Medal of Honor Heroes
PSP Skotleikur

3.899 kr.

almennt verð 4.999

LocoRoco
PSP Þrautaleikur

3.999 kr.

almennt verð 4.999

Sims 2 Pets PC
Uppbyggingarleikur

3.899 kr.

almennt verð 4.999

Killzone Liberation
PSP Skotleikur

3.499 kr.

almennt verð 4.999

Battlefield 2142
PC Skotleikur

3.999 kr.

almennt verð 4.999

Company of Heroes
PC Hernaðarleikur

3.999 kr.

almennt verð 5.499

WWE Smackdown
vs Raw 2007
PS2 Slagsmálaleikur

3.499 kr.

almennt verð 4.499

Bionicle Heroes
PS2 Hasarleikur

3.999 kr.

almennt verð 4.999

Tekken Dark Resurrection
PSP Slagsmálaleikur

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

ELDHRINGUR Þessi indverski hermaður sýndi listir sínar á hátíð hermanna í Bangalore á Indlandi á föstudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjórir menn slösuðust í sprengingum um helgina:

Nýjar jarðsprengjur í Líbanon

BEIRÚT, AP Tveir evrópskir sprengjusérfræðingar misstu hvor sinn fótinn og líbanskur læknir slasaðist er þeir stigu á jarðsprengju nálægt þorpinu Deir Mimas á föstudaginn. Fjórði maðurinn, Breti, missti fótlegg daginn eftir á svipuðum slóðum. Að mati sprengjusérfræðinga Sameinuðu þjóðanna er því ljóst að hermenn Ísraelsríkis lögðu jarðsprengjur að nýju í suðurhluta Líbanons í sumar, en það gerðu þeir einnig í átján ára langri hersetu þar, sem lauk árið 2000. Sprengingar helgarinnar urðu á svæði sem hafði áður verið hreinsað upp.

Mennirnir sem slösuðust á föstudaginn reyndu að koma geitahirði til aðstoðar, sem var strandaglópur á nýju ómerktu jarðsprengjusvæði, eftir að ein geita hans drapst við sprengingu. Sérfræðingarnir höfðu unnið fyrir breskt fyrirtæki við að fjarlægja sprengjur síðan í september. Hirðirinn slapp ómeiddur.

Suður-Líbanon er enn undirlagt af klasasprengjum Ísraelsmanna síðan í sumar. Talið er að ein milljón þeirra liggi þar enn, en ekki var vitað til þess að jarðsprengjum hefði einnig verið komið fyrir. Sprengjusérfræðingar eru önnum kafnir við hreinsunarstörf og bændur bregða gjarnan til þess áhættusama ráðs að hreinsa haga sína sjálfir, frekar en að bíða eftir aðstoð frá þeim. **- kóþ**

LÍBANSKUR DRENGUR Þessi piltur aðstoðar föður sinn og sprengjusveit Sameinuðu þjóðanna við að hreinsa upp eftir Ísraelsher í Líbanon.
NORDICPHOTOS/AFP

Breska ríkisstjórnin:

Vatn grundvallarmannréttindi

MANNRÉTTINDI Breska ríkisstjórnin viðurkennir nú að aðgangur að vatni tilheyri grundvallarmannréttindum en það er breyting frá fyrri stefnu hennar. Bretar hvetja aðrar ríkisstjórnir til þess að viðurkenna líka vatn sem grundvallarréttindi fólks. Á vef BSRB segir að vonandi verði þessi ákvörðun Breta til þess að auðvelda stjórnarskrárnefndinni hér heima að gera upp hug sinn, en fyrir nefndinni liggur álit frá bæði BSRB og þrettán öðrum félögum og landssamtökum um að litið verði á vatn sem grundvallarmannréttindi, ekki sem hverja aðra verslunarvöru. **- ghs**

ÓLÖGLEGAR VEIÐAR Hert eftirlit verður með löndunum á ólöglegum afla.
MYND/LHG

Ársfundur NEAFC:

Eftirlit með löndunum hert

SJÁVARÚTVEGUR Ársfundi Norð-austur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar, NEAFC, lauk í London nýverið. Á fundinum var meðal annars fjallað um verndun viðkvæmra hafsvæða og aðgerðir gegn ólöglegum og óábyrgum fiskveiðum.

Samþykktar voru á fundinum hertar reglur um opinbert eftirlit í höfnum við löndun afla. Í samhengi við gerð reglnanna um hafnaeftirlit var framkvæmd allsherjar endurskoðun á reglum NEAFC um eftirlit og aðgerðir gegn ólöglegum og óábyrgum fiskveiðum, með það að markmiði að gera þær einfaldari og aðgengilegri, og þar með skilvirkari. **- shá**

Tæpur mánuður er til jóla og jólamarkaðir opnaðir víða á höfuðborgarsvæðinu:

Ekki föndur heldur list

MARKAÐUR Um helgina opnaði Bjarkarás, sem er hæfingarstöð fyrir fólk með þroskahömlun, árlegan jólamarkað sinn. Að sögn Þórhildar Gunnarsdóttur forstöðuþroskaþjálfa gekk markaðurinn vonum framar.

„Það er búið að vera rosalega mikið að gera hjá okkur og þegar ég kom rétt fyrir hádegi var biðröð af fólki sem beið eftir að komast inn“, segir Þórhildur. Þetta er í fjórða skiptið sem jólamarkaðurinn er haldinn í Bjarkarási og verður stærri með hverjum jólum.

Til sölu voru fallegir hlutir úr gleri, leir og tré og fer allur peningaágóðinn af jólamarkaðnum til styrktar starfsemi þeirra.

„Við leggjum mikla áherslu á sköpun og þjálfun allan ársins hring fyrir vangefna og er þessi jólamarkaður sniðugur vettvangur fyrir þroskahefta til að sýna list sína,“ segir Þórhildur. „Enda er þetta ekki föndur heldur list.“ **- óhó**

ÞÓRHILDUR GUNNARSDÓTTIR Ein af skipuleggjendum jólamarkaðs Bjarkaráss segir mikla áherslu lagða á sköpun.

MIKIL STEMNING Fjöldi fólks lagði leið sína í Bjarkarás um helgina.

FALLEGIR MUNIR Handgerðir munir voru til sölu á jólamarkaðinum, þar á meðal blómavasi og glerskálar.

Postulín sem gleður – Pillivuyt

Aðalfjörið hefst í desember

MARKAÐUR Hið árlega jólaþorp á Thorsplaninu í Hafnarfirði var opnað um helgina. Lúðrasveit spilaði vel valin lög, jólasveinarnir kíktu í heimsókn ásamt Sollu stirðu sem heilsaði upp á börnin. Jólaþorpið er útimarkaður sem minnir á gamla tíma og rak Fréttablaðið augun í einn bás sem Jón Ásgeir Ríkharðsson rekur.

Hann er hæstánægður með viðbrögð fólks á fyrsta degi jólaþorpsins. „Það er búið að vera stórfínt að gera en aðalfjörið hefst þegar desember byrjar,“ segir Jón Ásgeir.

Þetta eru fjórðu jólin sem Jón er með bás í jólaþorpinu og má fastlega búast við því að hann komi aftur næstu jól. Jón selur ilmkerti ásamt húðvörum og baðvörum úr Dauðahafinu. „Ég er búinn að fá rosalega góð og sterk viðbrögð frá fólki. Við seljum ilmkertin einnig í Bónus og þar eru menn hæstánægðir með þessar vörur líka.“

Jón Ásgeir er ánægður með framtak Hafnarfjarðarbæjar að hafa jólaþorpið og má með sanni segja að það hafi sett sterkan svip á Hafnarfjörðinn. **- óhó**

JÓN ÁSGEIR RÍKHARÐSSON Uppáhaldssölumaður Jóns Ásgeirs er dóttir hans sem er með honum á myndinni.

JÓLAINNKAUPIN Margir gerðu sín fyrstu jólainnkaup í jólaþorpinu um helgina.

VINKONUR Í JÓLAÞORPINU Þessar hressu stelpur létu sig ekki vanta í jólaþorpið.

MAX DÚNDUR VERÐ

DVD TÓNLIST

1.999 kr.

almennt verð 2.999

U2 18 Singles - DVD

1.999 kr.

almennt verð 2.999

U2 Zoo TV - DVD

2.499 kr.

almennt verð 3.299

1.999 kr.

almennt verð 2.999

Robbie Williams - And Through it All- DVD

1.999 kr.

almennt verð 2.999

Jamiroquai - High Times - DVD

1.999 kr.

almennt verð 2.799

George Micheal - Twenty Five - DVD

2.499 kr.

almennt verð 3.299

DVD+CD

1.999 kr.

almennt verð 2.499

Nirvana - Live Tonight - DVD

1.899 kr.

almennt verð 2.699

Depeche Mode - Touring the Angel - DVD

2.499 kr.

almennt verð 3.299

Pink Floyd - Pulse - DVD

DVD

1.999 kr.

almennt verð 2.999

2.999 kr.

almennt verð 3.999

Eagles - Farewell Tour



1.999 kr.

almennt verð 2.799

John Fogerty - The Long Road Home

DVD+CD

1.999 kr.

almennt verð 2.599

Stóra stundin ykkar

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

INDVERSKI FLUGHERINN SÝNIR LISTIR Flugmenn þessara Surya Kyran flugvéla máluðu himininn litum indverska fánans á flugsýningu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Markmið Landsbókasafnsins að allur dagblaðakostur Íslands verði á netinu:

Tólf milljónir til safnsins

MENNTAMÁL Landsbókasafn Íslands - háskólabókasafn fær tólf milljóna króna fjárveitingu á fjárlögum árið 2007, yfir þriggja ára tímabil, til að koma íslenskum dagblöðum á stafrænt form og birta þau á internetinu.

Átta milljónir af þessum tólf fara í kaup á nýjum skanna, sem meðal annars verður notaður til að skanna Alþýðublaðið, Dag, Tímann og Þjóðviljann inn á netið, segir Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður. Verkið verður unnið á Amtbókasafninu á Akureyri þar sem blöðin eru geymd. Hinar fjórar milljónirnar verða notaðar til að greiða ýmsan kostnað við verkefnið.

SIGRÚN KLARA HANNESDÓTTIR Landsbókavörður er ánægður með fjárveitinguna til Landsbókasafnsins sem notuð verður til að skanna íslensk dagblöð inn á internetið.

Um þessar mundir er Morgunblaðið eina dagblaðið sem er aðgengilegt á netinu, en starfsmenn Landsbókasafnsins hafa unnið að skönnun þess síðastliðin ár með styrk frá Árvakri, sem gefur blaðið út. Í vor veitti útgefandi Fréttablaðsins, 365, safninu styrk til að skanna blöð fyrirtækisins inn á netið og segir Sigrún að byrjað verði á því á næsta ári.

Að sögn Sigrúnar er markmið safnsins að koma öllum dagblaðakosti þjóðarinnar á stafrænt form og birta hann á netinu og verða þannig meðal fyrstu landa í heiminum sem nær því markmiði. Sigrún býst við því að verkinu verði lokið innan þriggja ára. Eftir það verða dagblöðin öllum aðgengileg. - ifv

Samgönguráðherra:

800 milljónir í Tröllatunguveg

SAMGÖNGUR Fjárveitingu í lagningu Tröllatunguvegar verður breytt, samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra, þannig að á næsta ári verður 200 milljónum varið í framkvæmdina og 600 milljónum árið 2008. Áður var fyrirhugað að skipta heildarfjárhæðinni jafnt milli ára. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að breytt fyrirkomulag á fjárveitingu breyti engu varðandi verklokin, þau verði á sama tíma og gert hafi verið ráð fyrir. „Framvindan verður hröðust árið 2008 og verkið klárast í árslok. Aðalatriði er að það klárist á réttum tíma.“ - ghs

Auglýsingar hjá Hagkaup:

Bækur ekki á uppgefnum afslætti

VERSLUN Hagkaup auglýsti bókina Eragon á 54 prósenta afslætti, á 2.970 krónur í stað 6.400 króna, en í Bókatíðindum er leiðbeinandi verð hins vegar 3.780 krónur og er afslátturinn miðað við það því 21 prósent. Að sama skapi er bókin Ballaðan um Bubba Morthens auglýst á 40 prósenta afslætti, en afslátturinn minnkar niður í 14 prósent sé miðað við verð Bókatíðinda.

„Þetta voru mannleg mistök,“ segir Sigurður Reynaldsson hjá Hagkaup. „Þetta var innanhússklúður hjá okkur.

Við hringdum í prentsmiðjuna en auglýsingin var þá þegar farin í prentun. Við erum ekki þekktir fyrir einhverjar hókus pókus-brellur hér.“ - vg

Alvarlegum umferðarslysum vegna fíkniefnaaksturs fjölgar í Evrópu:

Fíkniefnaskimun mun aukast

UMFERÐARMÁL Alvarlegum umferðarslysum vegna ölvunaraksturs hefur fækkað mikið í Evrópu á undanförnum áratug en á sama tíma hefur alvarlegum slysum vegna fíkniefnaaksturs fjölgað. Þróuð hefur verið tækni til að greina á vettvangi hvort ökumaður sé undir áhrifum fíkniefna. Lögregluyfirvöld á Íslandi hafa almennt ekki tekið slíkan búnað í notkun en það færist í vöxt. Í nýjum umferðarlögum er kveðið á um að greinist ökumaður undir áhrifum fíkniefna þá skuli hann undantekningarlaust sæta viðurlögum, óháð því magni sem neytt hefur verið.

Jón Sigfússon, forstöðumaður Rannsókna og greiningar í Háskólanum í Reykjavík, hélt erindi um fíkniefnaskimun á Umferðarþingi í gær. Þar kynnti hann margvíslegan búnað sem hefur verið þróaður til skimunar á vettvangi og hefur reynst afar áhrifaríkt greiningaraðferð gegn fíkniefnaakstri. Búnaðurinn er ódýr, öruggur og einfaldur í notkun og svipar til þungunarprófs. Hægt er að skima eftir öllum fíkniefnum í einu og niðurstaða fæst á aðeins tveimur til þremur mínútum.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að embætti ríkislögreglustjóra sé að undirbúa það að lögreglan fái skimunarbúnað en ekki hafi verið ákveðið hvaða tegund verði fyrir valinu. Hann segir að fastar verði tekið á fíkniefnaakstri innan skamms tíma með tilkomu slíks búnaðar. - shá

STÚTUR Fíkniefnaskimun í umferðinni verður tekin upp á Íslandi á sama hátt og fylgst er með áfengisneyslu. MYND/GETTY IMAGES

FRAMTÍÐIN Metanknúnum ökutækjum fjölgar stöðugt sem skapar forsendur til lagningar gasleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orkuveita Reykjavíkur:

Hefja gasflutninga um leiðslu

UMHVERFISMÁL Orkuveita Reykjavíkur hefur gengið til samninga við Ístak um lagningu gasleiðslu milli Álfsness og Ártúnshöfða. Þetta er fyrsta gaslögnin til almennra nota sem lögð er í Reykjavík um langt skeið en um þessar mundir eru fimmtíu ár frá því gasveita var lögð af í höfuðborginni.

Gaslögnin mun veita metangasi, sem framleitt er á athafnasvæði Sorpu í Álfsnesi, að áfyllingarstöð Olíufélagsins Esso við Bíldshöfða en nú er því ekið þangað á bílum. Fjölgun metanknúinna ökutækja, meðal annars sorpbíla og strætisvagna, hefur skapað forsendur til lagningar gasleiðslunnar. - shá

ÍRAK

Blóðbað í Bagdad 87 manns voru drepnir í Írak í árásum á föstudag. Blóðbaðið, sem ekkert lát var á um helgina, þykir varpa skugga á væntanlegan fund þeirra Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks og George W. Bush Bandaríkjaforseta.

24

flýttu þér hægt...

opið allan sólarhringinn...

- 10-11 Barónsstíg, Reykjavík
- 10-11 Hjarðarhaga, Reykjavík
- 10-11 Langarima, Reykjavík
- 10-11 Lágmúla, Reykjavík
- 10-11 Dalvegi, Kópavogi
- 10-11 Engihjalla, Kópavogi
- 10-11 Lyngási, Garðabæ
- 10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði
- 10-11 Kaupangi, Akureyri
- 10-11 Hafnargötu, Keflavík

10-11

...alltaf opið!

www.10-11.is

„ORÐRÉTT“

Of mikið

„Þetta eru náttúrulega gríðarlega miklar og hættulegar framkvæmdir en allt meira en núll er mikið“

ÞÓRÐUR GUÐMUNDSSON, FORSTJÓRI LANDSNETS, HARMAR BANASLYSIÐ Á FLJÓTSDALSHEIÐI Á LAUGARDAG.

Fréttablaðið, 26. nóvember.

Mistök

„Forsendurnar voru rangar og ákvarðanaferlinu ábótavant. Þessar ákvarðanir voru því rangar eða mistök.”

JÓN SIGURÐSSON, FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS, TALAR UM STUÐNING ÍSLANDS VIÐ ÍRAKSSTRÍÐIÐ Á FUNDI MIÐSTJÓRNAR FLOKKSINS Á LAUGARDAG.

Fréttablaðið, 26. nóvember.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HAUKUR MÁR HELGASON RITHÖFUNDUR

Málaði vegginn vinstrigrænan

„Lífið er afar hversdagslegt um þessar mundir. Ég er að kenna í Listaháskólanum og fer lítið út, en helstu fréttirnar eru að ég hitti Óttar Norðfjörð í gær sem sagði mér að bókin hans væri komin á metsölulista. Við hjá Nýhil erum nú að skipuleggja fleiri upplestrakvöld fyrir jól.“

Haukur Már gaf nýverið út skáldsöguna Svavar Pétur og 20. öldin, sem fengið hefur lofsamleg viðbrögð.

„Bókin var tekin sem skyldulesning í kúrs í bókmenntafræði, og þustu því 48 nýnemar í Nýhilbúðina til að kaupa hana.“

Haukur er nýbúinn að mála vegginn sinn grænan, en mun ekki njóta góðs af því lengi.

„Hann er frekar svona eiturgrænn en jólagrænn. En ég þarf að flytja um áramótin, bankarnir í landinu virðast vera að heimta til baka peningana sem þeir eru búnir að vera að lána fólki, og því þarf að breyta húsum í hótel til að hafa hærri rentur. Það hefur komið í ljós að fylgi vinstri grænna er ekki nema 25 prósent í miðbænum, það er væntanlega það fólk sem þarf nú að flytja upp í Breiðholt.“

SVÍAR:
TREYSTA IKEA BETUR EN KIRKJUNNI

Samkvæmt nýlegri könnun Dagens Industri treysta Svíar Ikea-búðinni sinni mun betur en kirkjunni. Heil áttatíu prósent aðspurðra sögðust treysta Ikea-búðinni en aðeins 46 prósent treysta kirkjunni sinni. Þó eru um áttatíu prósent Svía meðlimir í sænsku þjóðkirkjunni. Svíar virðast almennt treysta jarðneskum fyrirbærum betur en ímynduðum, þannig skoruðu fleiri fyrirtæki hærra en kirkjan: Volvo (69%), Ericsson (59%), Saab (57%) og jafnvel lyfjarisinn Astra Zeneca (47%).

SJÓNARHÓLL
ÍSLENDINGAR VINNA MEST EVRÓPUÞJÓÐA

Taumlaus efnishyggja

KRISTÍN STEINSDÓTTIR
Rithöfundur

Samkvæmt könnun sem nýlega birtist í sérblaði The Economist vinna Íslendingar langmest allra Evrópuþjóða, að meðaltali 47,1 klukkustund á viku. Noregur er hins vegar með fæstar vinnustundir á viku eða 39,4. „Þessi niðurstaða kemur mér ekki á óvart,“ segir Kristín Steinsdóttir rithöfundur. „Ég bjó í Noregi í nokkur ár og þar voru menn komnir heim upp úr fjögur, borðuðu middag um fimmleytið og áttu svo langt kvöld með fólkinu sínu. Á Íslandi er taumlaus efnishyggja í gangi og hún gengur fyrir öllu. Hér eignast menn jafnmörg eða fleiri börn en nágrannaþjóðirnar en hafa lítinn sem engan tíma til að hugsa um þau. Svo eru menn alveg undrandi og reka upp ramakvein þegar illa gengur. Þjóðfélagið er ófjölskylduvænt og því þarf að breyta, ekki seinna heldur strax!“

Mestu krummaskuð Íslands

Stundum er sagt að í landinu búi tvær þjóðir: Reykjavíkurpakk sem borðar snakk og stolt en kveinandi landsbyggðarlið. Í könnun í Fréttablaðinu nýlega kom fram að Akureyri þykir fallegasti bær landsins. Nú snúum við dæminu við. Spyrjum nokkrar cappuccino-sötrandi miðbæjarrottur hvert sé mesta krummaskuð landsins.

Hvað einkennir íslenska krummaskuðið? Fámenni, fábreytni og doði, jafnvel vondir straumar, sögðu viðmælendurnir. Enginn á ferli nema nokkrir vonlausir unglingar á örstuttum rúnti eða norpandi yfir engu í niðurníddri sjoppu. Landsmenn þekkja flestir þessa ímynd krummaskuðsins.

Mörgum viðmælendum þótti leiðinlegt að vera att út í að taka þátt í svona, sögðu að Ísland væri allt frábært og að það væri eflaust gott að búa alls staðar eins lengi og maður hefði eitthvað að gera. Sumir sem leitað var til neituðu beinlínis að taka þátt í könnuninni, sögðu að framtíð landsins lægi í hinum dreifðu byggðum og innan skamms yrði allt almennilega töff og kúl fólk flutt út á land og bara plebbar eftir í Reykjavík.

Niðurstöðurnar voru gífurlega fjölbreyttar. Svörin of margvísleg til að hægt sé að tala um vísindalega útkomu. Þó má segja að Reyðarfjörður hafi „unnið“, en alls voru 23 staðir nefndir. **gunnarh@frettabladid.is**

SIGURVEGARINN:

Reyðarfjörður
„Var þarna einu sinni á laugardagskvöldi og sá engan á ferli og bara ljós í tveimur gluggum.“
„Maður sér myndir af einhverjum fundum þarna þar sem eru bara fimm manns, og ekki verður þetta betra þegar leirfokið byrjar að plaga heimamenn.“
„Alltaf fundist þetta dapurlegur staður, en spurning hvernig hann þróast þegar álverið opnar.“
„Staðurinn er að missa allan sjarma eftir að álversdótið fór í gang. Þetta er að breytast úr klassísku sveitaþorpi í „wannabe“ stórborg og fólkið hagar sér eftir því.“

ÁTTA BÆIR MEÐ TVÖ ATKVÆÐI:

Bolungarvík
„Hnakkaparadís Vestfjarða.“
„Það eina góða við Bolungarvík er vegurinn til Ísafjarðar.“

Eyrarbakki
„Ein gata og þrjú hús – algjört krummaskuð.“
„Mér leið ógeðslega illa þarna. Viðbjóður.“

Garðabær
„Mjög flatur bær.“
„Geðveikt plebbalegt pleis.“

Grenivík
„Það er svo lítið að gera á Grenivík að þegar það flutti þangað borðtennisþjálfari, urðu allir nema þrír í bænum að borðtennisstjörnum.“
„Ég hef einu sinni keyrt þarna framhjá en þorði ekki inn í þorpið. Maður gæti verið étinn.“

Höfn í Hornafirði
„Þarna fann ég fyrir versta hugarfari sem ég hef upplifað á Íslandi, rasisma og kvenfyrirlitningu. Mjög vondir straumar og fólk fast í neikvæðni.“
„Ég lenti einu sinni í útistöðum þarna þegar ég var að keppa í körfubolta.“

Keflavík
„Það er akkúrat ekkert í frásögur færandi við þennan stað – mest óspennandi staður á Íslandi, ef ekki í heimi.“
„Ameríkst, en samt sveitó.“

FRÁ RAUFARHÖFN Bæjarbúar eru með sérmállýsku af því þeir eru svo afskekktir.

Raufarhöfn
„Þarna er hótelið eins og frystihús. Mig minnir að það sé gluggalaust. Kemst seint á póstkort!“
„Bæjarbúar eru með sérmállýsku af því þeir eru svo afskekktir. Ég kom þarna einu sinni daginn eftir sjómannadaginn og í sjoppunni voru þrjár kynslóðir heimamanna, þeir voru fullir og ósofnir, eða nývaknaðir og þunnir. Að heyra þá tala var algjört hillbillí.“

Vestmannaeyjar
„Alkatras-fangelsi Íslands.“
„Svar Íslands við Færeyjum. Það er eitthvað mikið að þegar tíu prósent bæjarbúa eru í sértrúarsöfnuðum brennandi þungarokksplötur. Svo kýs þetta fólk einhverja sorahala ofan á okkur hin.“

FRÁ BÍLDUDAL Ekki einu sinni hamborgara að fá þarna.

Fjórtán staðir með eitt atkvæði

Bíldudalur
„Maður fær ekki einu sinni hamborgara þarna, þetta rétt slefar í eina pylsu.“

Blönduós
„Maður neyðist til að keyra þarna í gegn en það er akkúrat ekkert sem biður mann um að stoppa.“

Búðardalur
„Dóttir fólksins sem er með vídeóleiguna í stofunni hjá sér, er með hárgreiðslustofuna inn af bakaríinu sem þau reka líka.“

Garður
„Þrjú hús í þéttbýli og fimm kílómetrar á milli hinna húsanna. Myrkur, stanslaust rok og þunglyndi.“

Grundarfjörður
„Bara viðbjóður. Fólkið var allt í gammósíum þar til gammósíur urðu kúl, þá fór það allt í jogging-galla.“

Hella
„Algjör eyðimörk og ótrúlega lítið spennandi.“

Hnífsdalur
„Úthverfi frá krummaskuði – er hægt að vera meira krummaskuð en það?“

Ólafsvík
„Lenti einu sinni þarna í partíi. Gestirnir voru frá 14 til 45 ára og allir gersamlega út úr heiminum af ölvun. Metallica á hæsta styrk í stofunni, 16 ára að hafa mök við 36 ára inni á klósetti þar sem vatn flaut um gólfið og að sjálfsögðu átti að berja vin minn, af því hann var „fáviti að sunnan“. Við fórum þegar Jói „kuti“ mætti til leiks.“

Patreksfjörður
„Svo dapurlegur staður að maður fær sting í hjartað. Öll húsin í bænum eru til sölu og ekkert í kaupfélaginu nema örvæntingafullar auglýsingar um skipti á húsi og kálgarði, liggur við.“

Reykhólar á Barðaströnd
„Þangverksmiðja, elliheimili og hálf matvörubúð.“

Seltjarnarnes
„Ekkert bíó, ekkert kaffihús... sem sé engin ástæða til að fara þarna.“

Siglufjörður
„Þarna brutust út verstu og viðbjóðslegustu slagsmál sem ég hef orðið vitni að. Ég hef aldrei orðið eins hræddur á ævinni, en þetta reyndist bara vera vikulegt sport í bænum.“

Víðihlíð
„Ég keyrði norður í sumar og í hvert einasta skipti sem við keyrðum framhjá byggð spurði ég jafnundrandi „Af hverju býr fólk hérna?“ Við stoppuðum svo í sveittan borgara í Víðihlíð. Í minningunni eru þrjú hús þarna og eina vinnan sem er að hafa er að afgreiða í sjoppunni.“

Vogar á Vatnsleysuströnd
„Það er þrúgandi dapurleiki yfir þessum stað enda er útjaðar bæjarins svínabú.“

Álitsgjafarnir tuttugu:

■ Björg Sveinbjörnsdóttir (Donna Mess) ■ Búi Bendtsen (útvarpsmaður) ■ Ceres 4 (pönkari) ■ Dóri DNA (rappari) ■ Elís Pétursson (í Jeff Who?) ■ Elísabet Ólafsdóttir (Beta Rokk) ■ Erpur Eyvindsson (rappari) ■ Ester Ásgeirsdóttir (í Singapore Sling) ■ Frosti Logason (í Mínus) ■ Helga Óskarsdóttir (myndlistarkona) ■ Hugleikur Dagsson (teiknari) ■ Jón Atli Helgason (í Hairdoctor) ■ Katrín Atladóttir (katrin.is) ■ Kormákur Geirharðsson (kaupmaður) ■ Margrét Hugrún Gústavsdóttir (blaðamaður)
■ María Reyndal (leikstjóri), Óskar Jónasson (leikstjóri) ■ Páll Óskar Hjálmtýsson ■ Rögnvaldur Rögnvaldsson (Hvannadalsbróðir) ■ Skjöldur Eyfjörð (verslunarmaður).

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ – Vel lesið

*Gallup maí 2006

FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI

HÁMARKS UPPLAUSN 1920x1080

PIXEL PLUS 2 HD

ambi light 2

HD ready

Philips 42PF9641D
42" Full HD 16:9 LCD SJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, 4.000:1 skerpu, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósum, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, Active Control og ljósskynjara, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með wOOx bassa, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, Audio inn/út, PC tenging gegnum HDMI (styður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 399.995
FULLT VERÐ **469.995**

Philips 42PF5331
42" HD Plasma BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ 199.995 HD ready
FULLT VERÐ **249.995**

Philips 42PF5421
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 239.995 HD ready
FULLT VERÐ **299.995**

Philips 42PF7621D
42" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Progressive Scan og Digital Natural Motion, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

PIXEL PLUS 2

TILBOÐ 299.995 HD ready
FULLT VERÐ **399.995**

TILBOÐ 34.995
FULLT VERÐ **39.995**

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra – Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

Philips HTS3115
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i, 2 framhátölurum á gólf, miðja, 2 litlir bakhátalarar og Bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum, SCART (með RGB) og HDMI tengi, Aux inn og fjarstýringu.

VERÐ 54.995
FRÁBÆRT VERÐ

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x og Xvi –Spilar Super Audio CD, CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

Philips HTS5000W
HEIMABÍÓSETT fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 500w (4x75w+2x100w RMS) Digital magnara, Progressive Scan, 5 hátalara og Bassaboxi, þráðlausri tengingu við bak-hátalara, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi og stöðvaminnum, Scart (með RGB), Component, SVHS og CVBS tengi, USB, Aux in, Digital Coax in og Line Out og fjarstýringu.

TILBOÐ 129.995
FULLT VERÐ **149.995**

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0 – Spilar Super Audio CD, CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

Philips HTS9800W
Glæsilegt HEIMABÍÓSETT með fjölkerfa DivX DVD SPILARA - það flottasta frá Philips! Með 800w RMS Digital magnara, Video Upsampling í 720p / 1080i, Progressive Scan, 6 hátölurum og bassaboxiþráðlausri tengingu við bak- og miðjuhátalara, Dolby Digital EX, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi og stöðvaminnum, Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, Aux in og Digital Coax in og fjarstýringu.

PHILIPS
LCD ALLAR STÆRÐIR

Heimilistæki
www.ht.is

REYKJAVÍK	AKUREYRI	SELFOSS
SÆTÚNI 8	GLERÁRGÖTU 36	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	480 3700

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

Svona erum við

> Ársávöxtun verðtryggðra skuldabréfa



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ALEXANDER LITVINENKO

Líf og dauði rússnesks njósnara

Rússinn Alexander Litvinenko, sem áður starfaði sem njósnari, lést á sjúkrahúsi í London í lok síðustu viku úr geislaeitrun. Aðstandendur hans segja rússnesk yfirvöld hafa eitrað fyrir honum, en stjórnvöld í Kreml hafa borið þann orðróm af sér.

Hver var Alexander Litvinenko?

Alexander Litvinenko var 43 ára gamall Rússi, sem nýverið fékk breskt ríkisfang. Hann hóf ungur störf innan leyniþjónustu Sovétríkjanna, KGB, og hélt þar áfram eftir að KGB varð að rússnesku leyniþjónustunni FSB eftir fall Sovétríkjanna. Hann átti þar skjótan frama.

Litvinenko er sagður hafa orðið ósáttur við Vladimir Pútín, þáverandi yfirmann sinn, seint á tíunda áratugnum, eftir að hafa mistekist að fletta ofan af spillingu innan FSB. Árið 1998 sakaði hann FSB opinberlega um að hafa ætlað að myrða kaupsýslumanninn Boris Berezovskí, flúði í kjölfarið land og fékk hæli í Bretlandi.

Af hverju gæti honum hafa verið byrlað eitur?

Litvinenko var þekktur fyrir harða gagnrýni sína á rússnesku leyniþjónustuna. Hann var höfundur tveggja bóka þar sem hann sakaði leyniþjónustuna um hryðjuverk og aðra glæpi. Hann staðhæfði meðal annars að rússnesk stjórnvöld hefðu banað yfir 300 manns með sprengju í fjölbýlishúsi í Rússlandi árið 1999 og kennt síðan tsjetsjenskum uppreisnarseggjum um til að hafa ástæðu fyrir að hefja stríð í Tsjetsjeníu.

Litvinenko veiktist 1. nóvember sl. eftir að hafa drukkið te með tveimur Rússum á hóteli í London og snætt hádegisverð á sushi-veitingastað ásamt Ítala sem á að hafa gefið honum upplýsingar um morð á rússnesku blaðakonunni Önnu Politkovskaju í október. Litvinenko og Politkovskaja voru vinir, og var Litvinenko að rannsaka morðið á henni.

Sjálfur sagðist hann trúa því að honum hefði verið byrlað eitur, og staðfestu bresk heilbrigðisyfirvöld á föstudag að geislavirka efnið pólóníum 210 hefði fundist í þvagi hans. Rússnesk yfirvöld neita hins vegar alfarið öllum ásökunum þar um og hafa farið fram á það við bresk yfirvöld að dauði Litvinenkos verði rannsakaður.

SPURT & SVARAÐ

GERVILIÐAAÐGERÐIR

ÞORVALDUR INGVARSSON
Framkvæmdastjóri lækninga á FSA.

Verkir og hreyfihömlun

Um 700 einstaklingar eru á biðlista eftir gerviliðaaðgerð og líðan þeirra slæm vegna stöðugra verkja. Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri lækninga á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, segir langflesta fá mikla bót af gerviliðaaðgerð þar sem þeir losni við verki og geti hreyft sig meira.

Hverjir fara í gerviliðaaðgerðir?

Þeir sem helst fara í þessar aðgerðir eru þeir sem hafa slitgigt í mjöðm og hnjám. Meðalaldurinn er í kringum sjötugt en dæmi eru um fólk allt niður í fimmtugt og upp í nírætt. Maður getur líka þurft á gervilið að halda ef maður er með liðagigt eða brotnar og liðurinn eyðileggst af öðrum sökum.

Hverjar eru afleiðingar biðar eftir aðgerð?

Ástæðan fyrir því að fólk fer í aðgerðina er fyrst og fremst verkir og hreyfihindrun þar sem viðkomandi á erfitt með að ganga, stíga upp og niður úr stól og slíkt. Afleiðingar af bið eru náttúrulega verkir sem fara mjög illa með fólk. Það sefur illa og verður þunglynt og kvíðið. Það getur þurft að taka verkjalyf, svefnlyf og bólgueyðandi lyf sem hafa náttúrulega aukaverkanir.

PRÓFRAUN Í AFGANISTAN Herþyrla svífur yfir Mas'um Ghar-herstöð NATO-herliðsins í Kandahar-héraði í suðurhluta Afganistans í gær. Framkvæmd verkefnis NATO í Afganistan er eitt helzta deilumálið á leiðtogafundi bandalagsins sem hefst í Riga á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Togstreita og stækkunarþreyta

Leiðtogafundur NATO hefst í Riga í Lettlandi á morgun. Togstreita um deilingu byrða, einkum og sér í lagi af hinu vandasama verkefni í Afganistan, og óeining um frekari stækkun bandalagsins munu setja mark sitt á fundinn.

Frá lokum kalda stríðsins fyrir hálfum öðrum áratug hefur Atlantshafsbandalagið smám saman verið að finna sér nýjan tilverugrundvöll. Hefur það einkum verið gert með því að opna raðir bandalagsins fyrir nýjum aðildarríkjum og með því að það taki að sér verkefni utan marka hefðbundins athafnasvæðis þess og verkefnasviðs.

En nú þegar leiðtogar aðildarríkjanna, sem eru orðin 26, safnast saman í lettnesku höfuðborginni Riga, virðist stuðningur við hvort tveggja – stækkun og aðgerðir „utan svæðis" – fara þverrandi. „Stækkunarþreyta" virðist þess í stað vera komin í bandalagið og tekizt er hart á um deilingu byrðanna af kostnaðar- og vandasömum, hættulegum aðgerðum eins og þeim sem í gangi eru í Afganistan.

„Stækkunarmálin verða örugglega ekki efst á baugi á leiðtogafundinum í Riga," sagði James L. Jones, aðalhershöfðingi NATO í liðinni viku.

Riga-fundurinn verður fyrsti leiðtogafundur NATO frá því Varsjárbandalagið var leyst upp, þar sem engu landi í Mið- og Austur-Evrópu verður boðin aðild.

Vorið 2004 fengu inngöngu sjö lönd, sem áður voru hluti af Austurblokkinni – Eistland, Lettland, Litháen, Slóvakía, Slóvenía, Rúmenía og Búlgaría. Það var umfangsmesta stækkunarlota bandalagsins frá upphafi, en árið 1999 gengu Pólland, Tékkland og Ungverjaland í bandalagið.

Þau fyrrverandi Austurblokkarlönd sem nú bíða þess að fá boð um NATO-aðild eru Albanía, Króatía og Makedónía, og fyrrverandi Sovétlýðveldin Úkraína og Georgía.

Stækkunarþreyta

Þótt bandarískir ráðamenn hafi þrýst á um aðild síðarnefndu landanna tveggja þykir ósennilegt að þeim verði gefin nein skuldbindandi fyrirheit um aðild að bandalaginu. Ein ástæðan fyrir því er dvínandi áhrif Bandaríkjamanna á stefnumótun bandalagsins, sem rekja má til deilnanna um Íraksstríðið og þeirrar stefnu núverandi Bandaríkjastjórnar að velja sér bandamenn eftir þörfum. Þessi stefna, sem Donald Rumsfeld, fráfarandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, orðaði svo: „The mission defines the coalition," hefur tvímælalaust grafið undan NATO og áhrifum Bandaríkjamanna á stefnumörkunina.

Hvað Úkraínu varðar flækir það líka málin að síðan í marz á þessu ári er þar við völd ríkisstjórn sem er klofin í afstöðunni til þess hvort fýsilegt sé fyrir landið að stefna inn í NATO. Flokkur Viktors Janúkovítsj forsætisráðherra vill halda í náin tengsl við Rússland frekar en að nálgast NATO frekar.

Hvað Georgíu varðar fara erindrekar í höfuðstöðvum NATO í Brussel ekki í neinar grafgötur um að sú mikla spenna sem ríkir í samskiptum Kákasuslýðveldisins við Rússland geri að verkum að bandalagið myndi hugsa sig tvisvar um áður en það byði því aðþrengda ríki aðild, vitandi að Rússar tækju það mjög óstinnt upp.

Af öðrum ríkjum í biðröðinni er Króatía álitin eiga bezta möguleika. Hernaðarleg aðlögun að stöðlum NATO er þar langt á veg komin og pólitískur stöðugleiki ríkjandi. Makedónía kæmi næst þar á eftir og Albanía þarnæst. Líklegt þykir að á fundinum í Riga verði í það minnsta einhverjum af þessum ríkjum veitt fyrirheit um að þau geti gert sér vonir um að fá inngöngu á árinu 2008. „Það er mjög mikilvægt að sýna að það sé engin stækkunarþreyta í bandalaginu," hefur AP-fréttastofan eftir Jamie Shea, yfirmanni stefnumótunarsviðs NATO.

Hugmyndir um „hnattrænt NATO"

Hugmyndir um að teygja raðir NATO út fyrir landfræðileg mörk Evrópu og Norður-Ameríku eru hins vegar mun umdeildari. Bandaríkjastjórn áréttaði fyrir Riga-fundinn að hún væri því hlynnt því að NATO byði Japan, Suður-Kóreu og Ástralíu til náins samstarfs, auk Svíþjóðar og Finnlands. „NATO verður að verða áfram Evró-Atlantshafsstofnun," sagði franski varnarmálaráðherrann Michele Alliot-Marie nýlega í grein í dagblaðinu Figaro. „Að breyta bandalaginu í hnattræna stofnun gæti ... grafið undan náttúrulegri samstöðu Evrópumanna og Norður-Ameríkumanna og útvatnað það," skrifaði Alliot-Marie.

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, hefur sagt að hugmyndin um NATO-aðild ríkja á borð við Japan og Ástralíu væri all fjarstæðukennd. En hugmyndin á sér áhrifamikla stuðningsmenn, líka í Evrópu.

„Við verðum að breyta því hvernig litið er á bandalagið landfræðilega og opna raðir þess fyrir þeim þjóðum sem deila gildum okkar, sem standa vörð um þau í reynd, og eru viljugar til að taka þátt í baráttunni gegn hugmyndafræði „heilags stríðs" herskárra múslima," skrifaði Jose Maria Aznar, fyrrverandi forsætisráðherra Spánar, í marz síðastliðnum. Hann mælti því með því að NATO byði Japan, Ástralíu og Ísrael aðild að bandalaginu.

„Þjóðverjar þurfa að læra að drepa"

Søren Gade, varnarmálaráðherra Danmerkur, gagnrýndi önnur bandalagsríki um helgina fyrir að víkja sér undan því að taka á sig sinn skerf af byrðunum af verkefni bandalagsins í Afganistan. 290 danskir hermenn eru í ISAF-fjölþjóðaherliðinu, sem NATO stýrir, í suðurhluta Afganistans þar sem það er stöðugt að lenda í bardögum við skæruliða talíbana. Áður hafa ráðamenn Bretlands og Kanada kvartað yfir því að Þjóðverjar, Ítalir, Spánverjar og Frakkar haldi sínum hermönnum í norður- og vesturhluta Afganistans, þar sem lítið hefur verið um vopnuð átök síðan innrásarlið undir forystu Bandaríkjamanna steypti talíbanastjórninni í landinu síðla árs 2001. Kanadískri varnarmálaráðherrann Gordon O'Connor sagði að hermenn þessara þjóða ættu framvegis að „vera með hvar sem er í Afganistan". Að sínu áliti verði þetta „aðalmálið í Riga".

Danir hafa samþykkt að verða við beiðni NATO um að senda liðsauka til Afganistans, en „öll aðildarríkin ættu að leggja sitt af mörkum," sagði Gade í viðtali við dagblaðið Politiken á laugardaginn. Hik hinna við að heimila að þeirra hermenn sinni líka hættulegustu verkefnunum grefur undan trúverðugleika NATO, að mati Gades.

Angela Merkel, kanzlari Þýzkalands, sagði á laugardag að Þjóðverjar væru staðráðnir í að leggja sitt af mörkum til að tryggja að verkefni NATO í Afganistan tækist vel. Þátttaka þýzkra hermanna í Afganistanverkefninu, svo og öðrum verkefnum langt „utan svæðis" NATO, er hins vegar viðkvæmt pólitískt deilumál í Þýzkalandi. Í þýzka vikuritinu Der Spiegel var í síðustu viku þessi vandi orðaður þannig, að krafa NATO væri sú að Þjóðverjar „lærðu að drepa". Eftir Ronald Neumann, sendiherra Bandaríkjanna í Afganistan, er haft að þýzkir hermenn ættu að taka þátt í bardögum í Suður-Afganistan og láta þar lífið, ef nauðsyn krefði. Þátttaka þýzkra hermanna í hernaðarverkefnum fjarri heimavelli er hins vegar nógu umdeild fyrir meðal þýzks almennings, þótt ekki bættist við að þeir stæðu í því jafnvel daglega „að drepa" herskáa heimamenn í Hindukush-fjöllum.

FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Loftljós
og veggljós í miklu úrvali
RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

Gefðu jólagjöf

Sem vex og vex og vex ...

Latabæjarhúfa í gjafaöskju fylgir

Gefðu inneign á Framtíðarreikning Glitnis og fáðu fallega Latabæjarhúfu í Latabæjaröskju í kaupbæti.*

Þú færð Framtíðarreikning í næsta útibúi Glitnis eða á **www.glitnir.is**.

Framtíðarreikningur Glitnis
– fyrir káta krakka með stóra drauma

- Bestu vextir sparireikninga bankans
- Auðvelt og þægilegt að spara reglulega
- Verðtryggður reikningur
- Bundinn þar til barnið verður 18 ára

GLITNIR

* 3.000 kr. lágmarksupphæð.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímamótafundur hjá Framsóknarflokknum:

Uppgjör Jóns

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins sem haldinn var um helgina verður talinn eftirminnilegur fyrir margra hluta sakir. Þar flutti Jón Sigurðsson, nýr formaður flokksins, sína fyrstu meiriháttar ræðu á vettvangi flokksins og kvað þar við annan tón á ýmsum sviðum, en hjá forvera hans. Reyndar nefndi Jón hann hvergi í opnunarræðu sinni og var hann þó handvalinn í núverandi embætti af honum.

Það sem mesta athygli vakti í ræðu Jóns Sigurðssonar var að sjálfsögðu það sem hann sagði um ákvarðanir íslenskra stjórnvalda á sínum tíma um málefni Íraks: „Þær byggðust á röngum upplýsingum. Forsendur voru rangar og ákvarðanaferlinu ábótavant. Þessar ákvarðanir voru því rangar eða mistök. Svonefndur listi um „staðfastar þjóðir“ var einhliða framsetning Bandaríkjastjórnar og hluti af þessari hörmulegu atburðarás,“ sagði formaðurinn í ræðu sinni.

Hann er reyndar ekki eini stjórnmálamaðurinn í heiminum sem segir þetta um þessar mundir, því sífellt fleiri stjórnmálamenn hafa viðhaft svipuð eða sömu ummæli, og einkum þó í aðdraganda kosninga í viðkomandi löndum. Menn vilja gjarnan skella skuld-

Forystumenn hins stjórnarflokksins verða líka að tala hreint út um málið. Það var undir forystu þeirra manns í ríkisstjórn sem þetta mál kom upp. Þeir þurfa því líka ekki síður en framsóknarmenn að taka til máls.

inni á rangar upplýsingar hjá leyniþjónustum, en það er alveg ljóst að það þarf að komast til botns í þessu máli bæði hér heima og erlendis. Það er ekki síst nauðsynlegt vegna ástandsins í Írak um þessar mundir. Það kann að hafa verið of dýru verði keypt að koma höndum yfir Saddam Hussein, þann ófyrirleitna einræðisherra, með innrásinni og menn hafa í blindni trúað öllu sem ráðamenn í Bandaríkjunum sögðu um málið í aðdraganda hennar.

Jón Sigurðsson sýnir kjark og dirfsku með því að tala hreint út um þetta mál á þann hátt sem allir skilja. En það er ekki nóg að hann tali hreint út, forystumenn hins stjórnarflokksins verða líka að tala hreint út um málið. Það var undir forystu þeirra manns í ríkisstjórn sem þetta mál kom upp, þeir þurfa því líka, ekki síður en Framsóknarmenn, að taka til máls.

Að undanförnu í aðdraganda prófkjara Sjálfstæðisflokksins, hefur Fréttablaðið beint spurningum um Íraksstríðið og aðdraganda þess til prófkjörskandídata Sjálfstæðisflokksins og fengið ýmis svör – sum mjög loðin svo ekki sé meira sagt.

Það væri hreinlegast og best fyrir alla, að öll spilin í þessu máli væru lögð á borðið og að fyrrverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra skýrðu frá því opinberlega í smáatriðum hver aðdragandi þessa máls var og gangur þess í stjórnkerfinu. Það væri öllum til góðs.

Þetta uppgjör Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins, um helgina eitt og sér verður varla til þess að rétta hlut flokksins í þeirri baráttu sem framundan er fyrir kosningarnar næsta vor. Því eins og hann sagði í ræðu sinni verður baráttan hörð: „Hún verður þrekvinna og langhlaup.“

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vill nýjan bústað

Svo virðist sem Svavar Gestsson, sendiherra Íslendinga í Danmörku, sé ekki sáttur við bústað sinn ytra. Hefur hann farið fram á heimild til að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn „og kaupa eða leigja annan hentugri“, eins og segir í breytingartillögu fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarpið. Vill hann búa í húsnæði sem er meira miðsvæðis. Við þetta vakna spurningar hvort það eigi að eltast við óskir sendiherra í þessum efnum, sem dvelja tímabundið í hverju landi. Það sem hentar einum er kannski óhentugt fyrir annan.

Einn með D-ið

„Það er þungt hljóðið í sjálfstæðismönnum sem maður talar við þessa dagana. Þeir eru í sjokki vegna Árna Johnsen. Óttast að fólk um allt land muni ekki kjósa D vegna ótta um að uppbótaratkvæði gæti ratað í Suðurkjördæmi og það því í raun að kjósa Árna Mathiejohnsen listann. Það stefnir í að Sjálfstæðisflokkurinn fari í sérframboð þessar kosningarnar. Skilji Árna eftir einan með D-ið,“ segir Róbert Marshall, verðandi þingmaður Samfylkingarinnar, á heimasíðu sinni. Nú vinnur hann fyrir Náttúrufræðistofnun og stefnir á að komast á sjóinn áður en kosningabaráttan hefst.

Stórmerkileg verslun

„ÁTVR er annar rekstur sem mér finnst að ríkið eigi ekki að standa í. Þarna er um hreinan verslunarrekstur að ræða sem einkaaðilar og fyrirtæki geta hæglega stundað á samkeppnismarkaði eins og í flestum öðrum löndum,“ segir Vilborg G. Hansen í pistli á Tíkin.is. „Það er eitthvað svo út úr kú að fólk þurfi að ákveða það með fyrirvara hvort það ætlar að drekka rauðvín með helgarsteikinni eða ekki. Nú eða að ef fólki langar í einn kaldan að það verði að bíða fram á næsta kvöld til þess að fá sér hann, af því það er hvergi vínbúð opin. Stórmerkilegt!“

Sjálfstæðisflokkurinn vill selja RÚV

Ofuráherslu Sjálfstæðisflokksins á að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi er erfitt að skilja út frá öðru en marglýstum vilja öflugra þingmanna til að selja það að lokum – að hluta eða öllu leyti. Einstakir þingmenn flokksins hafa beinlínis fagnað frumvarpinu á þeim forsendum að það sé fyrsta skrefið að sölu. Ég lít hins vegar svo á að öflugt almannaútvarp sé tryggasta vörnin gegn því að sterkir fjármagnseigendur einoki skoðanamyndun í landinu gegnum ofurtök á fjölmiðlamarkaðnum. Þess vegna vil ég efla ríkisútvarp, treysta innlenda dagskrárgerð einsog prýðileg drög Þorgerðar Katrínar menntamálaráðherra að þjónustusamningi gera ráð fyrir – en ég er andsnúinn hlutafélagavæðingu og sölu.

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
Í DAG | Ríkisútvarpið

Sölumenn Sjálfstæðisflokksins

Innan Sjálfstæðisflokksins hafa raddir um að selja RÚV verið háværar. Hugmyndamótor flokksins, Samband ungra sjálfstæðismanna, hefur árum saman boðað það fagnaðarerindi. Því hefur skolað inn á þing í frumvarpi um einkavæðingu RÚV, sem nokkrir þingmenn hafa flutt með leyfi þingflokks Sjálfstæðismanna. Í þeim hópi er til dæmis formaður menntamálanefndar. Hann hefur marglýst yfir á Alþingi að æskilegast sé að selja stofnunina. Hinum ungu tyrkjum frjálshyggjunnar mun berast öflugur liðsauki þegar yfirlýstir fylgjendur sölu á RÚV koma í raðir þingmanna flokksins eftir kosningar í vor.

Árið 1995 rak Sjálfstæðisflokkurinn heila kosningabaráttu sem af þeirra hálfu snérist aðallega um að selja Rás 2. Mér er ekki kunnugt um að flokkurinn hafi nokkru sinni kastað þeirri stefnu fyrir róða. Í því ljósi er athyglisvert, að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar segir hreint út, að eftir að stofnunin verði gerð að hlutafélagi beri henni ekki skylda til að reka nema eina útvarpsrás. Hvers vegna er þetta tekið sérstaklega fram – ef ætlunin er ekki að selja Rás 2? Rás 2 hefur verið vagga nýgildrar tónlistar. Þar hefur hún gegnt mikilvægu hlutverki sem engin einkareknu rásanna hefur sinnt með viðlíka hætti. Ég hef ekki tölu á því efnilega tónlistarfólki sem Rásin hefur fleytt fram – og sumt í kjölfarið borið hróður Íslands vítt um veröld. Hví ætti að selja hana?

„Öfugsnúin hugmyndafræði“

Stofnanir ríkisins, sem hafa beinan aðgang að opinberu fé lúta ekki sömu lögmálum og opinber fyrirtæki sem afla sér tekna á markaði. Færa má rök fyrir því að hlutafélagaformið henti þeim fyrirtækjum í ríkiseigu, sem ekki nota skattpeninga í rekstur. Það gegnir öðru máli um stofnanir sem alfarið eða að meginhluta eru reknar fyrir peninga skattborgaranna – einsog RÚV. Fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, sagði í athyglisverðum leiðara að þess vegna væri frumvarpið „frávik frá almennum leikreglum.“ Hann taldi það líklegt til að setja „í uppnám framtíðarsátt um ríkisrekið útvarp.“ Dómur Þorsteins var að hlutafélagavæðing RÚV fæli í sér „öfugsnúna hugmyndafræði.“

Samfylkingin hefur talað fyrir því að RÚV verði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Það form er einkaréttarlegs eðlis líkt og hlutafélög og gæfi stofnuninni aukið sjálfstæði og svigrúmið, sem Páll Magnússon útvarpsstjóri telur svo nauðsynlegt. Það er þekkt rekstrarform í almannaþjónustu sem situr að opinberu fé eða afmörkuðum tekjustofnum. Síðast en ekki síst gæti sjálfseignarformið skapað mikilvæga sátt um RÚV. Það gerir hins vegar illkleift að selja RÚV – sem skýrir andstöðu Sjálfstæðisflokksins.

Grasrótin í Framsókn

Framsóknarflokkurinn gerði á sínum tíma einbeitta samþykkt gegn því að RÚV yrði gert að hlutafélagi. Flokkurinn óttaðist, einsog ég, að það yrði fyrsta skrefið að sölu. Framsókn snarsnérist svo í málinu – einsog í Írak. Nú hefur áhrifamaður í Framsókn, Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi, marglýst því yfir að hann sé eindregið á móti frumvarpi Sjálfstæðisflokksins. Hann segir að meirihluti Framsóknarmanna sé andvígur því að frumvarp Sjálfstæðisflokksins um hlutafélagavæðingu RÚV verði samþykkt á Alþingi. Skyldi það vera einbeittur vilji forystu Framsóknar að ganga stöðugt gegn vilja grasrótarinnar eða ætlar hún loksins að setja sig aftur í jarðsamband við sitt eigið fólk? RÚV er prófsteinn á það.

Sjá þau virkilega eftir innrásinni?

UMRÆÐAN
Íraksstríðið

MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

Hundruð þúsunda liggja í valnum frá því að „hinar viljugu þjóðir“ og þar með talið Ísland stóðu að upphafi innrásarinnar í Írak. Enn fleiri búa nú við örkuml. Milljónir eru flóttafólk í stöðugum hrylling og ótta. Landið logar í borgarastyrjöld. Við í Frálslynda flokknum vöruðum mjög við þessari innrás á sínum tíma. Fyrir lágu nægar vísbendingar til að sjá að réttlætingin fyrir henni væri afar vafasöm. Einsýnt var að innrásin hleypti af stað voðaverkum sem enginn gæti séð fyrir endann á. Þrátt fyrir að Saddam væri skelfilegur harðstjóri sem þyrfti að koma frá, þá væri það verð sem greiða þyrfti fyrir innrásina í hörmungum alltof hátt til að hún réttlætti slíkt. Ekki mætti tengja nafn Íslands með neinum hætti við ólögmæta árás á fullvalda ríki. Nágrannaríki okkar í Evrópu komust mörg að þeirri niðurstöðu að innrásin væri ekki réttlætanleg. Nefna má NATO-ríkin Frakkland, Þýskaland og Noreg. Frá innrásinni hafa forystumenn ríkisstjórnarflokkanna hér á landi staðfastlega neitað að um mistök hafi verið að ræða þegar þeir lýstu yfir innrásarstuðningi fyrir Íslands hönd að þjóðinni og Alþingi forspurðu. Á dögunum flutti utanríkisráðherra ræðu sína um utanríkismál á Alþingi. Hún minntist þar hvergi á Íraksmálið. Þegar við í stjórnarandstöðunni tókum málið upp, var ekki að heyra eftirsjá í svörum Valgerðar.

Nú loks þegar um hálft ár er í kosningar lýsir formaður Framsóknarflokksins því yfir um helgina, að ákvarðanir stjórnvalda um innrásina hafi verið mistök. Einn fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd þingsins telur að taka hefði mátt ákvörðun um stuðning við innrásina með lýðræðislegri hætti en gert var. Það hefur tekið þetta fólk fjögur ár að sjá hið augljósa sem blasað hefur við frá upphafi. Spyrja má um einlægnina í þessum yfirlýsingum. Fjölmargir félagar þeirra neita að viðurkenna mistök. Mennirnir tveir sem eru sekir um ákvörunina um stuðning hafa síðar horfið úr forystu sinna flokka. En báðir verið verðlaunaðir af ríkisstjórninni með góðum stöðum annars staðar. Annar varð æðsti bankastjóri landins. Hinn er nú einn æðsti yfirmaður norræns samstarfs. Nei, þeir einu sem geta dregið ríkisstjórnarflokkana til ábyrgðar í þessu málið eru kjósendur og það eiga þeir að gera 12. maí næstkomandi.

Höfundur er þingflokksformaður Frjálslynda flokksins.

FROST EVENTS · BYLGJAN 989 · IH ICELANDAIR HOTELS · & ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS

kynna með stolti

The European Divas
Frostroses 2006

ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum, Drengjakór Reykjavíkur, sérstakri slagverkssveit, þekktum erlendum hljóðfæraleikurum og tæplega 60 manna stórhljómsveit Frostrósa skipaðri félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrum af okkar fremstu tónlistarmönnum.

STÆRSTU JÓLATÓNLEIKAR ALLRA TÍMA!

Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI 5. DESEMBER KL. 21:00

Vegna gífulegrar eftirspurnar: AUKATÓNLEIKAR – sama dag kl. 18:00

20% AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI Í LOKAÐRI FORSÖLU VISA
LÝKUR Í DAG, SUNNUDAG!

Forsalan stendur til kl. 22:00 í kvöld á www.frostid.is og www.midi.is. Einnig er tekið við pöntunum í gegnum síma milli kl. 10:00 og 17:00 í dag.
Símanúmer miðasölu eru 517 1001 og 517 1010

ATH! að afslátturinn gildir eingöngu á aukatónleikana kl. 18:00!

MIÐAVERÐ FRÁ KR. 5.900,-

ALMENN MIÐASALA Á AUKATÓNLEIKANA HEFST Á MORGUN KL. 10:00!

500 MIÐUM HEFUR VERIÐ BÆTT VIÐ Á TÓNLEIKANA KL. 21:00 OG ER ÞVÍ ENN HÆGT AÐ FÁ MIÐA Á ÞÁ TÓNLEIKA

MIÐASALA Á FROSTID.IS, MIDI.IS,
Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT Á LANDSBYGGÐINNI

Nýja Laugardalshöllin verður færð í sannkallaðan jólabúning
alls koma fram yfir 200 manns á risasviði!

Sérstakur heiðursgestur:
Petula Clark

Gestasöngvari:
Jóhann Friðgeir

Um meinta annarlega hagsmuni

UMRÆÐAN
Málverkamarkaður

Stóra málverkafölsunarmálið er merkilegt um margt. Ekki aðeins er það eitt dýrasta og lengsta mál íslenskrar réttarsögu heldur segir það sína sögu um aldarfar á Íslandi. Þrátt fyrir allt tal um hátt menntunarstig hér á landi og þannig vísað til meintrar víðsýni Íslendinga glittir furðu fljótt í heykvíslar og kyndla ef mönnum býður svo við að horfa. Landsmenn eru furðu fljótir að dæma þrátt fyrir fárveikar forsendur.

Á sínum tíma dæmdist á mig að fjalla fyrir Fréttablaðið um fölsunarmálið sem þá var rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem þingfest var 16. janúar árið 2003. Sem var mér ljúft og skylt enda ætið haft mikinn áhuga á myndlist og las listasögu í þrjú ár við HÍ. Ég, líkt og margir aðrir, tók mið af því sem birst hafði í ýmsum fjölmiðlum. Og taldi nánast formsatriði að sjá þessa hrappa, Pétur Þór Gunnarsson og Jónas Freydal, festa upp í næsta tré af röskum réttvísinnar mönnum – þeim Jóni H. B. Snorrasyni saksóknara og Arnari Jenssyni lögregluforingja.

Hins vegar varð mér það ljóst smám saman, þar sem ég mætti vikum saman samviskusamlega niður í sal 101, til að fylgjast með málarekstri og vitnaleiðslum, að það var alls ekki eins klippt og skorið ætla hefði mátt. Það var reyndar í henglum og verjendurnir höfðu úr nægu að moða. Svo virtist sem hlaupið hafi verið til af ákæruvaldinu og sett fram ákæra af undirlagi helsta kærandans, Ólafs Inga Jónssonar forvarðar, og síðan miðaðist rannsóknin við að sanna þá kæru. En horft fram hjá öllu því sem leitt gæti til sýknu sakborninga. Réttarhöldin snerust enda ekki um aðalefni ákærunnar, að sakborningar hefðu falsað og selt verk, heldur það hvort þau fjölmörgu verk sem voru til meðferðar væru yfirhöfuð fölsuð eða ekki! Eitt af öðru týndu verkin sem þóttu tæk sem fölsuð tölunni og svo fór að sakborningar fengu skilorðsbundinn dóm fyrir að hafa selt fimm verk og mátt vita að þau væru fölsuð. Af 102 verkum sem voru í upphafi máls. Reyndar taldi helsti kærandinn um að 900 fölsuð verk væru í umferð en Arnar Jensson, sem sneri við öllum steinum í bókahaldi Péturs Þórs, fann aldrei milljónirnar sem ætla hefði mátt að falsarinn mikli hefði haft upp úr krafsinu við sína vafasömu iðju. Ekki var svo mikið sem eitt sönnunargagn í málinu þess efnis að þeir hefðu falsað svo mikið sem eitt verk eða eina undirskrift sjálfir. Svo mjög fékk hinn „vægi“ dómur, sem féll í júlí 2003, á ýmsa að talað var um hneyksli. Samtök íslenskra myndlistarmanna mótmæltu dómnum! Og hvöttu Jón H. B. til að áfrýja. Öllum til furðu, nema kannski þeim sem lesið höfðu um málið í Fréttablaðinu, voru það hins vegar sakborningarnir sem áfrýjuðu málinu.

JAKOB BJARNAR GRÉTARSSON

Makalaus atvik áttu sér stað í réttarsal. Sérfræðingar ákæruvaldsins reyndust tengjast málinu á ýmsa lund á fyrri stigum. Má þar nefna listfræðinginn Kristínu Guðnadóttur og forvörðinn Viktor Smára Sæmundsson. Flest vitnin sem leidd voru fyrir réttinn voru greinilega ekki í nokkrum vafa um sekt sakborninga. Og komin þangað til að taka þátt í að refsa ódámum. Til dæmis kom sonur Svavars Guðnasonar til að vitna um að verk eftir faðir hans væru fölsuð. Hann fletti í gegnum stafla „Svavars-verka“ og úrskurði þau eitt af öðru fölsuð. En sækjandi hafði ekki gætt að sér því eitt verk eftir Svavar óumdeilanlega hafði óvart slæðst með í bunkann. Og var af syninum umsvifalaust dæmt falsað. Allt var þetta á eina lund. Þegar svo málinu var hent út úr Hæstarétti kvað svo rammt að fyrirframdómum að það hrökk upp úr löglærðum menntamálaráðherra í sjónvarpsviðtali eitthvað á þá leið að ljóst væri að þessir menn fengju ekki að höndla með listaverk eftirleiðis. Þó sýknaðir væru.

Nýverið tók ég viðtal við Pétur Þór og í kjölfarið poppar enn upp þetta þráláta viðhorf fyrirframdæmenda. Menn vilja ekki una niðurstöðunni. Og er það sjónarmið furðulega algengt en hollast er mönnum að sætta sig við að þeir höfðu einfaldlega á röngu að standa. Kannski voru það aðrir en Pétur og Jónas sem bera á því ábyrgð að málverkamarkaðurinn fór í niðursveiflu í kjölfar þess að málið kom upp. Í viðtalinu við Pétur kom meðal annars fram að nú er gríðarlegt framboð íslenskra verka í Danmörku. Sem þótti röksemd fyrir því þá, við upphaf málverkafölsunarmálsins, að fiskur lægi undir steini.

Í grein sem listmunasalinn Jóhann Ágúst Hansen skrifar og birtist í Fréttablaðinu 17. nóvember kallar hann viðtalið „auglýsingakynningu“ og í niðurlagi veigrar hann sér ekki við því að vega harkalega að starfsheiðri mínum. Þannig að varla verður við unað:

„Menn ættu að hafa það í huga í framtíðinni að Pétur og Jónas voru sýknaðir í seinna fölsunarmálinu af tæknilegum ástæðum og finnst mörgum að eiginleg niðurstaða hafi aldrei komið fram, hvort um falsanir hafi verið að ræða. Blaðamenn verða einnig að sýna þá ábyrgð að fjalla um málið á hlutlausan hátt og ekki sleppa þeim atriðum sem þeim finnst ekki henta sínum málstað.“

Vert er að benda á algenga rökvillu í því sem þarna kemur fram. Að málinu hafi verið hent út úr Hæstarétti vegna þess að sérfræðingar ákæruvaldsins þóttu ekki í lagi þýðir ekki að restin af málatilbúnaðinum hafi að öðru leyti verið skotheldur. Því fer reyndar fjarri.

Ég varð fljótlega var við, eftir að fréttir mínar af málinu fóru að birtast, dylgjur þess efnis að skrifin hlytu að vera á annarlegum forsendum. Svo vanir voru menn einstefnu í fréttaflutningi. Eitt og annað var reynt til að tengja mig við sakborninga en menn höfðu ekki erindi sem erfiði. Enda kom ég að þessu máli algerlega kaldur, hafði hvorki heyrt né séð sakborninga og fjallaði um það samkvæmt bestu samvisku. Dómarnir sem féllu eru eiginlega því til staðfestingar að skrifin voru í lagi. Og ég hlýt sem blaðamaður að gera alvarlegar athugsemdir við málflutning á borð við þennan þar sem talað er um að eitthvað henti ekki mínum „málstað“. Hvaða málstaður ætti það að vera?

Höfundur er blaðamaður.

Léttvínsbann hinna siðmenningarlausu

UMRÆÐAN
Áfengissala

RAGNAR HALLDÓRSSON

SÁÁ er einn af hornsteinum íslenzks samfélags. Því áfengissýki er einn skæðasti sjúkdómur manna og í áratugi hafa samtökin bjargað þúsundum úr klóm hans. En færa má rök fyrir því að ofstopafull afstaða sumra Íslendinga til áfengis í gegnum tíðina hafi gert illt verra í baráttunni við áfengisdrauginn.

Fjórtán alþingimenn, með Guðlaug Þór Þórðarsson í broddi fylkingar, lögðu 10. nóvember í fyrra fram frumvarp til breytinga á einkasölu ríkisins á léttvíni og bjór. Tillaga þessara heimsborgaralega þenkjandi stjórnmálamanna er sú að aðrir en ríkið geti tekið að sér sölu á léttvíni og bjór og að hægt verði að nálgast þessa vöru í verzlunum einkaaðila.

Fáar þjóðir eru jafn forpokaðar og Íslendingar á sviði áfengismála. Lengi vel treystu sumir alþingismenn ekki þjóðinni til að drekka vægasta form áfengra drykkja – bjór. Og bjór var bannvara eins og eiturlyf. En í staðinn hefur engum verið treyst til að selja þessa vöru hingað til nema embættismönnum ríkisins ásamt her starfsmanna á launum hjá fjármálaráðuneytinu!

Það er orðið svo löngu tímabært að hrófla við stalínízkri einokun hinnar grímuklæddu Vínbúðar, eða Áfengis og tóbaksverzlunar ríkisins, til bjór – og léttvínssölu að ég vil hvetja hugsandi fólk á Alþingi að veita þessari lífsstíls – og frelsishugmynd brautargengi. Það er í raun skammarlegt að þetta sjálfsagða litla frelsisspor hafi ekki löngu verið stigið.

Sumir stjórnmálamenn treysta fólkinu í landinu til að kjósa sjálfan sig á þing. En svo þegar þeir eru komnir á þing fara þeir að meðhöndla þetta sama fullorðna fólk eins og börn eða skríl. Bann við sölu á léttvíni og bjór annars staðar en á vegum ríkisins er því eins og angi af þeirri seindrepandi plágu á Alþingi Íslendinga að koma fram við fullorðið fólk eins og óvita. Fjórtánmenningarnir vilja með frumvarpi sínu hvetja aðra alþingismenn til að koma fram við Íslendinga eins og fullorðið og siðmenntað fólk.

Ef sú hugmynd sem felzt í frumvarpi fjórtánmenninganna fæst samþykkt verður það fljótlega talið jafn forneskjulegt og forpokað að líta til baka til einkasölu ríkisbáknsins á léttu áfengi og þeirra tíma þegar opnunartími verzlana var ekki frjáls, Ríkisútvarpið einokaði öldur ljósvakans og bjór var bannaður. Enda finnst flestum Íslendingum í dag ef til vill jafn fáránlegt að banna bjór og að banna bækur. Það er orðið beinlínis móðgandi og niðurlægjandi að bjóða upplýstum og siðmenntuðum Íslendingum upp á að kaupa þessa sjálfsögðu nútímavöru í einhverjum ríkisbúðum.

Hver vill ekki sjá beztu vínsérfræðinga og matgæðinga landsins opna sérverzlanir með sérstök léttvín og sælkerabjór eins og hefð er fyrir í flestum löndum Evrópu? Vínmenning er hluti af fjölbreyttri flóru menningarlegra lífsgæða eins og matarmenning, myndlist, arkitektúr, tónlist, tízka, leikhús og bækur. Hinir óþroskuðu og siðmenningarlausu eiga vafalaust erfitt með að skilja slík sjónarmið en heimsborgarar landsins eiga ekki að gefast upp fyrir þeim heldur reyna að útskýra þessi einföldu sannindi fyrir þeim í rólegheitum. Og til að kallast alvöru menningarríki þarf Ísland einfaldlega að kosta því til sem þarf. Þessi einokun hefur stuðlað að siðmenningarleysi og gert Ísland að fábreyttara og leiðinlegra landi en það þyrfti að vera.

Til eru þeir sem vilja banna öllum allt afþví tvö prósent fólks gæti valdið sjálfu sér skaða ef það væri leyft. Útskýra má fyrir þessu lata og hugmyndasnauða fólki að þótt bönn séu einföld og fljótleg lausn á blæbrigðaríkum úrlausnarefnum mannlífsins gera þau oft meiri skaða en gagn. Það eru óteljandi hlutar tilverunnar sem læra þarf að umgangast með gætni. Áfengi er einn þeirra. Íslendingar þurfa einfaldlega að læra að lifa með gæðum þessa heims á siðmenntaðan máta. Og það verður ekki gert með taugaveikluðum áfengisbönnum í tengslum við vægustu og siðmenntuðustu form áfengra drykkja. Þar sem traust elur af sér traust vil ég hvetja alla vel gefna alþingismenn til að styðja þá hugmynd sem felzt í frumvarpi fjórtánmenninganna. Þroskuð, frjálslynd og ábyrg afstaða til léttvíns og bjórs gæti jafnvel með tímanum minnkað skaðlegustu notkun áfengis og létt róðurinn í ómetanlegu starfi S.Á.Á.

Höfundur er kvikmyndagerðarmaður

GARÐFUGLARNIR KOMA AFTUR ÁR EFTIR ÁR

Margir hafa ánægju af því að setja upp fuglahús í garðinum til að fóðra smáfuglana

HÚS 2

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Ás	8-10
Árborgir	20
Atlas International	16
Draumahús	7
Fast. og fyrirtækjasalan	11
Hof	13
Lundur	18 - 19
Lyngvík	21
Lögmenn Suðurlandi	15
FMG	20
Remax Búi	11
Húsið	17
Valhöll	15
Viðskiptahúsið	12

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 27. nóvember, 331. dagur ársins 2006

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.34	13.15	15.56
Akureyri	10.39	13.00	15.20

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Karen segir kostina við að búa í Krókabyggð vera marga, þar sé meðal annars friðsælt og fallegt um að litast. FRÉTTABLADID/HEIÐA

Friðsælt og fallegt

Glæsilegt 183,2 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 47,6 fm bílskúr og verðlaunagarði að Krókabyggð 1 í Mosfellsbæ er nú til sölu.

„Það er alveg einstaklega gott að búa hérna, friðsælt og fallegt, þar sem stutt er í óspillta náttúruna," segir Karen Mellk, eigandi hússins, og bætir því við að húsnæðið sé enn fremur í góðu ásigkomulagi og krefjist lítils viðhalds.

„Ég hef litlar sem engar endurbætur þurft að gera á húsinu síðan ég tók við því," útskýrir Karen. „Bæði vegna þess að húsið er tiltölulega nýtt, byggt árið 1991, og svo er allur frágangur á því til fyrirmyndar."

Karen nefnir sem dæmi að allar innréttingar, skápar og hurðir séu sérsmíðaðar úr lerki. Þá er gegnheilt parket úr hlyn á gangi, stofu og öllum svefnherbergjum, granítflísar á anddyri, eldhúsi, báðum baðherbergjum og þvottaherbergi. Svo ekki sé minnst á innfellda halogenlýsingu í öllu húsinu og góða lofthæð. Er þá fátt upptalið.

Húsið er teiknað af Jóni Guðmundssyni arkitekt og innanhússarkitekt er Finnur P. Fróðason. „Skipulagningin er svo góð að engu líkara er en allt hafi verið gert til að auðvelda íbúunum heimilisverkin," segir Karen. „Svo er lögun herbergjanna skemmtilega öðruvísi, en sem dæmi er svefnherbergið sjö veggja!"

Þar að auki er gufubað inn af öðru baðherberginu og heitur pottur á lóðinni, svo ljóst er að í Krókabyggð 1 ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að finna sér gott afdrep til að slaka á.

Nánari upplýsingar fást hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs. *roald@frettabladid.is*

Aukning um milljarð

FJÖLDI ÞINGLÝSTRA KAUPSAMNINGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 17. NÓVEMBER 2006 TIL OG MEÐ 23. NÓVEMBER 2006 VAR 176.

Fasteignamarkaðurinn var líflegri í þessari viku en þeirri síðustu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Heildarveltan var 5.185 milljónir króna og er það aukning upp á rúmlega milljarð frá síðustu viku. Meðalupphæð samninga var 29,5 milljónir. Á sama tíma var heildarveltan 111 milljónir króna á Akureyri og meðalupphæð á samning 15,9 milljónir króna. Sjö kaupsamningum var þinglýst á Árborgarsvæðinu. Heildarveltan var 146 milljónir króna og meðalupphæð á samning 20,9 milljónir króna.
Vakin er athygli á að meðalupphæð kaupsamnings er ekki hægt að túlka sem meðalverð eigna og þar með sem vísbendingu um verðþróun. Þetta er vegna þess að hver kaupsamningur getur verið um fleiri en eina eign auk þess sem eignir eru misstórar, misgamlar og svo framvegis. *- tg*

Götusalt er ágætt að eiga í geymslunni. Þá er hálka á stéttum og tröppum ekki mikið vandamál. Hægt er að fá götusalt, eða þá sand, í byggingavöruverslunum.

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

4th floor hotel
4thfloorhotel
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is
Vetrartilboð
1. nóvember - 1. maí

4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is
1 manns herbergi kr. 5.900
2ja manna herbergi kr. 7.900
Hópar 10+ kr. 5.000 á mann
Helgarferð kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi
Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

Gæða hús handa þér
Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.
einingahús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

STIGAR OG HANDRIÐ
Við höfum lausnina, mælum, teiknum, smíðum og setjum upp
Á lager :
Beinir stigar - Loftastigar
Handlistar - Stólpar - Pílárar
Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

GA
SÉRSMÍÐAÐIR SÓFAR
EFTIR ÞÍNUM MÁLUM

Sími: 553-9595 www.gahusgogn.is Ármúla 19

Handrið og stigasmíði
Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fáanlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmíði.
Nýtt - glerpunkta-festingar 50mm
Q-Railing - Engin ratsuða - einfalt og snyrtilegt
Inni og úti handriða- og stigasmíði, 304 og 316 ryðfrítt stál
ATLANTSKAUP
Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup efh. Bæjarflot 6, 112 Reykjavík S:533-3700.

Einar Ó. Þorleifsson náttúrufræðingur gefur góð ráð um fóðrun garðfugla hjá Fuglavernd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Garðfuglarnir koma aftur ár eftir ár

Á veturna safnast oft litlir fuglar í garða þar sem fóður er að finna. Margir hafa ánægju af því að setja upp aðstöðu fyrir fuglana og fóðra þá, enda er það gott fyrir þessa smáfugla sem oft eiga erfitt uppdráttar í kuldanum.

Það eru margir sem fóðra garðfuglana sína ár eftir ár og hafa gaman að því þegar þeir koma í mat á veturna. „Helstu garðfuglarnir eru skógarþrestir, tittlingar og starrar sem koma reglulega í garðinn hjá okkur," segir Einar Ó. Þorleifsson, náttúrufræðingur hjá Fuglavernd.

Fóðurbretti er hægt að fá í ýmsum verslunum með búsáhöld og byggingavörur, en síðan er líka gaman að smíða sitt eigið fóðurbretti með krökkunum. Brettið á að vera 60 til 80 cm á lengd og 50 cm á breidd með köntum svo fóðrið fjúki ekki burt. Síðan er það fest á 1,5 m háa stöng, svo kisa nái ekki til, og henni stungið ofan í jörðina.

„Fuglarnir vilja helst mjúkt fæði, haframjöl, brauðmola, kartöflur. En líka matarafganga eins og kjöt og fitu sem er hakkað og stappað saman. Fuglarnir þurfa á fitu að halda sem er besti orkugjafinn á veturna og þess vegna gott að dýfa brauðinu í matarolíu og blanda líka við annað fæði," segir Einar. Mörgum fuglum finnst líka gott að fá epli og rúsínur en það laðar líka að sjaldséða og skrautlega fugla eins og silkitopp, svartþresti og gráþresti. „Það er mikilvægt að gefa þeim á hverjum degi, svo þeir eyði ekki orku í að bíða og leiti á staði þar sem þeim er bara gefið af og til," segir Einar.

Það er gaman að fylgjast með smáfuglum í garðinum á veturna. MYND/DANÍEL BERGMANN

Snjótittlingar og auðnutittlingar þurfa samt annars konar fóður. „Snjótittlingarnir þurfa fíngerð fræ og það er gott að gefa þeim á bersvæði, úti á túni eða á bílskúrsþökum. Á meðan má fóðra auðnutittlinga með fræjum úr þar tilgerðum fóðrara," segir Einar.

Það er mikilvægt fyrir fuglana að snyrta fjaðrirnar vel allan ársins hring en á veturna er það sérstaklega mikilvægt. „Til að fiðrið haldi einangrunargildinu þarf það að vera hreint. Þess vegna er gott að þeir hafi fuglabað nokkra sentimetra hátt sem alltaf þarf að vera hreint og má ekki vera klístrað. Þar geta þeir líka fengið sér að drekka," segir Einar.

Fuglahús eru af öllum stærðum og gerðum og þar verpa sumir fuglar eggjum. Á vef fuglaverndar má sjá nokkrar tegundir af húsum, en einnig er hægt að búa þau til heima. Svo þarf að muna að setja bjöllu á kisu.

Upplýsingar um íslenska fugla á vef námsgagnastofnunar: www.nams.is/fuglar – Upplýsingavefur Fuglaverndar:www.fuglavernd.is

rh@frettabladid.is

Það er um að gera að huga að smáfuglunum yfir vetrartímann eins og þessum snjótittlingum sem eru í fæðuleit. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Hveitibjalla *(Tribolium destructor)*

Hveitibjallan er upprunnin í Afríku og hefur síðustu áratugina breiðst út um allan heim.

Hveitibjallan er dökkbrún á lit, 5-6 mm á lengd og tveggja mm breið. Hún er ein algengasta bjallan í matvælum í dag. Kvendýr geta orpið allt að 1.000 eggjum á ævinni. Lirfan er 2 til 3 vikur að klekjast út og er örsmá og ljós. Eftir nokkrar vikur við venjulegan stofuhita geta lirfurnar orðið allt að einum sm að lengd. Þá hefst púpustigið og síðan skríða fullvaxnar bjöllur úr púpunni. Við kjöraðstæður í stofuhita tekur þetta ferli 3 mánuði. Talið er að bjallan geti orðið þriggja til fjögurra ára gömul.

Hveitibjöllur geta dreift sér um allt og hafa hæfileika til að finna hina minnstu brauðmylsnu eða annað matarkyns og ferðast víða innanhúss eftir leiðslum, undir gólflistum og raunar hvar sem er. Oft fer bjallan á milli hæða í fjölbýlum og svo erum við mennirnir duglegir að dreifa henni, með fatnaði okkar o.fl. Bjöllurnar gefa frá sér lýsól og frá þeim stafar fenóllykt sem getur loðað við matvæli. Ef bjallan kemst hins vegar í mjölmat er réttast að henda honum og láta meindýraeyði úða fyrir henni. Geymið mjölmat í lokuðum hirslum til að koma í veg fyrir að meindýr komist í þau.

Á norðlægum slóðum lifir bjallan aðeins innanhúss.

Efnið sem meindýraeyðar nota við úðun fyrir þessari bjöllu er með virkni í u.þ.b. þrjá mánuði. Fólk ætti að láta greina skordýr hjá Náttúrufræðistofnun Íslands eða náttúrufræðistofum ef það veit ekki hvaða skordýr er á ferðinni áður en meindýraeyðir er kallaður til. Einnig er hægt að óska eftir því að meindýraeyðirinn fari með sýnið til greiningar og fá afrit af niðurstöðum greiningarinnar hjá viðkomandi stofnunum áður en úðað er. Það þarf að greiða fyrir greiningu.

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfsskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Ein og sér hafa starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ekkert gildi. Athugaðu hvort öll skírteini séu í gildi. Félagar í Félagi meindýraeyða eru með félagsskírteini á sér.

Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagasamtökum gilda ekki á Íslandi.

Heimildir: Upplýsingar og fróðleikur um Meindýr og varnir 2004

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið gudmunduroli@simnet.is.

leðursófar DeCoro leðurstólar

LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Jólagjafir sem láta þér og þínum líða betur

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16





Arnaldur Geir Schram hefur umsjón með útgáfu Jæja Arkitektúr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öðruvísi tímarit uppfullt af fróðleik um arkitektúr

Jæja Arkitektúr er nýtt íslenskt fagrit sem kemur út á hálfs árs fresti og hjálpar lesendum að greina hismið frá kjarnanum.

„Útgáfufyrirtækið SAGAZ vildi gera vörutímaritið Inn enn veglegra með því að bæta við það sérstökum hluta helguðum arkitektúr og fékk mig til að ritstýra honum," segir Arnaldur Geir Schram arkitekt um aðdragandann að útgáfunni.

„Útkoman er því tvískipt tímarit, annars vegar Inn og hins vegar nýi hlutinn Jæja Arkitektúr, og kemur það út á sex mánaða fresti," heldur Arnaldur áfram. „Hvert tölublað er síðan helgað ákveðnu þema þannig að viðbúið er að það taki ákveðnum breytingum þar sem gæði verða ávallt höfð í fyrirrúmi."

Arnaldur segir Jæja Arkitektúr skera sig frá öðrum hönnunar-

Hérna sést forsíða nýja tímaritsins, sem kemur út í þessari viku.

tímaritum, meðal annars vegna áherslu á gagnrýna umfjöllun og uppfræðslu. „Alltof mörg tímarit snúast um upphafningu einhverra vörumerkja," segir Arnaldur. „Markmið Jæja Arkitektúrs er að hjálpa lesendum við að greina hismið frá kjarnanum svo þeir öðlist meiri innsýn í heim hönnunar."

Arnaldur telur þekkingu á arkitektúr og skipulagsmálum nokkuð ábótavant á meðal almennings, en sjálfur var hann við nám við Southern California Institute of Architecture í Los Angeles (SCI-Arc). Hann segist þó ekki vera að setja sig á háan hest gagnvart samlöndum sínum, heldur vilji hann einfaldlega miðla fróðleik.

„Ég er ekki alvitur í þessum efnum en hef hins vegar fengið til liðs við mig fagaðila, bæði til að skrifa í tímaritið og sitja fyrir svörum," segir Arnaldur. „Í því samhengi er rétt að nefna að sumar greinanna eru skrifaðar af erlendu fagfólki og munu birtast á ensku í tímaritinu í bland við þær íslensku."

Arnaldur segir að þótt Jæja Arkitektúr sé að þessu sinni uppfullt af fróðleik um arkitektúr og skipulag, sé það skemmtilegt og auðvelt aflestrar enda löngu orðið tímabært að Íslendingum standi til boða tímarit sem uppfyllir slík skilyrði.

roald@frettabladid.is

Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.

MYND
Hafnarfirði S: 565 4207
www.ljosmynd.is

Lítið rennsli aukið

ERFITT GETUR VERIÐ AÐ EIGA VIÐ VATNSRENNSLI Í KRÖNUM. OFT ÞARF ÞÓ LÍTIÐ TIL AÐ LAGA ÞAÐ.

Vandamálið þarf ekki að felast í pípunum, vatnsinntakinu eða öllum óteljandi krönunum í kjallaranum. Oft er nóg að stilla kranana tvo undir vaskinum sem stýra vatnsflæði til blöndunartækjanna.

Vandamálið getur einnig legið í síum fremst á krönum. Þær eru til þess gerðar að sía burtu aðskotahluti í vatninu en það er ekkert sem tekur aðskotahlutina úr þeim. Þær eiga því til að stíflast og um leið hindra vatnsflæði. Þetta á líka við um sturtuhausa. Þá er ráðið að þrífa síurnar og ef það gengur ekki má láta þær liggja í kóki yfir nótt. Kók er afar súr drykkur sem leysir upp rið og kalk án teljandi vandræða. *- tg*

Síur í krönum stíflast auðveldlega sé eitthvað af aðskotahlutum í vatninu.

Eldvarnaátak

Eldvörnum er ábótavant á mörgum heimilum samkvæmt könnun Gallups.

Hætta á eldsvoðum eykst jafnan á aðventunni þegar kerta- og ljósanotkun landsmanna er í hámarki.

Talsvert vantar upp á að nægilega margir hafi reykskynjara, eldvarnateppi og slökkvitæki á heimilum sínum samkvæmt könnun Gallups og alltof fáir segjast hafa gert neyðaráætlun fyrir heimilið.

Eldvarnaátak er að hefjast hjá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Það beinist meðal annars að útlendingum sem hér búa því einhver brögð eru að því að þeir búi í húsnæði þar sem eldvörnum er ábótavant. Því hefur sambandið látið þýða efni um grunnatriði eldvarna á sjö tungumál.

Það er ekkert sem bannar að henda gömlum lummulegum smáhlutum og kaupa nýjan smáhluti með nýrri mublu.

Hugað að smáatriðum

Oft gleymast smáhlutirnir þegar heimilið er innréttað.

Þegar verið er að velja mublur og stærri hluti inn á heimilið geta smáhlutirnir oft gleymst. Hlutir eins og vekjaraklukkur, sápubox, saltstaukar, skálar og annað smálegt lýtur oft lægra haldi.

Gamla vekjaraklukkan getur þannig orðið agalega hallærisleg á splunkunýja náttborðinu. Hafið augun opin í húsgagnaverslunum því oftar en ekki skreyta búðirnar mublurnar með fallegum munum sem passa vel með. Ætli maður á annað borð að innrétta er jafn gott að gera það með stæl.

Mánudagar eru fiskidagar

Komdu og gríptu með þér spriklandi nýjan fisk eða fljótlegan, tilbúinn rétt úr fersku úrvalshráefni. Fjölbreyttar uppskriftir meistarakokkanna okkar tryggja þér sannkallaða fiskiveislu með lítilli fyrirhöfn.

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

Hamraborg 14a • Skipholti 70
Höfðabakka 1 • Vegamótum (Nesvegi 100)
Sundlaugavegi 12 • Háaleitisbraut 58-60

Umhverfisvæn málning

Hægt er að fá málningu frá flestum framleiðendum sem sögð er umhverfisvæn. Hvað felst í þeirri nafngift?

Flestöll málning sem hlýtur stimpilinn umhverfisvæn er innimálning. Hún inniheldur þá engin lífræn leysiefni auk þess sem ýmsum efnum er sleppt eins og ammoníaki og formaldehýði. Þetta er mismunandi eftir framleiðendum.

Flestöll innanhúsmálning sem seld er hérlendis inniheldur lítil sem engin hættuleg eituefni. Þetta er þróunin hjá öllum framleiðendum en krafa samfélagsins á hreinleika og hollustu er einfaldlega slík að þeir komast upp með fátt annað. Til dæmis fengust þau svör hjá Flugger að innanhúsmálning frá fyrirtækinu væri samkvæmt flestum stöðlum umhverfisvæn, þó svo að ekkert slíkt væri tekið fram sérstaklega á umbúðum. „Framleiðsluara okkar inniheldur engin hættuleg eituefni en við merkjum hana ekki sérstaklega því öll málningin okkar er framleidd eftir ströngum umhverfiskröfum," segir Halldór Snorrason, yfirverkfræðingur Flugger á Íslandi.

Aðrir kjósa að merkja umhverfisvænar vörur sérstaklega. Málning ehf. merkir þær með svokölluðum 0% stimpli og málningin frá Norsdsjö er merkt með umhverfisstimpli frá Evrópusambandinu og vottorði frá sænsku asma- og ofnæmissamtökunum.

Hérlendis fæst engin málning sem hlotið hefur umhverfisstimpil Græna svansins. Þetta þýðir ekki að málningin uppfylli ekki kröfurnar heldur að þær hafi ekki verið prófaðar. Það kostar pening að fá að stimpla vöru og framleiðendur sjá ekki að það borgi sig hérlendis. Þessu er öfugt farið víða annars staðar og til að mynda í Svíþjóð, þar sem krafan á umhverfisvernd er mikil, er stimpillinn gulls ígildi.

Málning inniheldur ýmis efni sem eru okkur óholl. Þau eru hins vegar mun færri nú en þau voru fyrir tíu árum og virðast íslenskir framleiðendur málningar vera vel með á nótunum þegar kemur að umhverfisvernd. Málningin er orðin umhverfisvænni en hún var en slá verður varnagla gagnvart fullyrðingum eins og að málningunni mætti hella í Elliðaárnar og væri eina mengunin sem af hlytist sjónmengun.

tryggvi@frettabladid.is

Þegar öllu er á botninn hvolft er hægt að búa til hvaða mælistiku sem er á umhverfisvernd og kalla vöru umhverfisvæna eftir því. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Nordsjö málningin hefur hlotið Evrópublómið, umhverfisvottun Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Klipping og jólavörur í sömu ferð

Hárþjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma
Verið velkomin - Lára og Eva

Verðdæmi:

Klipping, m. þurrkun	2.500
Lagning, stutt hár *	1.500
Blástur, stutt hár *	2.100
Strípur m. álpappír *	4.900
Permanent, stutt hár *	3.900
Hárlitun, stutt hár	3.400

* Dýrara í síðara hár.
Þetta er verðskrá virka daga, 20% dýrara á laugardögum.

Full búð af fallegum vörum á betra verði. Úrval lampa og lugta, sjón er sögu ríkari

Evíta
Hárgreiðsla og gjafavörur
Starmýri 2, 108 Reykjavík • Sími 553 1900 • www.evita.is

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufritt og smellt saman.

kr. 8.038.-
Viðbótareining kr. 5.781.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
www.isold.is

Fallega blátt ferðaútvarp.

Frægur og flottur hægindastóll og fótskemill eftir Eames.

Ljósakrónur sem varpa fallegum skugga á veggina.

Já halló! Fyndnasti handfrjálsi búnaður heims.

Falleg gauksklukka sem minnir nánast ekkert á Austurríki eða Sviss.

Einstaklega formfagur og flottur stóll frá Eames.

MoMa-búðin

Í NÚTÍMALISTASAFNI NEW YORK-BORGAR ER AÐ FINNA FRÁBÆRA VERSLUN.

Þeir ferðalangar sem einhvern tímann hafa komið til New York fara margir á MoMa-safnið, en það er álitið eitt merkasta listasafn heimsins. Góðu tíðindin eru þau að fyrir fólk sem kann að meta góða hönnun þarf ekki að kaupa flugmiða dýrum dómum til að sjá hvað er í boði í versluninni sem þar er að finna. Nú er nóg að fara bara á netið, slá inn www.momastore.org og úrvalið birtist á skjánum. Hvort sem þig dreymir um að eignast stól eftir Eames eða „headset" fyrir símann sem er eins og apparat frá fyrri hluta síðustu aldar þá er af nægu að taka í þessari skemmtilegu vefverslun. Verðið fer svo eftir gengi dollarans, en hvort sem það er hátt eða lágt er ekki hægt að segja að þetta sé sérlega ódýrt. Enda eigulegir gripir, því annars væru þeir varla seldir í MoMa.

mhg@frettabladid.is

Seðlaveski sem er eins og umslag.

sbarro®

EKTA ÍTALSKUR MATUR!
ofnbakað Ziti-pasta
með ricottaosti, mozzarellaosti
og ítalskri tómatpastasósu

Það styttist óðum í að Íslendingar fái að njóta SBARRO veitinga á Stjörnutorgi í Kringlunni.

Draumahús

www.draumahus.is

530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41

Draumaeignir

Álfaheiði - 200 Kóp

17.400.000
70,8 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð með frábæru útsýni á þessum eftirsótta stað í Kópavogi.
Þórarinn s. 530 1811

Álfatún - 200 Kóp

29.700.000
Glæsileg 121,5 fm 4-5 herbergja íbúð á 3. hæð (þ.a. 21,3 fm bílskúr og 10,6 fm herbergi í kjallara til útleigu.) í afar góðu fjölbýli á besta stað í Fossvogsdal með frábæru sjávarútsýni.
Þórarinn s. 530 1811

Depluhólar - 111 Rvk

Tilboð óskast
448,4 fm 11 herbergja einbýlishús þ.a. 58,2 fm aukaíbúð með sérinngang. Frábært útsýni yfir alla Reykjavík.
Þórarinn s. 530 1811

Dofraborgir - 112 Rvk

43.500.000
202,4 fm einbýli á einni hæð, þ.a. bílskúr 41,5 fm sem innangengt er í með mikilli lofthæð og hárri hurð. Upplyft loft er yfir stórri stofu. Kjallari undir öllu sem möguleiki er að nýta. GOTT EINBÝLI Á EINNI HÆÐ.
Eddi s. 530 1806

2ja - 6 herbergja

Laufásvegur - 101 Rvk

23.900.000
73,5 fm endurnýjuð 2ja herb. íbúð á 1. hæð með sérinngangi á frábærum stað. Húsið er mikið endurbætt að utan. PANTIÐ SKOÐUN. **Eddi s. 530 1806**

Miðtún - 105 Rvk

14.700.000
47,5 fm 2-3 herbergja íbúð með sérinngangi og sérgarði á jarðhæð í tvíbýli á mjög rólegum stað miðsvæðis í Reykjavík. **Stefanía s. 530 1805**

Langholtsvegur - 104 Rvk

18.900.000
3ja herbergja, 78 fm íbúð með sérinngangi á frábærum stað við Langholtsveg í Reykjavík. Íbúðin er í 4ra íbúða húsi. **Sigurður s. 530 1809**

Álfhólsvegur - 200 Kóp

18.500.000
80,7 fm 3ja herb íbúð á 2. hæð með miklu útsýni til norðurs, svölum í suður. Íbúðin er í útleigu. Hægt að leigja út herb. í kjallara einnig. **Eddi s. 530 1806**

Tunguvegur - 260 Rbæ

21.900.000
138,5 fm 6 herbergja hæð og ris í tvíbýli auk 44 fm bílskúrs. Samtals 182,5 fm Góð eign í grónu hverfi í Reykjanesbæ. **Stefanía s. 530 1805**

Öldugrandi - 107 Rvk

20.800.000
105,3 fm 3. herb. íbúð á 2. hæð þar af stæði í bílag. 25,8 fm. Íbúðin er með sérinng. af svölum. Öll þjónusta nánast í bakgarðinum. **Sigurður s. 530 1809**

Rað- og parhús

Arnartangi - 270 Mos

25.300.000
94 fm raðhús á einni hæð með góðum suðurgarði og 4 svefnherbergjum. Barnvænn og rólegur staður.
Óli s. 530 1812

Skeiðarvogur - 104 Rvk

37.900.000
Gott endaraðhús á 3 hæðum með aukaíbúð í kjallara sem stendur undir verulegri greiðslubyrði. Laust fljótlega **Óli s 530 1812**

Einbýli

Lækjarhjalli - 200 Kóp

69.900.000
Einbýlishús í suðurhlíðum Kópavogs. Húsið er með 5 svefnh. og 2 stofum og er 284,4 fm Húsið er á 2 hæðum með tvöföldum bílskúr. **Sigurður s. 530 1809**

Kothúsavegur - 250 Gar

14.900.000
4 herbergja 125,1 fm einbýli á 2 hæðum og kjallari í Garði.
Stefanía s. 530 1805

Sumarhús

Hreðavatn - 311 Bor

16.000.000
51,5 fm sumarbústaður ásamt litlum geymsluskúr við Hreðavatn/Bifröst í Borgarfirði.
Óli s. 530 1812

Alltaf föst lág söluþóknun

Opið hús

Lautasmári 5, 6. hæð - 200 Kóp

24.900.000
Gullfalleg 94,1 fmíbúð á 6. hæð í lyftuhúsi. Fullbúin og vel um gengin 3ja herbergja íbúð með fallegum mahóníviðarinnréttingum, frábæru útsýni og svölum til suð-vesturs.
Emil og Elín taka á móti gestum.

Goðheimar - 104 Rvk

21.500.000
101,1 fm rúmgóð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi í litlu fjölbýli ásamt geymslu við Goðheima. Hægt er að breyta holi í herbergi.
Helgi Már s. 530 1808

Stórikriki - 270 Mos

53.000.000
277,5 fm 8 herbergja einbýlishús ásamt 47,5 fm bílskúr samtals 325 fm Húsið er staðsett innst í götu og afhendist rúmlega fokhelt 15. des. 2006.
Þórarinn s. 530 1811

Hjarðarhagi - 107 Rvk

24.900.000 LAUS STRAX
Falleg 4ra herbergja 103,6 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli með aukaherbergi í risi og 24 fm bílskúr. Húsið að utan í góðu ástandi að utan, nýlega standsett. **Þórarinn s. 530 1811**

Frum

FASTEIGNASALA

Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang: as@as.is
Heimasíða: www.as.is
Opið virka daga
kl.9–18

Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

– Eigendur fasteigna athugið! Lífleg sala – skoðum og verðmetum samdægurs! –

NÝTT

BREIÐVANGUR 123 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð. 3 sv.herb. Parket og flísar á gólfum. Verð 20,5 millj.

ÞRASTARÁS - SÉRINNG. 126 fm endaíbúð á 1. hæð ásamt bílskúr. 3 sv.herb. Falleg eign í góðu húsi. Verð 25,9 millj. 9911

ELDRI BORGARAR

HJALLABRAUT 33 - HAFNARFJ. Stærð 69,3 fm Verð 18,9 millj. 9643

ÞRASTARÁS - ÚTSÝNI Fallegt og fullbúið 279 fm einbýli með bílskúr á góðum stað í Áslandinu. 5 sv.herb. Verð 63 millj. 10046

FLÉTTUVELLIR - Í SMÍÐUM Nýtt 218,4 fm einbýli ásamt bílskúr á jaðarlóð. 4 sv.herb. Fullbúið að utan og fokhelt að innan. Verð 31,5 millj. 5243

HÆÐIR

BURKNAVELLIR - SÉRINNG. Falleg 119,1 fm endaíb. í 8 íb. húsi. 3 sv.herb. Góð staðsetn. í jaðri byggðar. Verð 27,9 millj. 5420

ÖLDUGRANDI - RVÍK Falleg og mikið endurnýjuð íbúð á 3. hæð ásamt stæði í bílskýli. 3 sv.herb. Óinnréttað ris, möguleiki á stækkun. Verð 27,5 millj. 9806

SUNNUVEGUR - FALLEG 115,3 fm n.h. í góðu þríbýli í miðbænum. 3 sv.herb. Suðursvalir. Verð 26,0 millj. 3391

HRAUNBÆR - RVÍK - LAUS 68,9 fm 2ja herb. íbúð í húsi fyrir eldri borgara. Húsvörður. Mikil sameign og félagsstarf. Verð 22,8 millj. 10114

LANGEYRARVEGUR - TVÆR ÍBÚÐIR Fallegt og mikið endurnýjað einbýli sem skiptist í tvær samþ. íbúðir. Verð 32,4 millj. 10017

RAÐ- OG PARHÚS

STEKKJARHVAMMUR 184,8 fm raðhús með bílsk. 4 sv.herb. Suðurverönd. Góður staður. Verð 38,5 millj. 9967

NÝTT

HOLTSGATA - M/BÍLSKÚR Mikið endurnýjuð 107 fm miðhæð með bílskúr. 3 sv.herb. Sérinngangur. Falleg eign á góðum stað. Verð 24,5 millj. 10056

STEKKJARBERG - ENDAÍBÚÐ Björt og falleg 103,5 fm endaíbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli á góðum stað. 4 sv.herb. Verð 24,9 millj. 10054

DREKAVELLIR - LAUS STRAX Glæsileg 105,4 fm endaíbúð á 3. hæð. 3 sv.herb. Sérsmíðaðar eikarinnréttingar, parket og flísar. Verð 24,9 fm 9754

EINBÝLI

ÞRÚÐVANGUR - FALLEGT 173 fm einbýli ásamt bílskúr. 4 sv.herb. Glæsilegur garður og verönd. Verð 40,9 millj. 9787

ÖLDUTÚN - TVÆR ÍBÚÐIR - LAUST STRAX 222 fm einbýli með aukaíbúð og bílskúr. 6 sv.herb. Mikið endurnýjuð eign á góðum stað. Verð 43,9 millj. 4663

FÍFUVELLIR - GLÆSILEGT Glæsilega hannað 201 fm raðhús með bílskúr. Fullbúið að utan og tilbúið til innréttinga að innan. Verð 35 millj. 10079

HVERFISGATA - GLÆSIÍBÚÐIR Vorum að fá í einkasölu nokkrar nýjar glæsiíbúðir í miðbænum, allar allveg nýjar búnar vönduðum innréttingum og gólfefnum. Verð frá 29,9 millj. 10037

ESKIVELLIR - 5 HERBERGJA Ný og falleg 126,6 fm íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílag. 4 sv.herb. Sérinngangur. Verð 27,9 millj. 10045

ÁLFASKEIÐ - m/BÍLSKÚR Falleg 150,8 fm endaíbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. 4 sv.herb. Tvennar svalir. Verð 24,5 millj. 9719

SVALBARÐ – LAUST FLJÓTLEGA 144,5 fm einbýli m/bílskúr. 3 sv.herb. Róleg og góð staðsetning. Verð 29,9 millj.

FAGRIHVAMMUR - TVÆR ÍBÚÐIR Glæsileg 311 fm eign sem skiptist í tvær samþykktar íbúðir og bílskúr á frábærum stað. Verð 69 millj. 9906

BIRKIHVAMMUR - MIKIÐ ENDURNÝJAÐ 215,8 fm parhús m/möguleika á tveimur íbúðum. 7 sv.herb. **Laust 15.Des.** Verð 41,9 millj. 5368

MÓABARÐ - FALLEG Mikið endurnýjuð 110 fm neðri sérhæð á góðum stað. 3 sv.herb. Sérinngangur. Verð 22,9 9999

BREIÐVANGUR - M/BÍLSKÚR Talsvert endurnýjuð 145 fm endaíbúð með bílskúr. 5 sv.herb. Góð staðsetning, stutt í skóla og þjónustu. Verð 24,9 millj. 10068

VALLARBRAUT - MEÐ BÍLSKÚR 148,5 fm íbúð á 1. hæð ásamt bílskúr. 3 sv.herb. Sérinngangur. Verð 30,9 millj. 9670

ARNARHRAUN - AUKAÍBÚÐ Gott talsvert endurnýjað 282 fm pallbyggt einbýli m/bílskúr. 6 sv.herb. Verönd m/heitum potti. Verð 45,9 millj. 3673

ÁLFKONUHVARF - GLÆSILEGT 272 fm einbýli ásamt bílskúr. 4 sv.herb. Frábær útsýnisstaður. Skipti möguleg á minni eign. Verð 56,0 fm 9711

BLIKAÁS - TVÆR ÍBÚÐIR - 201 fm endaraðhús með bílskúr. Verönd, hellulagt bílaplan o.fl. Verð 42,9 millj 9929

KELDUHVAMMUR - SÉRINNG. Falleg 112,7 fm miðhæð í þríbýli. 3 sv.herb. Verð 22,9 millj. 9740

ÁLFHOLT - ÚTSÝNI Falleg 100 fm endaíbúð á efstu hæð á frábærum útsýnisstað. 3 sv.herb. Verð 19,5 millj. 10036

BREIÐVANGUR - FALLEG 122,2 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. 4 sv.herb. Verð 21,9 millj. 9659

FÍFUVELLIR - GLÆSILEGT Nýtt og glæsilegt einbýli á tveimur hæðum með innb. bílskúr. Heildarstærð 348 fm. Flott eign á góðum stað. Verð 52,5 millj. 10099

VALLARBARÐ - M/BÍLSKÚR Fallegt 207 fm einbýli ásamt bílskúr á góðum stað. 5 sv.herb. Verð 44,9 millj. 4863

VESTURBERG - AUKAÍBÚÐ Fallegt 210,4 fm raðhús ásamt bílskúr og aukaíbúð. 4 sv.herb. Verð 39,5 millj. 9715

SMYRLAHRAUN - m/BÍLSKÚR 146 fm neðri hæð ásamt bílskúr m/sérinng. 3 sv.herb. Verð 31,9 millj. 5278

LANGEYRARVEGUR - Mikið endurnýjuð 66 fm efri hæð og ris. 2 sv.herb. möguleiki á 3. Sérinngangur. Verð 18,9 millj. 10014

BRATTAKINN - SÉRINNG. 111,2 fm hæð/ris í þríbýli. Rólegur staður, gott útsýni. 3 sv.herb. Verð 21,2 millj. 2426

GVENDARGEISLI - GLÆSIEIGN Stílhreint, vandað og sérlega fallegt 296 fm einbýli á einni hæð með tvöföldum bílskúr. 4 stór sv.herb. Nútímaleg og flott hönnun. 10098

HÖRGATÚN - FALLEGT 196,3 fm einbýli á frábærum stað í hjarta Garðabæjar. 5 sv.herb. Verð 44,9 millj. 9722

TRÖLLATEIGUR - MOSFELLSBÆR 165,5 fm endaraðhús ásamt bílskúr. 4 sv.herb. Falleg eign á góðum stað. Verð 40,9 millj. 9699

LANGEYRARVEGUR - LAUS 100,3 fm neðri hæð í tvíbýli á góðum stað. 2 sv.herb. Sérinngangur. Verð 18,0 millj. 3390

ÁLFASKEIÐ - LAUS STRAX Talsvert endurnýjuð 135 fm íbúð á jarðhæð með bílskúr. 3 sv.herb. Sérinngangur. Verönd. Verð 23,7 millj. 9983

STRANDVEGUR - GARÐABÆR 118 fm íbúð ásamt stæði í bílageymslu á góðum útsýnisstað í Sjálandi. Verð 39,5 millj. 4826

ÖLDUGATA - LAUST Gott 165 fm einbýli á góðum stað. 5 sv.herb. Laus við kaupsamning. Lyklar á skrifstofu. Verð 34,5 millj. 3680

FURUVELLIR - GLÆSILEGT 234,2 fm einbýli ásamt bílskúr. 4 sv.herb. Glæsileg eign á góðum stað. Verð 49,9 millj. 5258

FÍFUVELLIR - GLÆSILEGT Nýlegt 210 fm raðhús með bílskúr. 3-4 sv.herb. Falleg eign sem vert er að skoða. Verð 39,9 millj. 4319

ÁLFHOLT - SÉRINNGANGUR 138,8 fm hæð og ris í skemmtilegu tvíbýli. 4 sv.herb. Gott útsýni. Verð 26,9 millj. 3453

STEKKJARBERG - FALLEG 92,3 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli á góðum stað í Setbergi. 3 sv.herb. Gott ástand á húsi og sameign. Verð 21,9 millj. 9975

FAGRAKINN - MEÐ BÍLSKÚR Falleg 129,4 fm neðri hæð með bílskúr. 4 sv.herb. Sérinngangur. Verönd. Verð 26,5 millj. 2540

LÆKJARGATA - AUKAÍBÚÐ Sérlega fallegt og vandað 220 fm einbýli í miðbæ Hafnarfj. 4 sv.herb. Afgirt verönd. Aukaíbúð í kj. Verð 50,9 millj. 9969

VATNSENDABLETTUR - SVEIT Í BORG Sérlega glæsilegt og skemmtilega hannað einbýli á frábærum stað með útsýni yfir vatnið, Bláfjöllin og Heiðmörkina. 5283

VÖRÐUBERG - FALLEGT 168,6 fm raðhús ásamt bílskúr. 3 sv.herb. Falleg lóð og verönd. Verð 36,9 millj. 5297

4RA TIL 7 HERB.

SUÐURBRAUT - ENDAÍBÚÐ Björt og falleg 106 fm 4ra herb. endaíbúð á 3. hæð. Suðursvalir. Laus strax. Verð 18,1 millj. 10084

BREIÐVANGUR - 6 HERB. Falleg 155 fm íbúð með bílskúr. 4 sv.herb. Mikið endurnýjuð eign á góðum stað. Verð 24,5 millj. 9962

3JA HERB.

SMÁRABARÐ - SÉRINNG. - LAUS STRAX Falleg 59 fm íbúð á 1. hæð í nýlega litlu fjölbýli. Verönd. Verð 15,9 millj. 2520

ÞÓRUFELL - RVÍK Rúmgóð og falleg 78 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Verð 14,3 millj. 10101

DAGGARVELLIR - NÝ OG FALLEG 96,8 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. 2 sv.herb. Verð 21,9 millj. 4374

MIÐVANGUR - LYFTA 67,3 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi í Norðurbænum. Frábært útsýni. Verð 14,5 millj. 9932

JÓNSVÖR - VOGUM 491,2 fm atv./skrifstofuhúsnæði í góðu ástandi að innan og utan. Verð 49,0 millj. 9640

BIRKIRJÓÐUR - HÚSAFELL Fallegt 40,3 fm sumarhús með 15-20 fm svefnlofti að auki. Verönd og heitur pottur. Verð 14,9 millj. 10149

AUSTURBRÚNIR - GRÍMSNES OG GRAFNIGSHREPP-EIGNARLÓÐ - SÚ SÍÐASTA Stærð 6.417,5 fm Verð 4,8 millj. 9801

SVÖLUÁS - SÉRINNGANGUR Björt og falleg 84 fm íbúð á 3. hæð. 2 sv.herb. Sérinngangur. Gott útsýni. Verð 19,9 millj. 4014

SUÐURVANGUR - FALLEG 100,6 fm íbúð á 2. hæð. 2 sv.herb. Suðursvalir. Verð 18,5 millj. 9658

VALLARBARÐ - ENDAÍBÚÐ Björt og falleg 70,9 fm endaíbúð á 3. hæð. Gott útsýni. Verð 15,5 millj. 9790

SUMARHÚS

BORGARLEYNIR - GRÍMSNESI Nýtt 109,3 fm sumarhús í landi Miðengis. Verð 18,5 millj. 9822

KERHRAUN - 22 fm sumarhús á einni hæð sem stendur á 7.270 fm eignarlóð. Góð staðsetning. Verð 7,9 millj. 10108

TJARNHOLTSMÝRI - GRÍMSNESI 5 hektara eignarland og 105 fm heilsárshús. Verð 19,9 millj. 9725

GRENSÁSVEGUR - RVÍK 74 fm íbúð á 4. hæð. 2 sv.herb. Íbúðin þarfnast viðhalds að innan. Verð 15,6 millj. 10076

PERLUKÓR - KÓPAVOGUR Glæsileg 98,8 fm íbúð á jarðhæð. 2 sv.herb. Sérinngangur. Glæsilegt útsýni og stutt í náttúruperlur. Verð 24,9 millj. 5562

ÁLFHOLT - ÚTSÝNI FALLEG 66 fm íbúð á 3. hæð. Parket og flísar. Suðvestursvalir, flott útsýni. Verð 14,9 millj. 5553

NÝBYGGINGAR

HÖFUM Á SKRÁ ALLAR GERÐIR NÝBYGGINGA,

ALLT AÐ 90% LÁN

ENGJAVELLIR 1 - HFJ. Sérlega vandaðar 4-6 herb. íbúðir í sex íbúða húsi. Verð frá 29,6 millj. 10085

FJÓLUVELLIR 10-14 - HFJ. 244 fm raðhús á einni hæð m/bílskúr, verð frá 30,4 millj. 5401

DREKAVELLIR 18 - HFJ. Glæsilegar 4ra herb. íbúðir, verð frá 25,8 millj. Afhending við kaupsamn. 4856

BERJAVELLIR 1 - HFJ. Glæsilegar 126 fm 4ra herb. íbúðir, verð 24,9 millj. 5451

ENGJAVELLIR 3 - HFJ. Falleg og vönduð 4ra herb. íbúð á jarðhæð m/sérinng. Verð 29,3 millj. 5386

KIRKJUVELLIR 5 - HFJ. Bjartar og fallegar 4ra herb. íbúðir, verð frá 21,5 millj. AÐEINS TVÆR EFTIR 4679

BERJAVELLIR 3 - HFJ. Fallegar 128 fm 4ra herb. íbúðir, verð 25,2 millj. 5476

KIRKJUVELLIR 3 - HFJ. Glæsilegar 3ja og 4ra herb. íbúðir, verð frá 19,4 millj. 5298

ESKIVELLIR 7 - HAFNARFJ. Fallegar 3ja-5 herb. íbúðir, verð frá 19,4 millj. Afhending í nóv.-des. 4467

FJÓLUVELLIR 2-4 - HFJ. Glæsilega hönnuð raðhús á einni hæð m/bílskúr, Áhvíl. ÍLS.LÁN kr. 17,1 millj. Verð frá 29,9 millj. 5395

AKURVELLIR 1 - HFJ. Nýjar og glæsilegar 4ra herb. íbúðir, verð frá 24,8 millj. 5260



DREKAVELLIR 26 - HFJ. Vandaðar 4ra herb. íbúðir, verð frá 24,9 millj. Afhending við kaupsamning. 4310
Til sölu vegna fluttnings, borðstofuborð + 4 stólar, 28" sjónvarp, lítill ísskápur, hillusamstæða og annar húsbúnaður. Uppl. í s. 893 3884.

Antík

Antik víðis sófasett síðan 1942, 3+1+1 og útskorið borð til sölu. Uppl. í s. 893 4353.

Heimilistæki

Ryksugukerfi í öll hús !
Gufustrauborð - Rafvirkjar - Nuddpottaþjónusta -Raftækjaverkstæði -Rafbylgjumælingar. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is

Dýrahald

Dýrabær
Snyrtiborð í 2 stærðum. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.

Til sölu hreinræktaðir Langhundahvolpar, undan innfluttum foreldrum, móðir Kanadískur meistari, ættbókarfærðir, örmerktir og heilsufársskoðaðir. Uppl. í s. 863 0474.

Franskir mastiff hvolpar til sölu, verða skráðir hjá HRFÍ. Uppl. í s. 662 2700.

Chihuahua hvolpur black & tan til sölu. Upplýsingar í síma 552 8006 & 848 5343.

Laust pláss á kvöldnámskeið um hvolpauppeldi. Sif Traustadóttir dýralæknir s. 897 1525 sif@dyrin.is

Ýmislegt

Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

Rýmingarsala 50% til 75% afsláttur
Af allri glerlist eftir Ellu Rósinkrans. - Opið í des alla daga frá 16- 19 og um helgar. Súðarvog 26, 104 Reykjavík. Opið á Stokkseyri eftir samkomulagi.
Frekari upplýsingar í síma og sérpantanir í s. 695 0495.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til sölu eða leigu
Glæsileg nær 500m2 fasteign til sölu eða leigu. Skiptist í tvær 170m2 íbúðir, annarri fylgir 80m2 aukaíbúð/vinnustofa. Til greina kemur að leigja út að hluta eða öllu leiti, með eða án húsgagna til fyrirtækis eða öðrum traustum aðila. Skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á vefnum: www.pulsinn.com/hus.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúð til leigu

til leigu rúmgóð 3ja herb. íbúð ca 100 fm á rólegum og góðum stað í R.vík. Íbúðin er fullbúin húsgögnum og öllum húsbúnaði. Leiga 138 þús. pr. mán. Fyrirfr.greiðsla æskileg. Vinsamlega sendið svar á netfang: jjjj@simnet.is. merkt „ allt til alls".

Guesthouse

Double bedroom, all incl. Price from 40.þús per month. Gsm 824 4530.

Húsnæði til leigu við Háholt, Hafnarfirði, 4ra herb. 128,5 fm. til leigu góð íbúð. Laus. Upplýsingar 893 3985.

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Búslóðir, lagerar, tjaldvagnar og fleira. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Fellihýsi og tjaldvagnar, upphitað mjög gott húsnæði í 101 Reykjavík. Uppl. á hordur@mi.is, s. 822 9501.

ATVINNA

Atvinna í boði

ÖRLAGALÍNAN
Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni.
Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.

Bakaríið hjá Jóa Fel
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi eða hjá Önnu í s 699 7967 eða á staðnum Smáralind. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

Frístundaheimili
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Jolli Hafnarfirði
Jolli óskar eftir fólki í fullt starf. Góð laun í boði.
Upplýsingar gefur Líney í síma 565 4990 frá 8-16. Umsóknareyðublöð fást á staðnum.

Kvöld & helgar
Aktu Taktu leitar eftir fjörugu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk sem og aðra sem vilja vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði.
Ef þú hefur áhuga hikaðu þá ekki við að senda inn umsókn á www.aktutaktu.is

Dyravarsla um helgar.
óskum eftir að ráða dyravörð sem fyrst. Lágmarksaldur 25 ára.
Upplýsinga um starfið veitir Sophus s. 893 2323 & www.kringlukrain.is

Aðstoð í sal
Cafe Oliver óskar eftir að fá aðstoð í sal um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Evu í síma 845 5923.

Óskum eftir starfsfólki í eldhús.
Lært eða með reynslu.
Upplýsingar í síma 617 8601.

American Style
Laus störf í sal og á grilli á American Style í Dalshrauni, Hafnarfirði, og á Bildshöfða. Bæði í vaktavinnu og kvöld- og helgarvinnu Frábær liðsheild, góður andi! Hæfniskröfur: 18 ára eða eldri, áhugi, dugnaður, snyrtimennska og að geta mætt á réttum tíma.
Umsóknir á www.american-style.is

Bettís
Hresst duglegt og áreiðanlegt starfsfólk óskast á kvöldin og um helgar í afgreiðslustörf.
Uppl. í s. 899 8212.

Bakarí Kópavogi
óskar eftir áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslustörf á tvískiptar dagvaktir.
Uppl. í s. 899 8212.

Vor á Laugaveginum
óskar eftir vaktstjóra og starfsfólki í sal. Stundvísi og dugnaðar er krafist. Aldurstakmark 18 ár. Góð laun í boði fyrir réttan aðila
Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 10 & 18.

Mötuneytisumsjón og létt þrif

Við leitum að starfsmanni í framtíðarstarf við umsjón mötuneytis og léttra þrifa á svæði 110. Umsækjandi þarf að tala íslensku og hafa bíl til umráða.
Vinnuhlutfall er 50% og vinnutími er frá klukkan 10:00 - 14:00

Upplýsingar veitir Ólöf í síma 5 800 600.
Einnig á www.iss.is

ÞJÓNUSTA

Erum byrjuð að taka niður pantanir!!
Jólasveinn.is sem er ein elsta og reyndasta jólasveina þjónusta í landinu býður fyrirtækjum og félagssamtökum fjölbreytta þjónustu á þeim svölum sem lita að jólahaldinu.

Jólagjafir og Gjafakörfur
Við bjóðum uppá og útvegum fyrirtækjum og félagssamtökum jólagjafir allt eftir þörfum hvers og eins. Einnig útbúum við skemmtilegar gjafakörfur þar sem við bjóðum upp á margskonar gjafir eða matarkörfur.

Dreifing og pökkun
Við tökum sömuleiðis að okkur að pakka inn og ganga frá jólagjöfum til viðskiptavina / starfsmanna eða annarra og komum þeim á afangastað.

Jólaböll/Jólatrésskemmtanir:
Við höfum mikla reynslu af að halda jólatrésskemmtanir og höfum á skipa okkur tónlistarmönnum og söngvurum sem fráhærum jólasveinum. Við eigum einhverjabestu upptökurnar að velheppnuðum jólaballi. Hvort sem skemmtunin er stór eða smá þá mun eða fa. endilega hafið samband :)

Jólasveinn.is
Sími: 534 3677 / 824 3677
eða 825 6502 orlygur@tenor.is

TIL SÖLU

GRANÍT HÚSIÐ
www.granithusid.is
S: 544 5100
Granítborðplötur
granítflísar
handlaugar
Helluhraun 2 - Hafnarfjörður

Hrafnista Reykjavík Umönnun

Stafsfólk óskast í aðhlynningu. Starf 1: 8-16 virka daga Starf 2: Morgun-kvöld og helgarvaktir. Starf 3: 4ra tima síðdegisvaktir. Upplysingar gefur Magnea í síma 585 9529 eða á magnea@hrafnista.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Hvar í veröldinnni sem er!!

Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Skemmtileg og lærdómsrík störf!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Barnapía óskast

Einstæður faðir í nauð vantar barnapíu í cirka 2 mánuði. Uppl. í s. 840 6152

Veitingahúsið Einar Ben óskar eftir duglegum matreiðslunema sem fyrst. Uppl. gefur Steinar eða Bjarki í s. 511 5090 e. kl. 12.

Heimilisleg félagsmiðstöð Dalbraut 18-20 er lítil og heimilisleg félagsmiðstöð opin frá kl. 9 til 16 alla virka daga. Þar er í boði ýmis konar félagsstarf, hádegismatur og síðdegiskaffi. Okkur vantar starfsfólk í hlutastörf/fullt starf í eldhús, og í ræstingar og böðun. Fjölbreytt starf , sveigjanlegur vinnutími á skemmtilegum vinnustað. Komdu í heimsókn og kynntu þér staðinn og störfin en hringdu fyrst í Sigríði Ólafsdóttur í síma 568 6960.

LR Ísland Heilsa - Fegurð- Tækifæri - Heilsa Engar kvaðir eða skyldur eru lagðar á herðar þátttakenda en með markvissri vinnu má hafa góðar tekjur í LR Upplýsingar í netfangið: frettir@simnet.is

Starfsmanneskja óskast í hlutastarf á litlum skyndibitastað. Gæti hentað öryrkja. Sveigjanl. vinnutími. S. 892 4592.

Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, býður pólska starfsmenn. Uppl. í s. 894 7799 og +00 486 6958 7238 eða ispolska@simnet.is

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

Símaspjall 908 2020

Ertu einmanna á nóttinni? Hringdu í mig ég vil vera vinkona í þín í heitu símaspjalli. Opið alla sólahringinn. Systa, Birta og Lilja.

908 6050 & 908 2000

Karlmenn karlmenn! Eruði hressir ? eruði í stuði ? Magga er nýbyrjuð og er við laugardags og sunnudagskvöld og stundum á virkum dögum. Okkur langar að heyra í ykkur. Hringiði í okkur og við verðum draumadísirnar ykkar í alla nótt. Lilja, Birta og Magga.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Háseta vantar á beitningarvélabát. Uppl. í síma 894 4612.

BÁTUR TIL SÖLU

Skipamiðlunin Bátar & Kvóti

Eggert Sk. Jóhannesson. Jóhannes Eggertsson. Ólafur Thoroddsen hdl. Löggilt fasteigna, fyrirtækja og skipasala. Síðumúli 33. Sími: 5 888 111

Skemmtisnekkja - Vinnubátur, til sölu

Höfum fengið til sölumeðferðar 29 tonna skip sem hentar vel sem t.d. skemmtisnekkja eða vinnubátur. M.l. 18,9 metrar og breidd er 4,3 m. Mjög snyrtilegur að innan sem utan og er skipið með Bens vél sem er 815 hestöfl.
Ath! að skipið er áþekkt því sem er sýnt á meðf. mynd.
Nánari uppl. gefnar í síma 5 888 111.

Skipamiðlunin Bátar & Kvóti

Skipamiðlunin ehf, Bátar & Kvóti.
Sími: 5 888 111. www.skipasala.com

TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

Sogamýri – Suðurlandsbraut.
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna landnotkunar við Sogamýri – Suðurlandsbraut.
Gert er ráð fyrir að opið svæði til sérstakra nota við Suðurlandsbraut breytist í miðsvæði (sbr. skilgreining skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 m.s.br.) Svæðið er um 1 ha að stærð. Nánari stefnumörkun um leyfilega starfsemi og nýtingarhlutfall verður sett fram í deiliskipulagi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 27. nóvember 2006 til og með 8. janúar 2007. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulagsfulltrúa, eigi síðar en 8. janúar 2007.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 27. nóvember 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

PÓSTHÚSSTRÆTI 2

Pósthússtræti 2 var reist árið 1919 undir starfsemi Eimskipafélagsins, fyrsta íslenska skipafélagsins, og er á meðal þeirra stórhýsa sem setja svip sinn á götuna. Hótelkeðjan Radison SAS rekur nú starfsemi sína í húsinu, undir heitinu Radison SAS 1919 sem er tilkomið vegna skírskotunar til byggingaárs húsnæðisins. Byggingin á því mikla sögu að baki og er umkringd öðrum sögulegum byggingum í miðbæ Reykjavíkur, svo sem Hótel Borg sem var byggð árið 1930 og Pósthúsinu árið 1914. ***(heimild: www.arbaejarsafn.is)***

DRAUMAHÚSIÐ MITT SÖLVI FANNAR VIÐARSSON LÍKAMSRÆKTARFRÖMUÐUR

Timburhús með trillu

Það er ekki loku fyrir það skotið að Sölvi Fannar eignist einhvern tímann draumahúsið sitt. Hann er hófsamur í draumum sínum og biður bara um fallegt timburhús niðri við sjóinn. Þegar hann er spurður nánar út í húsið er hann þó fús að bæta aðeins við íburðinn. „Ég væri til í að hafa bátaskúr við húsið fyrir litla trillu," segir Sölvi. „Í kringum húsið væri svo stór garður með fullt af trjám. Hann yrði afdrep fyrir mig og fjölskylduna. Þar væri sólpallur, heitur pottur og allt heila klabbið fyrir sóldýrkendur."

Til þess að hægt væri að njóta sólarinnar til hins ýtrasta vill Sölvi finna skjólsælustu strandlengju Íslands fyrir húsið. Þar er komið upp smá vandamál því lengi hafa vísindamenn leitað þess staðar án árangurs. Við getum þó strax útilokað Kjalarnesið.

Sölvi Fannar sendi frá sér bók fyrir skemmstu sem fjallar um hvernig maður á að hætta að berjast á móti líkamanum og fá hann þess í stað í lið með sér í baráttunni gegn aukakílóunum. Bókin heitir Kaloríukvótinn og fyrir þá sem eiga í þeirri baráttu er vert að kíkja á bókina.

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar. Heimild: Fasteignamat ríkisins.

Meðal þess sem leyft verður að selja eru landspildur í eigu ríkisins í Hvalfirði.

Land selt á Vesturlandi

Ríkissjóði verður væntanlega heimilt að selja eignir á Vesturlandi.

Ríkissjóði verður veitt heimild til sölu ýmissa eigna á Vesturlandi gangi breytingartillögur meirihluta fjárlaganefndar við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 í gegn.

Þessu er greint frá á www.skessuhorn.is. Þar kemur fram að meðal þess sem heimilt verður að selja er eignarhlutur ríkisins í læknisbústað að Dílahæð 5 í Borgarnesi og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn. Einnig myndi þá verða leyft að selja hluta jarðarinnar í Borgarbyggð ásamt landspildu í eigu ríkisins í Hvalfirði.

- jóa

Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 94.3
Íslensk músík alltaf!

ALNO®

ALNO®

KAUPAUKI

32" DiBOSS LCD sjónvarp fylgir öllum ALNO eldhúsinnréttingum sem staðfestar eru í nóvember 2006

PANORAMA
ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is

2526 / TAKTÍK 3.11.'06

Trú, trúarbrögð og vísindi

UMRÆÐAN
Trúarbrögð

Presturinn Gunnar Jóhannesson skrifar í Lesbók Morgunblaðsins 8. júlí sl. um trú og vísindi. Ástæðan er viðtal við Richard Dawkins í Kastljósinu 25. júní, hann ásamt trúbræðrum sínum kalla sig trúleysingja, hvernig sem það má nú vera að trú (skoðun) þeirra á lífið og tilveruna sé trúleysi, vegna þess eins að vísindin hafa ekki enn fundið gemsanúmerið hjá „Guði“.

Vísindamenn hafa ekki alltaf rétt fyrir sér, það er vísindalega sannað, sá ég slegið fram nú fyrir nokkru. „Vísindi án trúarbragða eru lömuð, trúarbrögð án vísinda eru blind“ er haft eftir A. Einstein, hann sagði einnig, „Það óskiljanlegasta við alheiminn er það, að það er hægt að skilja hann“. Hann lýtur sem sé að stjórn. Er þessi stjórn ef til vill ekki það sem er í daglegu tali kallað „Guð“?

Ef til vill sjáum við ekki það augljósa, vegna þess að það er of nálægt okkur, sjáum ekki skóginn fyrir trjánum.

Grein Gunnars er nokkuð löng og skilmerkileg, og nokkuð margir menn hafa gripið penna sér í hönd og tjáð sig um málefnið.

Eitt er þó sammerkt með allflestum skrifum presta og annarra guðfræðinga að þeir hafa ekki að mínu viti getað skilgreint hvað er þessi Guð, hann, hún eða það sem gefur okkur frjálsan vilja, setur okkur svo (Guðs)lög til að fara eftir að viðlagðri refsingu.

Vil ég nú kalla eftir þessari skilgreiningu.

Mig hefur um nokkurt skeið langað að koma á framfæri nokkrum staðhæfingum er ég hef aflað mér um hvað sé „Guð“.

Ég ætla að setja þetta upp eins og „Guð“ væri að útskýra hvað „hann“ er.

„Það sem drífur alheiminn áfram og gerir tilvist hans „raunverulega“ er það sem þið fólkið kallið sál eða áru sem er í kringum alla hluti alheimsins, og sumt fólk sér. Það er eingöngu til ein sál í öllum alheiminum sem allt er hluti af. Sál ykkar er einstaklingsmynd þessa guðsanda sem er allt-sem-er, og tjáir sig staðbundið og einstök. Sálin er allsherjarlífsorkan, einskorðuð og staðbundin og ólgar á tiltekinni tíðni í tilteknu rúmi og tíma. Orka er bylgjast á einstæðan hátt og er einstætt-útstreymi-alheimslífsins, og er kölluð sál og styðst við orku alheimslífsins er hún tilheyrir, sem er eitt af þremur úrræðum hennar til að móta tiltekna upplifun, þessi orka er stundum kölluð andi. Hin úrræðin eru líkami og hugur. Sálin er þessi raunverulegi „þú“, og „þú“ ert ekki líkami þinn, sálin „þú“ notar eingöngu líkamann og hugann til að upplifa sig í ríki-hins-afstæða. Sálin getur horfið úr líkamanum um stund til að hressast og eflast, það tímabil kallið þið svefn, hún getur einnig runnið saman við alheimsorkuna í mjög langan tíma, það kallið þið dauða, en „dauði“ er að sjálfsögðu ekki til, sálin ummyndar einungis orku líkama ykkar og huga er hún sameinast aftur öllu-í-öllu (alheimsorkunni). Þannig upplifir einstaklingssálin sig aftur og aftur uns hún hefur upplifað sig í öllum litrófum lífsins og sameinast alheimssálinni að lokum sem hreinn kærleikur. Þessi orka hefur greind, eins og þið kallið það. Hún er uppspretta og geymsla allrar þekkingar og vitundar, allra gagna og upplýsinga, skilnings og upplifunar. Þið eruð þessi orka og þessi orka er þið og það er ekkert sem skilur ykkur að. Þið og allt eruð eitt með þér, því að allt er fólgið í þessari orku. Það táknar að þú og allir aðrir í heiminum eruð eitt, ekki í fræðilegum skilningi heldur í afar bókstaflegum skilningi. Það er enginn, engin mannleg vera neins staðar, sem þú átt ekki hlut í – eðlislægan og náinn hlut.

MAGNÚS JÓHANNSSON

Og því segi ég við ykkur enn og aftur.

1. Guð hefur aldrei hætt að tala við menninа millilíðalaust, hann hefur talað við og í gegnum menn frá fyrstu tíð, og gerir enn.

2. Sérhver mannvera er eins sérstök og hver önnur sem nokkru sinni hefur lifað eða mun nokkru sinni lifa. Þið eruð öll boðberar, og berið boðskap lífsins hverja stund.

3. Engin leið til Guðs er beinni en önnur. Engin trúarbrögð eru „hin sönnu trúarbrögð“, engin þjóð er „hin útvalda þjóð“ og enginn spámaður er „merkasti spámaðurinn“.

4. Guð þarfnast einskis, æskir einskis til að vera ánægður því hann er ánægjan sjálf. Þess vegna æskir hann einskis af neinum eða neinu í alheiminum.

5. Guð er ekki einstök ofurvera sem lifir einhversstaðar í alheiminum eða utan hans, og hefur ekki sömu tilfinningaþarfir eða býr við sama tilfinningarót og menn. Það-sem-er-Guð verður ekki sært eða skaddað á neinn veg og þarf því ekki að leita hefnda eða refsa.

6. Allir hlutir eru eitt. Það er aðeins eitt og allir hlutir eru hluti af því-eina-sem-er.

7. Það er ekki til neitt sem er „rétt“ eða „rangt“. Eingöngu það-sem-gefst-vel og það-sem-gefst-ekki-vel, eftir því hvað það er sem þið leitist við að vera, gera eða hafa.

8. Þið eruð ekki líkami ykkar. Það sem þið eruð er takmarkalaust og tekur engan endi.

9. Þið getið ekki dáið og þið verðið aldrei dæmd til eilífrar útskúfunar (í eldi helvítis).

Þessar staðhæfingar eru sannar. Þessar opinberanir eru raunverulegar, og þið getið notað þær sem grundvöll fyrir nýja umfjöllun andlegra efna.“

Hér líkur Guð máli sínu. Svo mörg voru þau orð, og nú er það hvers og eins að tjá sig. Það er að sjálfsögðu hægt að hafa þetta nokkuð yfirgripsmeira, en þá væri ekkert annað efni í blaðinu í dag. Með vinsemd og virðingu fyrir öllum skoðunum, og von um líflegar og skemmtilegar umræður, og munið að það ósennilega í dag er raunveruleiki morgundagsins.

Höfundur er leigubifreiðastjóri í Keflavík.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

EDDA HEIÐRÚN BACHMANN ER 49 ÁRA Í DAG

„Ég vinn eftir föngum, reyni bara að gefa svo lengi sem einhver vill taka á móti.“

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 27. NÓVEMBER 1940

Bruce Lee fæðist

Á þessum degi árið 1940 fæddist bardagahetjan Bruce Lee í San Francisco. Hann ólst upp í Hong Kong en sneri aftur til Bandaríkjanna þegar hann var átján ára gamall. Þá bjó hann í Seattle í rúm fjögur ár og nam heimspeki við Washington-háskóla en á sama tíma opnaði hann sinn fyrsta Kung fu-sal. Þar kenndi hann áhugasömum Bandaríkjamönnum hina austurlensku bardagaíþrótt.

Lee varð fyrst þekktur í Bandaríkjunum sem Kato í sjónvarpsþáttunum The Green Hornet á sjöunda áratugnum. Hann lék í nokkrum slagsmálamyndum í Hong Kong snemma á áttunda áratugnum en fyrsta mynd hans í Bandaríkjunum, Enter the Dragon, sló í gegn. Honum entist þó ekki aldur til að sjá hana á hvíta tjaldinu því hann lést aðeins mánuði fyrir frumsýningu vegna bólgu á heila. Hann var aðeins 32 ára gamall.



MERKISATBURÐIR

1896 Grímur Thomsen skáld andast 76 ára. Hann starfaði lengi í utanríkisþjónustu Dana, bjó síðar á Bessastöðum og sat á Alþingi.

1945 Noregur fær inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar.

1956 Vilhjálmur Einarsson vinnur til silfurverðlauna í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu.

1970 Páll páfi sjötti er stunginn af manni dulbúnum sem presti.

1981 Elsti Íslendingurinn, Halldóra Bjarnadóttir, andast á Blönduósi 108 ára og 44 daga.

1991 John Major verður leiðtogi íhaldsmanna í Bretlandi í stað Margrétar Thatcher.

MAÐUR Í MISLITUM SOKKUM Leikhópurinn UMF Íslendingur auglýsti eftir áhorfanda sem hló hátt og snjallt á sýningu hans.

FRÉTTABLAÐIÐ / ÞÓRHALLUR

Leikfélag lýsir eftir áhorfanda

„Jú, ég er nú þekktur fyrir að vera hláturmildur en hef ekki hlotið svona viðurkenningu fyrir það,“ segir Kristleifur Jónsson sem fyrir nokkru var eftirlýstur af leikfélaginu UMF Íslendingur. Leikararnir áttu þó ekkert saknæmt erindi við Kristleif heldur heillaði hlátur Kristleifs leikarana upp úr skónum og þeir ákváðu að bjóða honum aftur á sýninguna. „Ég hef aldrei lent í svona áður og mér var bara boðið frítt á næstu sýningar,“ segir Kristleifur sem starfar við smíðar í Borgarnesi.

Elísabet Axelsdóttir, sem leikur eitt aðalhlutverkanna í sýningunni Maður í mislitum sokkum, segir að allir í leikfélaginu hafi verið sammála um að Kristleifur ætti þessa viðurkenningu skilda. „Við vissum hins vegar bara að hann væri í rauðri flíspeysu og ákváðum að auglýsa eftir honum í Skessuhorni,“ útskýrir Elísabet. „Hópurinn fór síðan í gervum sínum í heimsókn til Borgarfjarðar og við sáum Kristleif, þekktum hann bara þrátt fyrir að hann hefði ekki verið í flíspeysunni góðu,“ segir Elísabet og hlær.

Maður í mislitum sokkum hefur gengið fyrir fullu húsi í félagsheimilinu Brún og fengið prýðilega dóma en hver fer að verða síðastur til að berja hana augum og er næsta sýning hópsins á morgun. **- fgg**

SÖNGSKÓLINN HJARTANSMÁL: FLYTUR OG SKIPTIR UM NAFN

Heiðra Sigurð Demetz

Söngskólinn sem áður gekk undir nafninu Hjartansmál hefur nýverið flutt sig um set og skipt um nafn. Nú heitir hann eftir Sigurði Demetz, fyrrum söngkennara, sem var sérstakur verndari skólans á meðan hann lifði. „Skólinn er rúmlega tíu ára gamall og var lengst af til húsa í Ými í Skógarhlíð. Nú eru miklar breytingar fram undan þar og húsið ekki lengur í eigu Karlakórs Reykjavíkur sem var mikill samstarfsaðili okkar að mörgu leyti,“ sagði Gunnar Guðbjörnsson, annar skólastjóra skólans. Skólinn kom sér því fyrir í nýju húsnæði við Grandagarð, og sagðist Gunnar vera hæstánægður með nýja staðinn. „Það er gaman að vera á svæði þar sem svona margt skemmtilegt að gerast. Svo er ekki heldur mikið af tónlistarskólastarfsemi hérna, hún er mest hinum megin við miðbæinn,“ sagði Gunnar.

Gunnar sagði skólann vera sprottinn úr grasrótarstarfi. „Þetta var hópur af fólki sem var með einkanemendur, en ákvað að halda einhvern veginn utan um þetta og setja saman skóla. Margir í þessum hópi voru gamlir nemendur og vinir Sigurðar Demetz, svo hann kom svolítið að þessu þó að hann hafi verið á níræðisaldri þegar þetta var,“ sagði Gunnar, en hann segir Sigurð hafa verið pottinn og pönnuna í því að Íslendingar eigi svo marga glæsta söngvara í dag. „Hann kom til landsins um miðja síðustu öld, þá rétt kominn inn á fimmtugsaldurinn, og helgaði líf sitt sönglist á Íslandi upp frá því,“ sagði Gunnar. „Sigurður kenndi fjöldamörgum söngvurum og mörgum kynslóðum, þar sem hann var á fullu í hálfa öld,“ sagði Gunnar, en á meðal nemenda Sigurðar eru Gunnar sjálfur og Kristján Jóhannsson. Sigurður lést í apríl í ár, og var því ákveðið að heiðra minningu hans með því að breyta nafni skólans. „Við fengum líka ýmsa persónulega muni hans í arf, svo við stofnuðum lítið safn í skólanum,“ sagði Gunnar.

Í dag stunda um níutíu nemendur nám við Söngskóla Sigurðar Demetz. „Náminu er skipt niður í deildir og við bjóðum upp á grunnnám, miðnám og framhaldsnám,“ sagði Gunnar. Hann segir skólann hafa gengið mjög vel á síðustu árum. „Við útskrifum marga nemendur, og gæði kennslunnar eru greinilega mikil því tveir nemendur hafa verið metnir beint inn í meistaranám erlendis. Þetta er orðinn alvöru skóli,“ sagði Gunnar. **sunna@frettabladid.is**

GUNNAR GUÐBJÖRNSSON Skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz segir framlag Sigurðar til sönglistar á Íslandi vera mjög merkt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

Óhefðbundið karlastarf

Þórður Kristinsson, MA í mannfræði, flutti erindi um karla í hjúkrun í ReykjavíkurAkademíunni í síðustu viku. Í tveimur rannsóknum, sem Þórður vann annars vegar fyrir meistararitgerð sína, hins vegar fyrir jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, kom í ljós að karlkyns hjúkrunarfræðingar verða varir við mikla fordóma samfélagsins í sinn garð, en karlar eru nú um 1% hjúkrunarfræðinga á Íslandi. „Viðmælendum fannst þeir þykja undarlegir í samfélaginu. Fólki fannst eitthvað hljóta að vera að þeim fyrst þeir kusu hjúkrun, þeir væru annað hvort of heimskir til að fara í eitthvað annað, eins og læknisfræði, eða samkynhneigðir,“ sagði Þórður, en hann komst einnig að því að karlkyns hjúkrunarfræðingar voru líklegri til að fara í sérfræðihjúkrun en konur.

Fréttablaðið spurði Þorstein Jónsson hjúkrunarfræðing álits á niðurstöðum rannsóknarinnar, en hann kvaðst ekki verða var við mikla fordóma. „Maður heyrir því fleygt í gríni að karlkyns hjúkrunarfræðingar séu of heimskir fyrir læknisfræðina, eða hommar, en það hefur enginn kastað þessu framan í mig,“ sagði Þorsteinn, sem kvaðst þó hafa tekið eftir því að karlkyns hjúkrunarfræðingar væru líklegri til að sérhæfa sig en konurnar.

„Ég held að það tengist því að við förum með mótaðri hugmyndir í námið. Af því að hjúkrun hefur löngum þótt vera kvennastarf held ég að strákarnir sem ákveða að læra hjúkrun þurfi að hugsa meira um það, og séu meðvitaðri um hvað þeir vilja fara í,“ sagði Þorsteinn. Hann er þó sammála Þórði að því leytinu til að viðhorf samfélagsins til karlkyns hjúkrunarfræðinga geti breyst til hins betra. „Er þetta ekki bara það sama og þegar eldra fólk verður hissa að sjá konur sem lögreglumenn?“ spurði hann. **- sun**

ÞORSTEINN JÓNSSON HJÚKRUNARFRÆÐINGUR Segist verða var við grín en enga beina fordóma.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

DAGUR RAUÐA NEFSINS
1. desember 2006
unicef

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Lagið sem kemur öllum í gott skap:

BROSTU
eftir Baggalút

er komið í verslanir Skífunnar, Hagkaupa og BT.
Lagið er samið sérstaklega fyrir Dag rauða nefsins.

Hláturinn lengir lífið!

sagafilm

HAGKAUP BT SKÍFAN BAUGUR GROUP FL GROUP FONS GLITNIR samskip



STUÐ MILLI STRÍÐA Karlmannleg ör og lýti kvenna

ÞÓRGUNNI ODDSDÓTTUR FINNAST ÖR EFTIR MEÐGÖNGU KVENLEG OG FALLEG

Við lifum í ótrúlega brengluðum heimi. Ég sé það alltaf betur og betur og stundum fer það ferlega í taugarnar á mér. Við búum til dæmis í heimi þar sem sjónvarpsþættir sem ganga út á það að breyta útliti kvenna með lýtaaðgerðum eru gríðarlega vinsælir. Konurnar í þessum þáttum eru ólíkar. Sumar vilja láta stækka brjóstin, sumar fá nýjar tennur og á öðrum er nefið mótað upp á nýtt. En eitt eiga þær allar sameiginlegt, ef þær eiga börn þurfa þær undantekningarlaust að láta laga á sér magann. Slit eftir meðgöngu þykja nefnilega með því ljótasta sem fyrirfinnst í heimi fegurðar og æskudýrkunar. Það þykir ekki kvenlegt að vera með ummerki eftir það kvenlegasta af öllu kvenlegu – að ganga með börn og fæða þau. Þvílík hræsni.

Um daginn horfði ég á bíómynd sem fjallaði um gamla stríðshetju. Þessi fyrrum hermaður naut virðingar allra í kringum sig því hann hafði misst handlegg fyrir föðurlandið og var að auki með stórt ör á annarri kinninni sem vakti aðdáun krakkanna í hverfinu. Þótt ör séu sjaldan falleg þykir svolítið karlmannlegt að vera með ör eftir átök lífsins. Sérstaklega ef þau eru fengin við lífshættulegar aðstæður. Karlmaður skammast sín ekki fyrir örið sem hann fékk í stríðinu eða á sjónum en eiginkonan hans ætti að drífa sig í lýtaaðgerð ef hún slitnar mikið á meðgöngunni. Enn og aftur – þvílík hræsni.

Það að eignast börn er líklega það merkilegasta sem við gerum á lífsleiðinni. Hvers vegna má það ekki skilja eftir sig ör? Ættu slappur magi og sigin brjóst ekki bara að vera jákvæð tákn um að maður hafi lagt eitthvað á sig og skilað einhverju til samfélagsins?

Kannski á viðhorfið eftir að breytast. Kannski ekki. Æskudýrkun er ekki ný af nálinni en í dag er hún fáránlega sterk. Það er frekar sorgleg staðreynd í ljósi þess að aldrei áður í mannkynssögunni hafa menn og konur átt jafn góða möguleika á langlífi.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman


Atla úr Strákunum er nóg boðið...
... í næsta þætti TEKINN.
SIRKUS
MÁNUDAGAR
KL 21:00
Apple á Íslandi
SIRKUS TV
90% heimila ná SIRKUS TV & SIRKUS TV+ á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

kl. 20 í Salnum
Annar flutningur Flúðabóndans Miklos Dalmay á öllum píanósónötum Mozarts. Nú verða það sónötur númer 6, 7, 8 og 9 sem Miklos leikur. Hann er menntaður frá heimaborg sinni Búdapest og í Svíþjóð en hefur búið hér og starfað á annan áratug.

menning

menning@frettabladid.is

Reed flytur Berlín

Pressan er logandi með fréttum af Lou Reed sem ætlar að flytja söngvahringinn sinn, Berlín, frá 1973 á Sidney-hátíðinni í Ástralíu í janúar og síðan í New York. Berlín var unnin 1973 og fylgdi í kjölfar Transformer sem David Bowie stýrði upptökum á 1972 og sólóplötu sem var tekin upp undir nafni Reeds 1971 en þetta voru fyrstu sólóverk Reeds eftir feril hans í Velvet Underground. Bob Ezrin (The Wall) framleiddi Berlín sem er konsept albúm eins og þau tíðkuðust um það leyti og segir frá strák sem er að flækjast með sér eldri konu í ruglinu. Fá verk frá þessu tímabili eru eins miskunnarlaus í lýsingu sinni á upplausn óreglu og lyfjaneyslu. Undirleikur einkenndist af frábærri spilamennsku og stórum sinfónískum útsetningum sem þá þóttu harla púkó. Verkið er nú talið eitt mesta afrek Reeds. Hann hefur aldrei flutt verkið á sviði en nú það í undirbúningi: málarinn og leikstjórinn Julian Schnabel gerir umgjörðina en meðal þeirra sem fram koma er Antony, söngvarinn góðkunni.

LOU REED

> Ekki missa af...

Pétri Gaut í Kassanum. Allra síðustu sýningar eru auglýstar 8. og 9. desember.

Lennon-tónleikum þann 3. desember en á tónleikana 1. og 2. er uppselt.

Flutningi á Baby Jar, þréttándu sinfóníunni eftir Sjostakóvits, sem flutt verður í Háskólabíói á fimmtudag.

Útgáfutónleikum Stebba og Eyva sem verða í Borgarleikhúsi á miðvikudag kl. 20 og 22.

NÝJAR BÆKUR

Útlendar konur í húsi annarrar konu

Hjá Vöku-Helgafelli er komin út Ljósið í Djúpinu. Örlagasaga Rögnu Aðalsteinsdóttur á Laugabóli. Reynir Traustason skráði. Saga Rögnu Aðalsteinsdóttur bónda á Laugabóli við Djúp lætur engan mann ósnortinn. Ragna

elst upp við misjöfn kjör í Inndjúpinu á fyrri hluta 20. aldar og þarf á barnsaldri að sjá á eftir móður sinni og systur. Hér er sögð einstök saga sterkrar og sjálfstæðrar konu sem upplifir meiri sorgir en lagðar eru á flest fólk. Náttúruhamfarir á Vestfjörðum taka tvö börn hennar og barnabarn. Þrátt fyrir þung áföll býr Ragna yfir einstökum krafti sem samferðafólk hennar hefur notið góðs af, ekki síst þeir sem átt hafa undir högg að sækja í lífinu. Bakgrunnur þessarar örlagasögu er miklar þjóðfélags- og þjóðlífsbreytingar síðustu aldar, en í forgrunninum stendur ótrúleg kona sem á stundum virðist hafa samband við aðra heima. Ragna Aðalsteinsdóttir er kvenskörungur í bestu merkingu þess orðs.

Út eru komin greinasafnið Lagaþræðir eftir Pál Sigurðsson. Bókin geymir sjö ritgerðir um lögfræði og réttarsögu, fimm af sviði samanburðarlögfræði, þar sem fjallað er um rétt og lögfræði annarra þjóða. Fjallað er um rétt Svía, Finna, Skota, Ísraela, Egypta og Indverja

með margvíslegum samanburði og vísunum til annarra réttarkerfa. Þá er ýtarleg ritgerð um lögfræðileg ritverk Magnúsar Stephensen dómstjóra sem var merkur lagamaður á fyrri tíð, æviatriði hans og aldarfar á hans tíma. Þá er í ritinu úttekt á helstu þáttum samninga og kröfuréttar. Það svið hefur grundvallarþýðingu í íslenskri lögfræði. Höfundur er prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan dreifir.

Önnur skáldsaga Auðar Jónsdóttur gerist í ónefndri borg í ónefndu landi þar sem innflytjendur ógna þriðju kynslóð borgarbúa með nýjum siðum. Ógn ríkir á strætunum, hópar unglinga fara um með látum og ofbeldi. Fátækir menn og húsnæðisleysingjar eru í vonlítilli baráttu fyrir sæmandi lífskjörum og sæta laumulegu eftirliti yfirvalda meðan heimamenn lifa í öryggi sínu. Þetta er kunnugleg mynd: Auður er að lýsa velflestum stærri borgarsamfélögum hinna mettu meginlanda.

Frá þessari heimsmynd smíðar hún aðra smáa sem dregur fram meginþætti í kúgun þess ráðandi á þeim undirokaða. Náttúrulaus auðkona hefur lengi lifað á arfi en nú er hann uppurinn. Sér til framfæris ræðst hún í greinarskrif um hag hinna húsnæðislausu og fær þá nasasjón af brýnni þörf þeirra og ákveður að leigja útfrá sér: þrjár konur á götunni gangast undir harða ofurkosti hennar, ein þeirra er með stúlkubarn með sér. Þær eru allar aðkomnar, hver úr sínu horni kringlunnar.



AUÐUR JÓNSDÓTTIR Þau efni sem sáust í Fólkinu í kjallaranum hafa þroskast og dafnað.

Auður hefur í þessari sögu sinni náð mun styrkari tökum á sögustíl og sögusniði, efnið er um sumt keimlíkt meginþáttum fyrstu sögu hennar, en skrefin sem hún hefur tekið í samslungnum setningum, þaulunninni skipan milli greinarskila og heilsteyptu og fallegu orðfæri eru satt að segja furðu mörg. Rómur hennar er að styrkjast, hugsunin í setningabyggingu er alltaf fáguð en lituð persónulegum tóni og einhverjum innileik sem er undra falslaus og áreynslulítill.

Átökin í verkinu er undir loki, allar passa konurnar sig í sambúðinni sem heimtar af þeim öllum breytta framkomu sem mótast af eigingjörnum heimi húsráðandans sem er koksrugluð eftirlætispadda sem Auður lætur okkur lesendur standa með lengi vel með meðvirkni sjónarhorns. Sögumeistarinn klæðir sig fumlaust og örugglega í föt þeirra allra en konurnar standa okkur misnærri, Auður stýrir stöðu þeirra í heim lesandans af öryggi en nokkurri nísku um sumar sem skapar enn meiri forvitni. Lyktir verksins eru samt nokkuð fyrirsjáanlegar. Utan þrenningar þeirra aðfluttu og litlu stúlkunnar sem verður með í þessu valdatafli uns hún velur sína leið, þá speglast húsráðandinn í vinum sínum, karli og konu. Í gegnum hann leiðist sagan með fundvísum hætti aftur inn í hina stóru mynd sem sýnir hversu hugsuð flétta Auðar er orðin. Þar er hún líka að vaxa. Eins og góðum sögumönnum sæmir kemur hún lesanda þó snyrtilega á óvart í sögulok.

Tryggðapantur læst vera kvennasaga en hefur miklu, miklu víðari skírskotun en það. Lýsingar á fatnaði, híbýlum, matargerð, litskrúði og birtu kölluðu oft fram í huga hið fegraða myndefni glanstímaritanna, hinn tilbúna heim þar sem ásýnd er login. Öryggið sem konurnar fjórar búa við er líka grunnlítið. Þannig er sagan í

BÆKUR

Tryggðapantur
Auður Jónsdóttir
Mál og menning

★★★★★

Brýn og glæsilega stíluð, þaulhugsuð saga um stórt efni.

þriðja hveli sínu stór líking um heiminn sem við búum í. Það er feikilega metnaðarfullt markmið hjá ungum höfundi og næst.

Auður er að ná þeim þroska að hún smíðar spakmæli sem leggjast fyrirferðarlaust í stílinn: „Fullorðinsárin fólust í því að klæða burt kenndir sínar.“ Það var með miklum feginleik að þessi lesandi las Fólkið í kjallaranum fyrir tveimur árum, já rétt tveimur árum, og eins er ekki annað en hægt að gleðjast hvað hún Auður Jónsdóttir heldur áfram að vaxa í þessari glæsilegu skáldsögu sinni Tryggðapanti, þroska sinn meitlaða stíl og takast á við söguefni sem skiptir máli og er brýnt hér og nú – og miklu víðar.

Páll Baldvin Baldvinsson

Nemur eyrað það sem augað sér?

Fáðu enn kröftugri hljómburð úr stóra flatskjánum þínum með **Yamaha** heimabíómagnara. Með **Yamaha** magnara og réttu hátölurunum verða heildaráhrifin af myndinni og upplifunin öll sterkari, hljómurinn kemur úr öllum áttum í rýminu og þér finnst eins og það sé bíó heima hjá þér.

Lennon hylltur um helgina

Æfingar hófust á föstudaginn leið fyrir hljómleikana til heiðurs John Lennon sem haldnir verða í Háskólabíói 1., 2. og 3. desember. Þá var í fyrsta sinn stefnt saman öllum þeim sem að tónleikunum koma á sviði. Þar voru æfðar nýjar útsetningar á lögum eftir John Lennon sem verða fluttar af Sinfóníuhljómsveitinni og fleirum. Það er Haraldur Vignir Sveinbjörnsson sem hefur útsett lögin, konsertmeistari er Sigrún Eðvaldsdóttir og stjórnandi er Árni Harðarson. Á æfingunni var fléttað saman undirbúningsvinnu rokkhljómsveitar og Sinfóníunnar, en rokksveit undir stjórn Jóns Ólafssonar hefur æft þessi lög undanfarið ásamt söngvurum.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir miðum á hljómleikana sem haldnir verða í Háskólabíói 1. desember kl. 20, laugardaginn 2. desember kl. 16 og 20 og sunnudaginn 3. desember kl. 20. Fljótlega eftir að miðasala hófst varð uppselt á fyrstu hljómleikana þann 1. desember og því var ákveðið að bæta við fleiri hljómleikum. Alls verða því haldnir fernir hljómleikar.

Fjörutíu hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands koma fram á hljómleikunum auk rokkhljómsveitar og söngvara. Fram koma söngvararnir Björn Jörundur, Hildur Vala, KK, Páll Rósinkrans, Magnús Þór Sigmundsson, Jón Ólafsson, Sigurjón Brink, Pétur Örn Guðmundsson, Jens Ólafsson úr hljómsveitinni Brain Police, Haukur Heiðar Hauksson úr hljómsveitinni Dikta og færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir.

Rokksveitina skipa Jón Ólafsson, Guðmundur Pétursson, Stefán Már Magnússon, Pétur Örn Guðmundsson, Friðrik Sturluson og Jóhann Hjörleifsson. Kynnir á hljómleikunum er Sigurður Skúlason, leikari. Það eru Ofurhetjur sem standa að hljómleikunum í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

TÓNLIST Sinfónían spilar Lennon með Guðmundi Pétursyni, Hauki Heiðari Hauksyni úr Diktu og fleiri tónlistarmönnum úr rokkgeiranum. FRÉTTABLAÐIÐ STEFÁN

GJAFIR Í ANDA JÓLANNA Í KIRKJUHÚSINU LAUGAVEGI 31

frá kr. 1500,-

frá kr. 1490,-

frá kr. 9900,-

frá kr. 4500,-

kr. 1700,-



kr. 700,-

kr. 1990,-

Handmálaðir krossar frá kr. 1990,-

kr. 7450,-

frá kr. 5500,-

Mánaðarenglar kr. 1690,-

Kirkjuhúsið - Skálholtsútgáfan
Sími: 552 1090 og 562 1581
Netfang: skalholtsutgafan@skalholtsutgafan.is
www.skalholtsutgafan.is

KIRKJUHÚSIÐ - BÓKABÚÐ Á KRISTNUM GRUNNI

YAMAHA RX-V659
7 x 150 W, 4 ohms, 1kHz, 0,7%THD
EISA verðlaunamagnari 2007
Verð: 69.995 kr.

YAMAHA RX-N600
6 x 145 W, 4 ohms, 1kHz, 0,7%THD
Tengjanlegur við internet
Verð: 79.995 kr.

YAMAHA RX-V2700
7 x 200W, 4 ohms, 1kHz, 0,7%THD
Uppskölun í HDMI: 576p, 720p eða1080i
Verð: 169.995 kr.

PIPAR • SÍA • 60531

YAMAHA

Hátækni

Komdu í Hátækni og heyrðu betur það sem við höfum að segja um Yamaha heimabíómagnara.

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

domo

Léttristaður íslenskur humar í engifer
og chili með spergli og trufflu-olíu

DOMO RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588

LEIKHÓPURINN Í SÝNINGU NEMENDALEIKHÚSSINS Fálmandi framganga í óljósri leikstjórn dansks leikstjóra með litla reynslu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

Blóðlítið nemendabrúðkaup

Undirtektir á frumsýningu Nemendaleikhússins á Blóðbrúðkaupi Lorca á föstudag voru heldur daufar; klappliðið þó mætt, kennarar og starfsmenn, forkólfar og embættismenn. Og gagnrýnendur. Sú var tíðin að nýliðun var svo hæg í íslenskum leikhúsum að sviðsetningum Nemendaleikhússins var fagnað af ofsalegu dálæti á nýjum andlitum. Sannleikurinn er sá að það heyrir til undantekninga að sýningar nemenda haldi máli; stóran mun mátti sjá þegar nemendahópurinn var settur inn í samhengi starfandi leikflokks í sviðsetningu Benedikts Erlingssonar á Draumleik fyrir fáum misserum.

Blóðbrúðkaup er valið af dönskum leikstjóra sem hingað var valinn af einum kennara skólans. Nemendurnir stærðu sig af því skömmu fyrir frumsýningu að textann hefðu þeir sullað saman úr tveimur íslenskum þýðingum og einni enskri. Það var það fyrsta sem stakk í eyrun á frumsýningunni. Virðingarleysið fyrir töluðu máli og upphöfnum stíl skáldsins lýsti af textanum, þar ægði saman flötu máli og upphöfnu, leikendum gekk enda illa að fóta sig í ljóðrænum stíl skáldsins. Og þegar leikari veit ekkert hvert hann er að fara með textanum kemur það niður á öllu fasi hans, svipbrigðum og hreyfingu.

Það er óskiljanleg ráðstöfun að kalla til erlendan leikstjóra að verkinu. Henni og samverkamönnum er veitt tækifæri til að setja verkið upp á eina hringsviði landsins og sitja áhorfendur í þröngum helmingi áhorfendasvæðisins en leikið í djúpum botni, tveimur hliðarpöllum, baksviði og yfir því svölum. Það þarf ansi harðsnúinn leikhóp til að tengjast og varpa því til áhorfenda á svo bútuðu svæði. Leikstjórinn megnar ekki að upphefja hin ólíku svæði leiksins í eitt rými, hann þjónar atriðisskiptingunni með því að lesa leikleiðbeiningar og útlistanir milli atriða sem í flestum tilvikum staðfesta hið augljósa. Sundurbútun hans á atriðum verksins tætir heild þessa harmasöngs sem verkið er.

Sviðsetningin er öll í útliti höll undir fornan natúralisma, eins og það hafi þurft. Ljóðið er svo hreint í sínu einfalda táknkerfi að það kallar næstum á abstrakt leikmynd.

Ég kýs að nafngreina ekki flokkinn: utan Vigni Hrafn Valþórsson sem er skrefi framar félögum sínum: þeir eru allir viðvaningslegir á sviði, fálmandi í óskýru konsepti leikstjóra síns.

Mesta furðu vekur hvað sýningin er öll er orkulítil, hvað í hana skortir kraft og hita. Það er áhyggjuefni. Leiklistardeild Listaháskólans hefur um langan tíma verið heilög kýr: slök frammistaða deildarinnar í verkefni sem þessu dregur upp efasemdir um kennaralið skólans og tengsl hans við virkt leikhúslíf í landinu. Hann er helsjúkur af foragt af reynslu og þangað eru kallaðir einstaklingar sem hafa afar takmarkaða reynslu af praktísku starfi á sviði. Raunin hefur enda orðið sú að kraftar á íslenskum sviðum koma víðar að, úr erlendum skólum, jafnvel áhugamennsku. Flestir nemendur sem þaðan útskrifast ná áttum á sviðum landsins á tveimur leiktíðum fái þeir vinnu. Hinir hverfa til annarra starfa. Þannig að það gerir máski ekki mikið til þó fjórum árum kennara og nemenda sé fórnað fyrir jafn slakan árangur og þessi sýning er. Eða hvað?

Tónlist Egils Guðmundssonar prýddi sýninguna sem á kafla virtist ætla að breytast í söngleik. Hún var áheyrileg og fallega spiluð. Þannig að í einhverjum deildum skólans eru reynsluríkt fólk að fleyta nemendum sínum til kunnáttu á sínum listrænu meðulum.

Páll Baldvin Baldvinsson

LEIKLIST
Blóðbrúðkaup
Nemendaleikhús á Litla sviði Borgarleikhúss
eftir Federico Garcia Lorca
Leikstjóri: Kamilla Bach Mortensen
★
Ómarkviss og viðvaningsleg sýning.

Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

Stórfengleg!
Fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12. **Síðustu sýningar fyrir jól!**
Lau. 6/1, lau. 13/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR
Fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00, sun. 21/1 kl. 14:00

PÉTUR GAUTUR
Fös. 8/12 örfá sæti laus, lau. 9/12 örfá sæti laus. **Allra síðustu sýningar!**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

PATREKUR 1,5
Lau. 6/1, lau. 13/1.
ATH! Miðaverð aðeins 1500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN KL. 20:00

UMBREYTING **Brúðusýning fyrir fullorðna!**
Fös. 1/12 kl. 20:00.

LEIKHÚSLOFTIÐ

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Lau. 2/12 kl. 13:00 uppselt - sýn kl. 14:30 örfá sæti laus - sýn kl. 16:00 uppselt, sun. 3/12 kl. 13:00 uppselt - sýn kl. 14:30 uppselt - sýn kl. 16:00 örfá sæti laus, lau. 9/12 kl. 13:00 uppselt - sýn kl. 16:00, lau. 16/12 kl. 13:00 - sýn. kl. 14:30, sun 17/12 kl. 13:00 örfá sæti laus - sýn. kl. 14:30.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Svartur köttur við Pollinn

Hjá Leikfélagi Akureyrar eru hafnar æfingar á leikritinu Svartur köttur (The Lieutenant of Inishmore) eftir Martin McDonagh. Leikritið er margverðlaunað og hefur víða vakið verðskuldaða athygli. Sömu sögu er að segja um mörg fyrri verka McDonaghs: Koddamanninn, Halta Billa og Fegurðardrottninguna frá Línakri sem öll hafa verið sýnd hérlendis. Frumsýning verður 20. janúar hjá LA í Samkomuhúsinu en þá eru liðin 100 ár frá fyrstu frumsýningu í húsinu.

Þetta hófst allt með því að dauður köttur fannst á veginum – besti vinur Patreks í öllum heiminum. Hann leitar hefnda, Mairead leitar að ástinni, allir leita að Patreki nema Davey sem leitar að leið út úr klandrinu. Sagan er reyfarakennd og fyndin, persónurnar vitgrannar en brjóstumkennanlegar, umfjöllunarefnið áleitið og húmorinn flugbeittur. Svartur köttur var frumsýndur í Bretlandi fyrir fjórum árum og var valinn gamanleikrit ársins af þarlendum gagnrýnendum. Nú í vor var leikritið svo frumsýnt á Broadway þar sem leikhúsunnendur halda ekki vatni.

MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON, LEIKHÚSSTJÓRI LEIKFÉLAGS AKUREYRAR

Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson. Filippía Elísdóttir hannar leikmynd og búninga en hún er með reyndustu og eftirsóttustu búningahönnuðum landsins en hefur ekki áður hannað leikmynd fyrir leikhús. Þórður Orri Pétursson hannar lýsingu. Hljómsveitin SKE semur, útsetur og flytur tónlist og þýðingu annaðist Hávar Sigurjónsson. Ragna Fossberg hannar gervi. Leikarar eru: Guðjón Davíð Karlsson, Þráinn Karlsson, Ívar Örn Sverrisson, Ísgerður Gunnarsdóttir, Gísli Pétur Hinriksson, Ólafur Steinn Ingunnarson og Páll S. Pálsson.

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14
Lau 30/12 kl.14 Sun 7/1 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 1/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20
Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20

FOOTLOOSE
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20
Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20

BLÓÐBRÚÐKAUP
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Mið 29/11 kl. 20 Fim 30/11 kl.20
Fös 1/12 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20
Sun 3/12 kl. 20 Miðaverð 1.500

SÖNGLIST NEMENDASÝNINGAR
Lau 2/12 kl. 14:30 Sun 3/12 kl. 11:00
Sun 3/12 kl. 14:00 Mán 4/12 kl. 17:00

BROT AF ÞVÍ BESTA
Fim 30/11 kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

MEIN KAMPF
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

AMADEUS
Sun 3/12 kl. 20 Sun 10/12 kl. 20
Sun 7/1 kl. 20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22. Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Í dag kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Í dag kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Þri 28/11 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Þri 28/11 kl. 13:00 Miðaverð 500
Mið 29/11 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Mið 29/11 kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Fim 30/11 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Fim 30/11 kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Fös 1/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Fös 1/12 kl. 13:00 Miðaverð 500
Mán 4/12 kl. 9:30 Miðaverð 500
Þri 5/12 kl. 9:30 Miðaverð 500
Mið 6/12 kl. 9:30 Miðaverð 500
Fim 7/12 kl. 9:30 Miðaverð 500
Lau 9/12 kl.. 13:00 UPPS Miðaverð 1.400
Lau 9/12 9/12 kl. 15:00 Miðaverð 1.400
Sun 10/12 kl. 13:00 Miðaverð 1.400
Sun 10/12 kl. 15:00 Miðaverð 1.400

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna
SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur,
Sjón og Messíönu Tómasdóttur
3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ KR. 2.500
Gjafakort í Óperuna - Tilvalin jólagjöf
Spennandi verkefni á vormisseri - verð frá kr. 1.000
Til sölu í miðasölu Íslensku óperunnar
STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

NÝIR DISKAR

Í rökkri nefnist geisladiskur með sönglögum Magnúsar Blöndals Jóhannssonar í flutningi Ásgerðar Júníusdóttur, messósóprans. Á disknum má finna í fyrsta sinn öll sönglög Magnúsar, allt frá Sveitinni milli sanda til Draumsýnar, en hið síðarnefnda er í hópi þeirra mörgu laga sem frumflutt eru á disknum. Meðal annarra flytjenda á geisladisknum Í rökkri eru Árni Heimir Ingólfsson píanóleikari og Steingrímur Þórhallsson organisti. Einnig er þar að finna endurhljóðblandanir, eða endurgerðir, fimm ungra tónskálda á jafnmörgum lögum, en með því er minnst frumkvöðulsstarfs Magnúsar á sviði raftónlistar á Íslandi. Tónskáldin eru Þuríður Jónsdóttir, Þóra Marteinsdóttir, Áki Ásgeirsson, Davíð Brynjar Franzson og Ghostigital (Einar Örn Benediktsson og Curver). Auk þessa er á disknum myndbandsverk eftir Ara Alexander Ergis Magnússon við lagið Aría. Upptökur fóru fram í Salnum og Neskirkju sumarið 2006, upptökustjóri var Sveinn Kjartansson. Um útlit disksins sáu Íris Þorsteinsdóttir og Ámundi Sigurðsson. Útgefandi er Smekkleysa.

Artifex gefur út geisladiskinn Gömul ljósmynd með úrvali sönglaga eftir tónskáldið Tryggva M. Baldvinsson. Sönglög hafa verið stór hluti af tónsköpun Tryggva og spanna lögin á disknum allan tónskáldaferil hans. Þar eru lýsandi dæmi um þá fjölbreytni sem finna má í tónmáli hans, allt frá fíngerðri atónal tónlist til bráðfjörugra skemmtisöngva. Mörg sönglaga Tryggva hafa notið vinsælda meðal íslenskra söngvara og má þar helst telja lagið um Krumma við ljóð Davíðs Stefánssonar og hið dramatíska lag Gömul ljósmynd við ljóð Sveinbjarnar I. Baldvinssonar, bróður hans. Í fyrsta sinn er hér einnig að finna öll lög Tryggva við ljóðabók Þórarins Eldjárns, Heimskringlu. Lögin eru hér flutt við undirleik salonhljómsveitar. Flytjendur á geisladisknum eru þau Marta Halldórsdóttir sópransöngkona og tenórsöngvarinn Snorri Wium, en til fulltingis þeim leika Hrefna Eggertsdóttir píanóleikari og Kjartan Óskarsson klarinettuleikari auk áðurnefndrar salon-hljómsveitar undir stjórn Arnar Magnússonar.

Hinir ástsælu Spaðar ráfa fram og aftur í tíma og rúmi á fjórða geisladiski sínum sem nú er kominn út og nefnist Stundaglasaglaumur. Hér er meðal annars að finna tillögu að nýjum þjóðsöng Evrópu og hippalegan Kalíforníubrag, sungið er um silungsveiði, álfa og þjóðarblómið, drykkurinn „Asni" rifjaður upp og Flóaáveitunnar minnst auk þess sem hlýða má á Grettissögu á sex mínútum sem hentar prýðilega fyrir þá sem ekki nenna að lesa söguna. Spaðar hafa sent frá sér allmargar spólur og geisladiska síðustu rúma tvo áratugi. Tónlist þeirra hefur verið lýst svo að þar blandist bítlamúsík og blús við íslenska gömludansamúsík með viðkomu í ýmsum uppsveitum Evrópu. Meðlimir Spaða eru: Guðmundur Andri Thorsson söngur og gítar, Dr. Gunnar Helgi Kristinsson harmónika, Aðalgeir Arason mandólín, Guðmundur Pálsson fiðla, Magnús Haraldsson gítar, Guðmundur Ingólfsson kontrabassa og Sigurður G. Valgeirsson trommur. Platan var tekin upp í Sýrlandi af Axel Árnasyni. Útgefandi er Spaði en dreifingu annast 12 tónar.

GRÍMSSTAÐIR Á GRÍMSSTAÐAHOLTI Karólína Magnúsdóttir leikur á fiðlu.
ÚR EINKASAFNI MAGNÚSAR KARLS PÉTURSSONAR OG INGIBJARGAR MAGNADÓTTUR.

Sérðu það sem ég sé

Á morgun kl. 12.10 verður fimmta sérfræðileiðsögnin sem Þjóðminjasafnið stendur fyrir í vetur. Þá mun Inga Lára Baldvinsdóttir „ausa úr viskubrunnum" og kynna myndabrunna safnsins. Inga Lára er fagstjóri Myndasafns Þjóðminjasafnsins og mörgum að góðu kunn. Jafnan berast fréttar af nýjum skemmtilegum ljósmyndasýningum í Þjóðminjasafninu en Inga Lára er sýningarhöfundur þeirra margra. Á þriðjudaginn kemur mun hún svo beina athyglinni að ljósmyndum á sjálfri grunnsýningunni en hún er einnig höfundur myndasýninga þar. Tuttugustu öldina segir Inga Lára vera öld ljósmyndarinnar: „Enginn annar miðill nær að fanga hugblæ tímans og samfélagsbreytingarnar með sama hætti og ljósmyndin og sambærilegt myndmagn er ekki til frá neinni annarri öld."

20. öldin er ekki einungis sýnd með munum á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins heldur einnig með um þúsund ljósmyndum. Fjórar ólíkar ljósmyndasýningar eru á sérstökum skjáum við 20. aldar færibandið við endavegg grunnsýningarinnar á 3. hæð. Saga 20. aldarinnar er sögð á ljóslifandi hátt í Aldarspeglinum, – aðalmyndasýningunni. Þar er varpað upp myndum af landi og þjóð ár frá ári gegnum alla öldina og fæst þannig yfirgripsmikil sýn. Auk Aldarspegilsins eru þrjár skjámyndasýningar um afmarkaðri efni: mannamyndir, fólk og ferðalög og bernskuna.

Skjámyndasýningarnar hafa heppnast afar vel en ýmis vandkvæði geta þó verið fólgin í því að segja sögu með myndum. Það verður forvitnilegt að hlusta á Ingu Láru Baldvinsdóttur sjálfa segja frá sýningargerðinni og ræða um val á sýningarefnum og myndum.

Þjóðminjasafn Íslands leggur áherslu á aðgengi fyrir alla. Táknmálstúlkar fylgja nú sérfræðileiðsögnunum og er fólk hvatt til að nýta sér það.

Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 94,3
Íslensk músík alltaf!

GULL BYLGJAN 909

SJÓVÁ STYRKIR FORVARNAR- OG MENNINGAR-VERKEFNI ÁRIÐ 2007

Sjóvá hefur um árabil veitt margvíslega styrki til ýmissa forvarnar- og menningarverkefna. Félagið vill hlúa að margvíslegum verkefnum sem stuðlað geta að slysavernd, íþróttastarfi og menningu. Árið 2007 mun félagið leggja sérstaka áherslu á forvarnir við úthlutun styrkja.

Þeir sem óska eftir styrkjum frá félaginu árið 2007 skulu senda inn umsókn á stöðluðu formi sem birt verður á sjova.is fyrir 1. desember 2006. Úthlutun styrkjanna verður tilkynnt í byrjun febrúar 2007.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Þorsteinsdóttir á netfanginu ingibjorg.thorsteinsdottir@sjova.is.

SJÓVÁ

KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS

fjörið ... fólk

folk@frettabladid.is

Stjarnan í ruglinu

Leikkonana unga Lindsay Lohan á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir.

Slúðurblöðin vestanhafs eru þessa dagana full af sögum þess efnis að Lindsay sé á kafi í eiturlyfjum.

Leikkonan unga á að hafa fundist meðvitundarlaus á hótelherbergi sínu í Los Angeles eftir að hafa tekið inn mikið magn af kókaíni og verkjatöflum.

Síðan sást Lindsay fyrir stuttu í bol með áletruninni 90 dagar framan á og er það orðatiltæki sem alkóhólistar nota yfir hversu lengi þeir hafa verið edrú.

Þetta hefur gert það að verkum að nú hefur Lindsay fengið viðurnefnið „Blohan“ sem er vísun í það að hún sjúgi upp í nefið eins og kókaínneytendur gera. Sumir fjölmiðlar halda því hins vegar fram að Lindsay sé nú þegar búin að fara í meðferð.

Ekki er þetta gott fyrir orðspor leikkonunnar sem fékk svartan blett á sig í sumar þegar hún fékk áminningu fyrir að mæta alltaf of seint þegar hún var við tökur á nýjustu mynd sinni.

Nú er því bara að bíða og sjá hvernig Lindsay Lohan tekst að bjarga orðspori sínu eftir orrahríð fjölmiðla vestanhafs á hana.

Í RUGLI Lindsay Lohan á tískuvikunni í New York en hún sætir nú ásökunum um að vera áfengis- og eiturlyfjafíkill.

EINU SINNI VAR... Þessi mynd er af Lindsay þegar hún var að rísa upp á stjörnuhiminn og var ennþá ung og óreynd af fylgikvillum frægðarinnar.

NOEL OG LIAM Hafa oft eldað grátt silfur saman.

Bræður í hár saman á ný

Þeir bakkabræður Noel og Liam Gallagher úr Oasis eru komnir í hár saman eina ferðina enn og segir Noel að litli bróðir þurfi að temja sér mannasiði. Liam er 34 ára en Noel á eitt ár í fertugt. Bræðurnir talast víst varla við utan hljóðversins og gjáin á milli þeirra dýpkar stöðugt. „Noel verður skrýtnari með hverju árinu, sérstaklega þegar hann er að nálgast fertugt,“ segir Liam. „Hann verður ábyggilega kominn á gulan Ferrari næst þegar ég hitti hann,“ bætti hann við og leyndi ekki vandþóknun sinni á gulum Ferrari-bifreiðum og þeim sem slíkum bílum aka.

Noel svaraði ásökunum bróður síns á þá leið að Liam þyrfti að fara á námskeið til að læra að hafa stjórn á skapi sínu og temja sér mannasiði í leiðinni.

SYNGJA SAMAN Tom Cruise vill nú syngja lag á smáskífu með eiginkonu sinni Katie Holmes.

Paradúett

Nú hefur leikarinn Tom Cruise sagt að hann langi að gefa út smáskífu með laginu sem hann söng fyrir nýbakaða eiginkonu sína Katie Holmes í brúðkaupi þeirra síðustu helgi. Það er Righteous Brothers-lagið You´ve lost that lovin´ feelin og vill Cruise að Katie syngi með sér lagið á smáskífunni. Gestir brúðkaupsins stóðu víst á öndinni þegar Cruise söng lagið í veislunni og þykir hann hafa góða rödd.

Plötufyrirtæki standa víst í röðum um að fá að gefa lagið út enda ekki á hverjum degi sem jafn stór stjarna og Tom Cruise vill syngja lag á plötu, hvað þá með eiginkonu sinni.

Grínarar sameinast fyrir góðan málstað

Einhver umsvifamesta sjónvarpsútsending sem lagst hefur verið í verður á föstudaginn þegar Dagur rauða nefsins verður haldin hátíðlegur á vegum UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Um hundrað manns koma að útsendingunni sem kemur til með að standa yfir í þrjár klukkustundir. Miðpunkturinn verður á Nasa við Austurvöll þar sem þau Sverrir Þór Sverrisson og Ilmur Kristjánsdóttir stjórna en í símverinu verður Óskar Jónasson og á flakkinu Edda Björgvinsdóttir sem bryddar upp á óvæntum hlutum. Landslið grínara og listamanna heldur uppi stuðinu og nægir þar að nefna liðsmenn Spaugstofunnar, Sigtið og þá Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr úr Tvíhöfða.

Lagið Brostu, sem var gefið út í tilefni dagsins og skartar fjölda þekktra gestasöngvara á borð við Unni Birnu Vilhjálmsdóttur og Karli Sigurbjörnssyni biskup Íslands, verður síðan lag kvöldsins.

Að sögn Margrétar Jónasdóttur hjá Saga Film, sem hefur veg og vanda af útsendingunni, er um gríðarlega flókna og erfiða útsendingu að ræða. „Hjá okkur verða í kringum fimmtíu manns að störfum,“ segir Margrét en starfsmennirnir eru á síðustu metrunum í undirbúningi sínum því ráðgert er að hefja æfingar í dag. „Takmarkið er að safna tíu þúsund heimsforeldrum en þeir eru sjö þúsund í dag,“ útskýrir Margrét og geta þeir sem vilja skrá sig hringt í símaverið í síma 562 6262 eða farið inn á heimasíðu UNICEF á Íslandi, unicef.is

Þótt grínarar landsins ætli sér að halda uppi stuðinu á meðan söfnun heimsforeldra fer fram ætla fjölmargir þjóðþekktir einstaklingar að leggja sitt af mörkum til þessa góða málefnis. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki ólíklegt að bankastjóri Glitnis, Bjarni Ármannsson, og aðrir forstjórar fyrirtækja sem eru bakhjarlar UNICEF muni takast á við einhverjar áskoranir þegar ákveðnu markmiði er náð en Margrét sagðist ekki geta tjáð sig um málið að svo stöddu. Á milli skemmtiatriða verða síðan sýndar átta myndir úr Afríkuferðum þjóðþekktra einstaklinga sem hafa heimsótt þessa fátæku álfu. - fgg

SPAUGSTOFAN Er vinsælasta sjónvarpsefnið í dag og verður meðal þeirra sem koma fram á Nasa.

SVEPPI Verður vafalítið í miklu stuði á sjálfan fullveldisdaginn þegar haldið verður upp á Dag rauða nefsins.

ILMUR Kynnir með Sveppa á skemmtistaðnum Nasa.

HANNES SMÁRASON Getur varla verið minni maður en Jón Ásgeir og ætlar sér væntanlega að slá honum við.

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Mun væntanlega taka áskorun þegar vissu marki er náð.

EDDA BJÖRGVINS Verður á flakki um bæinn og tekur fólk tali, allt fyrir góðan málstað.

Herra Ísland krýndur með viðhöfn

Fallegasti karlmaður landsins var valinn síðastliðinn fimmtudag þegar keppnin Herra Ísland fór fram á Broadway.

Margmenni var komið til að fylgjast með strákunum spranga um sviðið en það var hinn tvítugi Akurnesingur Kristinn Darri Röðulsson sem bar sigur úr býtum og hefur því hlotið titilinn Herra Ísland 2006. Símon Ólafsson lenti í öðru sæti og Steinar Helgason var í því þriðja.

Sjá viðtal við Herra Ísland á síðu 42.

SKEMMTU SÉR VEL Þær Bergþóra, Halldóra og Sunna voru í góðu stuði á Broadway.

GLAÐIR Í BRAGÐI Vinninghafarnir Símon, Kristinn og Steinar lentu í efstu þremur sætunum og brostu sínu breiðasta eftir að úrslitin voru kunn. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI

FALLEGIR FOLAR Strákarnir stóðu spenntir á sviðinu og biðu eftir að úrslitin yrðu kynnt.

UNGFRÚ ÍSLAND 2006 Sif Aradóttir var mætt með kórónuna á höfðinu til að afhenda verðlaun.

Ég skora á þig að prófa Wok Bar Nings, heitasta og ferskasta staðinn í veitingabransanum í langan tíma.

Jói Fel.

Á Wok Bar Nings gefst viðskiptavinunum kostur á að velja sjálfir samsetningu kjöts/fisks, grænmetis og sósu sem matreiðslumeistari síðan snöggeldar á Wok pönnu. Einnig eru í boði tilbúnar samsetningar á vinsælum réttum ásamt köldum réttum og heilsuréttum.

ÞÚ BORÐAR
Á STAÐNUM EÐA
TEKUR MEÐ HEIM

WOK BAR NINGS

HAGKAUP KRINGLUNNI
OG VIÐ VETRARGARÐINN Í SMÁRALIND

BÍTLARNIR Bítlarnir frá Liverpool eiga fimm af 100 bestu plötum allra tíma að mati Time.

Bítlarnir eiga fimm

Bítlarnir eiga fimm af hundrað bestu plötum allra tíma að mati heimasíðu bandarísku tímaritsins Time. Plöturnar eru: Revolver, Rubber Soul, Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band, The White Album og Abbey Road.

Bob Dylan kemur næst á eftir Bítlunum með þrjár plötur, eða Highway 61 Revisited, Blonde on Blonde og Time Out Of Mind.

Fjölmargar hljómsveitir og listamenn eiga tvær plötur á listanum. REM er með plöturnar Document og Out of Time, U2 með The Joshua Tree og Achtung Baby, Radiohead með OK Computer og Kid A, David Bowie með The Rise and Fall of Ziggy Stardust og Hunky Dory og loks Prince með Purple Rain og Sign O´The Times. Einnig eiga þeir tvær plötur hver á listanum Miles Davies, Van Morrison, James Brown, Stevie Wonder, Elvis Presley og Frank Sinatra.

Til heiðurs Díönu prinsessu

Bresku blöðin birtu í gær fréttir af því að synir Díönu prinsessu, Vilhjálmur og Harry, væru að undirbúa risatónleika til heiðurs móður sinnar.

Samkvæmt Sunday Mirror er líklegt að Wembley leikvangurinn verði lagður undir tónleikana og ágóðinn af þeim renni til allra þeirra málefna sem voru Díönu hugleikin.

Samkvæmt hirðfréttaritara BBC, Peter Hunt, eru prinsarnir tveir sagðir vilja ráða því hvernig minningu móður þeirra verði haldið á lofti en á næsta ári eru tíu ár liðin frá því að hún lést í bílslysi í París.

ELTON JOHN Samdi textann Candle in the Wind fyrir jarðarför Díönu og mun að öllum líkindum flytja lagið á tónleikunum.

Dagsetningin á tónleikunum er á reiki en líklegt þykir að þeir verði 1. júlí því þá hefði Díana orðið 46 ára. Samkvæmt BBC-fréttavefnum er líklegt að þetta verði tilkynnt á næstu vikum en prinsarnir eru sagðir hafa hugleitt nokkra möguleika að undanförnu, tónleikarnir séu hins vegar líklegastir í stöðunni.

Sunday Times greinir frá því að söngvarinn Elton John, góður vinur Díönu, muni að öllum líkindum flytja Candle in the Wind en hann breytti textanum fyrir jarðarför Díönu og varð smáskífan með því lagi sú mest selda í sögunni. Þá er jafnframt talið líklegt að listamenn á borð við George Michael,

VILHJÁLMUR PRINS Er sagður vilja ráða því hvernig minningu móður hans verði haldið á lofti.

Beyoncé og Kylie Minogue muni troða upp en stjörnurnar sem koma fram verða að öllum líkindum beðnar um að gefa vinnu sína til styrktar góðu málefni.

DÍANA PRINSESSA Á næsta ári eru tíu ár liðin frá því hún lést í bílslysi en synir hennar tveir eru sagðir vera með risatónleika í undirbúningi.

Alveg eftir formúlunni

Ég held það sé alveg óhætt að fullyrða að það sé ekki mikil eftirspurn eftir nýju efni frá Pet Shop Boys. Þeir eru aftur á móti mjög skapandi menn og eiga líklegast eftir að vera að þangað til þeir koma því í gegn á elliheimilum að taka upp diskókvöld í stað bridsmóta. Þeir hafa líka þénað svo vel í gegnum tíðina að þeir njóta þeirra forréttinda að geta gert hvað sem þeim sýnist. Aðdáendahópur þeirra ætti líka að vera nægilega stór til þess að hver útgáfa hér eftir nái upp í framleiðslukostnað.

Þegar sveitir eru í þessari stöðu er alltaf mjög forvitnilegt að sjá hvað þær taka sér fyrir hendur. Eru þær það sáttar við hljóm fyrri verka að þær bæta enn einni plötu í safnið sem hljómar eins og hinar, eða reyna þær að brjóta sig út úr þeim ramma sem þær hafa smíðað sér? Eins og sönnum Bretum sæmir halda þeir í hefðina á þessari nýju plötu og bæta lögum í bankann sem gætu alveg eins hafa verið tekin af fyrri plötum. Mig grunar að þeir séu meira að segja að nota sömu hljóðgervlana og á vinsælustu plötu þeirra, Actually, frá árinu 1987. Mjög óspennandi, en samt nægilega nostalgíufyllt til þess að hafa aðdáendur sátta næstu fjögur árin sem það á eftir að taka þá að gera aðra plötu.

TÓNLIST

Fundamental

Pet Shop Boys

★★

Plata sem hefur ekki upp á neitt annað nýtt að bjóða nema lög í lagabankann. Hér er ekkert spennandi, nema kannski fyrir hörðustu aðdáendur.

Hér eru þó nokkrar fínar hugmyndir, eins og The Sodom And Gomorrah Show, en ekkert laganna stendur upp úr.

Ég þori ekki að mæla með þessari plötu við neinn annan en allra hörðustu aðdáendur Pet Shop Boys. Alls ekki slæmur gripur, og virðing mín fyrir þessari merku sveit er enn til staðar. **Birgir Örn Steinarsson**

Mogga Bíó á mánudögum 2fyrir1* í bíó
sjá miða framan á morgunblaðinu í dag

kæru gestir vinsamlegast athugið að tilboð þetta
Gildir EKKI á
Casino Royale



HAGATORGI • S. 530 1919 www.laskolabio.is

THE DEPARTED	kl. 6 - 9	B.i. 16	BÖRN	kl. 8	B.i.12
MÝRIN	kl. 7 - 9 - 10:15	B.i. 12	THE QUEEN	kl. 6	B.i. 12
SCANNER DARKLY	kl. 8 - 10:10	B.i.16			

- ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ - 23. NÓV - 3. DES.



SÝNINGARTÍMAR
MIRACOLO, IL (kraftaverkið) Sýnd kl. 5:50 - 10:10
DA ZERO A DIECI (frá einum upp í tíu) Sýnd kl. 8

Morgunblaðið
2fyrir1 í bíó
BÝÐUR ÁSKRIFENDUM SÍNUM
Á ALLAR MYNDIR SEM SÝNDAR ERU Á ÍTÖLSKU KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI
GEGN FRAMVÍSUN MIÐA SEM VAR FRAMAN Á MOGGANUM Á LAUGARDAGINN

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

SANTA CLAUSE 3	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	Leyfð	FLY BOYS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.i. 12
CASINO ROYALE	kl. 4:30 – 7:30 – 10:30	B.i.14	THE DEPARTED	kl. 7:30 - 10:30	B.i. 16
CASINO ROYALE VIP	kl. 4:30 – 7:30 – 10:30		BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal	kl. 3:40	Leyfð
Moggatilboð gildir ekki á Casino Royale			JACKASS NUMBER TWO	kl. 4	B.i. 12
THE GRUDGE 2	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.i. 16			
JÓNAS M/- Ísl tal.	kl. 4	Leyfð			

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

SANTA CLAUSE 3	kl. 5:50 - 8	Leyfð	
THE GRUDGE 2	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.i. 16	
THE DEPARTED	kl. 8	B.i. 16	DIGITAL
JÓNAS M/- Ísl tal	kl. 6	Leyfð	
ADRIFT	kl. 10:10	B.i.12	

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

SANTA CLAUSE 3	kl. 8	Leyfð
CASINO ROYALE	kl. 7 - 10	B.i. 12
Moggatilboð gildir ekki á Casino Royale		
FLYBOYS	kl. 10:10	B.i. 12

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

THE GRUDGE 2	kl. 8 - 10	B.i. 16
SANTA CLAUSE 3	kl. 6 - 8	Leyfð
VEGGIE TALES M/- Ísl tal	kl. 6	Leyfð
ADRIFT	kl 10	B.i.12

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

EGILL OG JÓHANNES HAUKUR Egill Rafnsson og Jóhannes Haukur Jóhannesson sömdu plötuna á einni viku ásamt Guðjóni Daða Karlssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sömdu barnaævintýri á einni viku

Platan Ævintýralandið: Bergur og Bjartur í landinu sem einu sinni var, er komin út. Hér er á ferðinni nýtt frumsamið íslenskt barnaævintýri sem er flutt af leikurunum Góa, Jóa og tónlistarmanninum Agli Rafnssyni. Semja þeir átta lög og texta sem prýða þessa plötu. Sögumaður er Þráinn Karlsson.

„Við byrjuðum á þessu í ágúst. Ég fékk hugmyndina um verslunarmannahelgina. Ég var á ættarmóti hjá kærustunni og foreldrarnir voru að kvarta undan því að sömu diskarnir rúlluðu alla leiðina þegar þeir voru að keyra með börnin," segir Egill.

Ævintýrið segir frá tveimur bræðrum, Bjarti og Bergi, sem búa norður á Ströndum og leika sér alla daga að gömlum rekadrumbi. Í steini skammt frá býr álfurinn Hálfur. Hann þolir ekki lætin í strákunum þannig að hann bruggar álfaseið sem lífgar trjádrumbinn við. Trjádrumburinn breytist þá í fljúgandi dreka og þeir Bjartur og Bergur fljúga til landsins sem einu sinni var og lenda á leiðinni í hinum ýmsu ævintýrum.

„Ég heyrði í Jóa og Góa [Jóhannesi Hauki Jóhannessyni og Guðjóni Daða Karlssyni] og við settumst niður og sömdum þetta á rétt rúmlega viku. Þetta kom mjög mikið af sjálfu sér og greinilegt að þetta hafði verið til í undirmeðvitundinni hjá okkur. Við gíruðum okkur niður um einhver ár og settum til hliðar allt sem við kunnum og ákváðum að búa til eitthvað skemmtilegt," segir Egill.

Mynda vináttu og virðingu

Ungmennahópur Kópavogsdeildar Rauða krossins, Eldhugar, heldur nú ljósmyndasýningu í verslun Byko í Breiddinni. Sýningin ber yfirskriftina „Vinátta og virðing" og sýnir hugsanir og ljósmyndir Eldhuganna út frá hugtökunum Vinátta, Kópavogur, íslenskt og útlenskt.

Eldhugar eru unglingar á aldrinum 13-16 ára, bæði af íslenskum og erlendum uppruna. Ungmennin hittast vikulega og vinna saman í því að byggja upp betra samfélag án mismunar og fordóma. Ungmennin eru með ólíkan bakgrunn sem gerir sýninguna áhugaverða og skemmtilega. Sýningin er afrakstur ljósmyndamaraþons sem Eldhugarnir þreyttu í haust og var markmiðið að ungmennin

ELDHUGAR Ljómyndasýning mun hanga í anddyri Byko fram til áramóta og eins og sjá má hafa margir lagt leið sína þangað til að skoða myndir ungmennanna.

veltu ofangreindum hugtökum fyrir sér og er það vel við hæfi í ljósi umræðunnar um fordóma gagnvart útlendingum í íslensku samfélagi.

FRÉTTIR AF FÓLKI



Jennifer Lopez var ein þeirra fjöldamörgu stjarna sem prýddu gestalistann fyrir brúðkaup Tom Cruise og Katie Holmes um síðustu helgi. Hún nýtti tímann í brúðkaupinu vel, því hún gerði sér lítið fyrir og bað Victoriu Beckham um að verða samstarfsfélaga sinn. J-Lo dreymir nefnilega um að framleiða nærfatalínu, og er sannfærð um að frú Beckham væri fullkominn samstarfsaðili. Þetta ku vera í fyrsta skipti sem stjörnurnar tvær talast við af einhverju viti, og er J-Lo sögð vona að þær geti orðið góðar vinkonur í framtíðinni.

Þær sögur hafa gengið fjöllum hærra að Michelle Rodriguez úr þáttaröðinni Lost eigi í ástarsambandi við leikkonuna Kristanna Loken. Þær hittust við tökur á myndinni Bloodrayne í fyrra og spunnust strax sögur af því að

gneistað hefði milli leikkvennanna tveggja. Í viðtali við blaðið The Advocate á dögunum lét Loken að því liggja að hún og Rodriguez væru par, og nú hafa náðst af stúlkunum myndir sem þykja staðfesta það. Þetta er varla nema ánægjulegt fyrir Rodriguez, sem hefur átt í útistöðum við lögin á síðustu árum, og kannski von til þess að hún róist við ráðahaginn.

Renault Master
Verð frá kr. 2.720.000
Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 42.024
Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.

Renault Trafic
Verð frá kr. 2.280.000
Verð frá kr. 1.831.325 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 35.295
Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

> Breiðablik og KR Íslandsmeistarar

Íslandsmótið í fótbolta innanhúss fór fram um helgina. Breiðablik varð Íslandsmeistari í karlaflokki og KR í kvennaflokki. Blikar lögðu Keflavík í úrslitum, 7-3, en í undanúrslitum lögðu þeir Fram, 6-2. KR lagði Stjörnuna í úrslitum kvenna, 2-0, en KR lagði Val í undanúrslitum, 4-2.

sport

sport@frettabladid.is

LOGI GEIRSSON: FÓR ÚR AXLARLIÐ GEGN GUMMERSBACH Á LAUGARDAGINN OG ER FRÁ Í TVÆR VIKUR

Hélt ég myndi missa af öðru stórmóti

Landsliðsmaðurinn Logi Geirsson meiddist í fyrri hálfleik leiks Lemgo og Gummersbach sem síðarnefnda liðið vann í undanúrslitum í Meistarakeppni Evrópu um helgina.

Logi fór úr axlarlið í leiknum en prísar sig sælan að hann verði ekki lengur frá en í tvær vikur.

„Þetta hefði getað orðið mun verra. Öxlin fór úr lið og það blæddi mikið inn á hana. Aðalmálið er að koma vökvanum úr og fer ég í sprautumeðferð hjá lækni liðsins vegna þessa," sagði Logi sem sagðist hafa verið mjög kvalinn eftir leikinn.

„Þetta var mjög sársaukafullt. Ég fékk öxl varnarmannsins inn í mína öxl og hún hoppaði úr liðnum. Ég hneig niður og man hreinlega ekki hvað gerðist. Ég ætlaði svo að reyna að koma inn á í síðari hálfleik en treysti mér svo ekki til þess."

Hann fór svo í myndatöku í gærmorgun þar sem í ljós kom hvernig í pottinn var búið.

„Yfirleitt þegar svona lagað á sér stað slitnar eitthvað líka en það gerðist ekki hjá mér sem betur fer. Nú fer ég í lyftingasalinn í tvær vikur og stefni á að verða orðinn góður þegar við mætum Kiel einmitt eftir tvær vikur."

Logi missti af EM í Sviss fyrr á árinu vegna meiðsla og viðurkenndi að sú hugsun hefði læðst að honum hvort hann myndi nú missa af öðru stórmóti.

„Ég var auðvitað að drepast í öxlinni um kvöldið en eftir myndatökuna talaði ég við Alfreð og hann var bara sáttur," sagði Logi en Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari þjálfar einnig lið Gummersbach og varð því vitni að meiðslum Loga. Í þeim leik voru reyndar fimm íslenskir leikmenn inni á vellinum og fékk því landsliðsþjálfarinn Alfreð kjörið tækifæri til að fylgjast með sínum mönnum.

Lemgo lék svo í gær gegn Medwedi frá Moskvu um þriðja sætið á mótinu og bar sigur úr býtum. Logi sat á hliðarlínunni og fagnaði sínum mönnum innilega.

Áhugamennskan heyrir sögunni til

Knattspyrnumenn á Íslandi eru ekki lengur áhugamenn. Miklir peningar eru komnir í knattspyrnuna og þeir sem skara fram úr hafa það gott. Svartar greiðslur eru á undanhaldi en heyra ekki sögunni til. Athygli vekur að bæði leikmenn og stjórnarmenn eru klaufar í samningaviðræðum. Fleiri félög hafa fé á milli handanna í dag en áður. Öll lið brjóta reglur um félagaskipti.

FÓTBOLTI Fréttablaðið hefur á undanförnum vikum tekið ítarleg viðtöl við marga af eftirsóttustu knattspyrnumönnum landsins. Tilgangur viðtalanna var að komast til botns í hinum sérstaka íslenska leikmannamarkaði sem enginn veit mikið um. Ekki einu sinni leikmennirnir sjálfir. Hvað fá leikmenn í laun? Hvaða lið borga best? Hvernig samningar eru í boði hjá hverju félagi? Hvaða félög brjóta félagaskiptareglurnar? Er verið að greiða leikmönnum „svart" og hvaða lið á mest af peningum er á meðal þeirra spurninga sem Fréttablaðið spurði leikmennina að.

Fréttablaðið mun alla þessa viku birta greinar sem ætlað er að varpa ljósi á leikmannamarkaðinn. Þær upplýsingar sem koma fram í greinunum eru alfarið fengnar frá leikmönnunum sjálfum. Í dag er farið yfir laun leikmanna.

Sögurnar ekki sannar

Það eru ekki mörg ár síðan nánast einu greiðslurnar í íslenska boltanum voru bónusgreiðslur. Svo er ekki lengur. Mikið fé er komið í íslenska boltann og má segja að sprengja hafi orðið síðustu tvö ár enda hefur þeim leikmönnum sem fá vel greitt fyrir knattspyrnuiðkun á Íslandi fjölgað verulega á síðustu tveim árum. Fleiri félög en áður virðast hafa nokkuð fé á milli handanna.

Þær sögur hafa gengið að margir leikmenn í Landsbankadeildinni séu að fá 500-600 þúsund í mánaðarlaun. Það eru tröllasögur. Slíkar greiðslur eru samt í gangi en aðeins allra bestu leikmenn landsins hafa á milli 500-600 þúsund krónur í fastagreiðslu á mánuði.

Ekki er ólíklegt að sömu leikmenn hafi fengið væna undirskriftagreiðslu á sínum tíma sem gæti verið í kringum 1 milljón króna. Þessir leikmenn eru svo með árangurstengda bónusa. Mjög fáir leikmenn hér á landi eru í þessum flokki og klárlega færri en margur heldur.

Laun „góðu" leikmannanna hafa hækkað á síðustu árum og helsta breytingin er sú að fleiri leikmenn eru farnir að fá veglega greitt en áður. Ef leikmenn á annað borð eru eftirsóttir hér á landi í dag geta þeir verið að fá 250-350 þúsund krónur í fastagreiðslu á mánuði. Þeim er mjög sjaldan boðið minna í fyrstu atrennu.

Ýmiss konar fríðindi

Ofan á það geta síðan komið árangurstengdar greiðslur sem og fríðindi. Fríðindin eru þá oftast afnot af bíl sem og íbúð sem félagið skaffar leikmanninum. Þau fríðindi geta numið allt að 150 þúsund krónum á mánuði.

Félög hafa einnig farið þá leið að bjóða leikmanni niðurgreiðslu af nýrri íbúð hjá ákveðnum verktökum. Þá erum við að tala um þriggja milljóna króna afslátt.

Sumir leikmenn setja síðan atvinnu inn í samninginn sinn og ef leikmenn eru klókir geta þeir fengið tekjutryggingu og dæmi eru um slíkt. Þeir halda því ákveðnum launum þó svo þeir verði reknir úr því starfi sem þeim var skaffað. Þessa leikmenn má einnig kalla atvinnumenn því sumir þeirra hafa yfir 300-400 þúsund á mánuði og eru líka í vinnu í einhverjum tilvikum. Þetta eru heldur ekki ónýt laun samhliða námi.

Þess má einnig geta í þessu samhengi að félög sem hafa verið á höttunum eftir atvinnumönnum á leið heim hafa oftar en ekki einnig boðist til að greiða fyrir flutning leikmannsins til landsins.

Laun „miðlungsmannsins" hafa einnig hækkað á síðustu árum. Leikmenn sem kannski hafa lítið gert á sínum ferli geta samt verið að fá um 150-250 þúsund í fastagreiðslu á mánuði.

Það eru fáir leikmenn til skiptanna á Íslandi í dag og það kemur „miðlungsmanninum" til góða því hann er oftar en ekki eftirsóttur af þeim félögum sem betri mennirnir vilja ekki spila með.

Slíkur leikmaður fær í flestum tilfellum einnig árangurstengdar greiðslur sem og einhver fríðindi. Þessir strákar geta verið að slá í 300 þúsund krónur á mánuði þegar vel lætur.

Leikmenn sem eru í leikmannahópi liðanna í efstu deild og eru líklegir til að spila einhverja leiki hafa síðan um 50-100 þúsund krónur á mánuði í flestum tilfellum.

Vel greitt fyrir spilaðan leik

Það hefur nokkuð færst í vöxt að lið séu að hækka greiðslur fyrir spilaða leiki og eitt lið í efstu deild hefur tekið stórt forskot á þeim vettvangi en við greinum frá nafni þess síðar í vikunni.

Það lið hefur boðið leikmanni yfir 150 þúsund krónur fyrir spilaðan leik sem er langt fyrir ofan það sem önnur lið bjóða. Sigurleikur hjá sama liði getur sett greiðsluna fyrir leikinn í um 170 þúsund krónur sem er ótrúleg tala. Algengt er að greiðsla fyrir leik sé á bilinu 30-70 þúsund krónur hjá hinum liðunum í efstu deild.

Heildarlaun leikmanna geta því oft orðið ansi há ef vel gengur. Þess má geta að svartar greiðslur eru á miklu undanhaldi en heyra þó ekki sögunni til þó erfiðara sé að fela svörtu greiðslurnar en áður.

Titlabónusar eru einnig hjá liðum í efstu deild og eru mjög mismunandi á milli liða eins og eðlilegt getur talist. Slíkur bónus er frá 200 þúsund og upp í milljón.

Virða ekki reglur um félagaskipti

Ef við skoðum hegðun félaga á leikmannamarkaðnum þá kemur í ljós að ekkert félag sem leikur í efstu deild fer eftir félagaskiptareglunum. Ef liðin brjóta ekki reglurnar blákalt þá fara þau í kringum þær á mismunandi hátt.

Algengast er að félög fara í gegnum feður leikmanna með sín mál. Það hefur reyndar komið fyrir að haft sé beint samband við mæður leikmanna en það er sjaldgæft. Það sem kemur kannski mest á óvart er að leikmenn eru duglegastir allra í því að „hlera" menn sem eru samningsbundnir öðru félagi. Þeir fá ekki greiðslu fyrir viðvikið en gera það af þeirri ástæðu að sitt lið styrkist komi ákveðinn leikmaður til liðsins. Um leið aukast möguleikar þeirra sjálfra á frekari árangurstengdum greiðslum.

Það kemur örsjaldan fyrir að lið komi heiðarlega fram og biðji um leyfi til að ræða við leikmenn. Slík beiðni er þó oft eingöngu upp á kurteisina því öll lið hika ekki við að hafa samband við leikmann þótt slíkri beiðni sé hafnað.

Forystumenn mjög ágengir

Ágengni félaganna kemur öllum leikmönnum á óvart og það hefur ósjaldan komið fyrir að leikmenn hreinlega slökkvi á símum sínum til að losna við áreitið. Þá grípa forráðamenn liðanna til þess ráðs að hringja í heimasíma sem og í síma foreldra. Forystumenn íslenskra knattspyrnufélaga eru mjög fylgnir sér enda stendur kapphlaupið um bestu bitana oftast stutt yfir.

Þegar kemur að því að halda „ólöglegan" fund við samningsbundinn leikmann hefur komið fyrir að lið vilji hittast á skrifstofu viðkomandi félags að kvöldlagi og síðan er passað upp á að yfirgefa ekki húsið á sama tíma. Rétt eins og í góðri bíómynd. Mörg lið eru þó kærulaus og kæra sig kollótta þótt sjáist til leikmanns í „ólöglegri" heimsókn.

Knattspyrnumennirnir eru nær undantekningarlaust hissa á þeirri umræðu sem oftar en ekki er í fjölmiðlum um launamál þeirra því fæstum þeirra hafa verið boðnar þær upphæðir sem talað er um. Leikmennirnir tala ekki opinskátt saman um launamál sín á milli og eru hræddir við að gefa upp laun sín við kollegana.

Klaufalegar samningaviðræður

Flestir knattspyrnumennirnir eiga það þó sameiginlegt að vera frekar slakir samningamenn og þeir játa það fúslega. Þeir taka sér allt of sjaldan nógu góðan tíma í samningaviðræðurnar og eru of fljótir að samþykkja tilboð. Þeir sem minnsta reynslu hafa fara verst út úr samningaviðræðunum. Knattspyrnumennirnir eru of linir og gefast allt of fljótt upp. Það er staðreynd.

Leikmennirnir eru ekki einir um að vera klaufalegir í samningum því félögin hafa ítrekað gert sig seka um að klúðra samningum. Það hefur margoft komið fyrir síðustu árin að þegar leikmenn hafa gefið gefið munnlegt loforð um að ganga til liðs við ákveðið félag þá bjóðast önnur félög til að tvöfalda þann samning.

Við því hafa leikmennirnir ekki gengist og er ekki vitað til þess að leikmaður hafi gengið á bak munnlegs samnings. Hann hefur samt líklega blótað félaginu sem var tilbúið að tvöfalda launin fyrir að hafa ekki verið löngu búið að bjóða betur því leikmaðurinn hefði aldrei hafnað slíku boði.

Leikmenn eru menn orða sinna

Um þetta eru mýmörg dæmi og það sýnir að liðin eru til í teygja sig mjög langt eftir rétta leikmanninum en halda höndunum allt of fast að sér í upphafi og missa því af manninum. Oft fyrir einskæran klaufaskap. Íslenskir knattspyrnumenn virðast aftur á móti vera menn orða sinna og standa við gerða samninga þó svo hann sé munnlegur. Nýlegt dæmi um hið gagnstæða er undantekning frá reglunni.

Á morgun: Umfjöllun um liðin sem hafa minna á milli handanna en risarnir þrír – Valur, KR og FH.

ÍÞRÓTTALJÓS
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
henry@frettabladid.is

SHAUN WRIGHT-PHILLIPS Gæti verið á leið í West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eggert Magnússon:

Ætlar að ræða við Kenyon

FÓTBOLTI Eggert Magnússon, verðandi stjórnarformaður West Ham, sagði í samtali við BBC fréttastofuna í fyrradag að hann hygðist ræða við Peter Kenyon, framkvæmdastjóra Chelsea, um möguleg kaup á Shaun Wright-Phillips, leikmanni félagsins.

„Ég þekki Peter Kenyon vel og ég held að við munum setjast niður og reyna að komast að réttu verði, hvað svo sem það kann að verða. Wright-Phillips hefur ekki spilað reglulega fyrir Chelsea en er góður leikmaður og á alla möguleika á að standa sig vel."

- esá

Carlos Tevez:

Líklega refsað af West Ham

FÓTBOLTI **Argentínumaðurinn Carlos Tevez er í vondum málum eftir framkomu sína um helgina.**

Hann varð reiður er honum var skipt af velli gegn Sheff. Utd og þegar hann var búinn í sturtu hélt hann heim á leið án þess að kveðja nokkurn.

„Ég er mjög svekktur með þessi viðbrögð," sagði Alan Pardew, stjóri West Ham. „Þetta er vanvirðing við mig, starfsfólkið og liðsfélaga hans. Ég mun hlusta á útskýringar hans áður en ég tek ákvörðun um framhaldið."

- hbg

LUNDÚNIR Svæðið þar sem Ólympíuleikvangurinn verður byggður. NORDIC PHOTOS/GETTY

Heimavöllur West Ham:

Draumur Eggerts að flytja

FÓTBOLTI Eggert Magnússon, verðandi stjórnarformaður West Ham, segir í viðtali við BBC að draumur hans sé að færa heimavöll liðsins frá Upton Park á Ólympíuleikvanginn að loknum leikunum sem fram fara í Lundúnum árið 2012. Hefur hann þegar óskað eftir viðræðum við yfirvöld vegna þessa.

„Við keyptum West Ham þar sem félagið er nú, á Boylen Ground (Upton Park). En hvað framtíðina varðar viljum við flytja á Ólympíuleikvanginn."

Hlaupabraut verður á vellinum en Eggert segir að lítið mál sé að leggja sæti yfir brautina, eins og er gert til að mynda á Stade de France í París. **- esá**

Mikið fjör þegar Gummersbach og Ciudad Real mættust í Köln í gær:

Ciudad Real lagði Gummersbach í skemmtilegum leik

HANDBOLTI Keppnin um Meistarabikar Evrópu fór fram í Köln um helgina en í úrslitum mættust Íslendingaliðin Ciudad Real og Gummersbach. Ólafur Stefánsson leikur með Ciudad en með liði Gummersbach leika Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson, Guðlaugur Arnarsson og Sverre Jakobsson. Þjálfari liðsins er landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason.

Fimmtán þúsund manns mættu til að horfa á úrslitaleikinn í Kölnarena og þeir fengu eitthvað fyrir aurinn því leikurinn var bráðskemmtilegur og vel leikinn. Meistaradeildarmeistarar Ciudad tóku frumkvæðið í upphafi og héldu því allt til loka. Þegar blásið var til leikhlés var staðan 18-13 fyrir spænska liðið og munurinn á liðunum var sá sami þegar leiktíminn var liðinn, 36-31.

Ólafur var góður hjá Ciudad og skoraði fjögur mörk ásamt því að leika félaga sína uppi hvað eftir annað. Markahæstur hjá Ciudad var Króatinn Mirza Dzomba sem skoraði níu mörk. Þjálfarinn Talant Dujshebaev var næstur með fimm mörk en þessi magnaði leikmaður tók skóna úr hillunni á nýjan leik fyrir skömmu síðan.

SIGURKOSSINN Ólafur Stefánsson kyssir hér Meistaradeildarbikarinn. Ólafur og félagar bættu öðrum bikar í safnið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Róbert Gunnarsson var öflugur á línunni hjá Gummersbach og skoraði sex mörk. Hann var markahæstur í liðinu ásamt Frakkanum Daniel Narcisse. Guðjón Valur skoraði fimm mörk að þessu sinni. Guðlaugur stóð síðan vaktina í vörninni en komst ekki á blað. **- hbg**

WAYNE ROONEY Ekki á förum frá Manchester.

Wayne Rooney:

Framlengir til ársins 2012

FÓTBOLTI Wayne Rooney skrifaði í gær undir nýjan samning við Manchester United sem gildir til ársins 2012 en Rooney er búinn að vera í herbúðum United í tvö ár eftir að hann var keyptur frá Everton á 27 milljónir punda.

„Ég er glaður því ég vildi alltaf framlengja. Ég vil afreka mikið hjá þessu félagi og vonandi byrjar það á Englandsmeistaratitlinum í ár," sagði Rooney.

- hbg

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

DHL-deild karla

FYLKIR-HK 33-34

Mörk Fylkis: Ásbjörn Stefánsson 8 (8), Eymar Krüger 7/1 (10/2), Vladimir Duric 6/2 (17/3), Arnar Sæþórsson 4/1 (7/2), Tomislav Broz 4 (11), Guðmundur Traustason 2 (4), Brynjar Þór Hreinsson 2 (4).
Varin skot: Hlynur Morthens 18.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 7 (Ásbjörn 3, Guðmundur 2, Brynjar 1, Djuric 1).
Fiskuð víti: 7 (Arnar 2, Þórir 2, Eymar 2, Duric 1).
Utan Vallar: 12 mínútur.
Mörk HK: Valdimar Þórsson 13/5 (18/5), Tomas Eitutis 5 (7), Augustas Strazdas 5 (8), Ragnar Hjaltested 4 (6), Árni Björn Þórarinsson 3 (4), Sergey Petraitis 2 (5), Gunnar Jónsson 1 (1), Brendan Þorvaldsson 1 (3).
Varin skot: Egidijus Petkevicius 23/2.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 10 (Strazdas 3, Ragnar 3, Valdimar 2, Eitutis 1, Árni 1).
Fiskuð víti: 5 (Petraitis 3, Valdimar 2).
Utan Vallar: 8 mínútur.

HAUKAR-ÍR 31-29

Mörk Hauka: Árni Þór Sigtrygsson 8 (14), Guðmundur Pedersen 7/3 (11/4), Kári Kristján Kristjánsson 5 (8), Andri Stefan 5 (8), Sigurbergur Sveinsson 3 (7), Samúel Ívar Árnason 2 (5), Freyr Brynjarsson 1 (3), Gísli Jón Þórisson (1).
Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 10, Magnús Sigmundsson 8.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 4 (Árni Þór 2, Freyr 1, Kári 1).
Fiskuð víti: 4 (Kári 3, Guðmundur 1).
Utan Vallar: 6 mínútur.
Mörk ÍR: Brynjar Valgeir Steinarsson 8 (8), Jón Heiðar Gunnarsson 6 (6), Björgvin Hólmgeirsson 6 (12), Davíð Georgsson 4/3 (9/4), Linas Kalasauskas 3 (7), Ólafur Sigurgeirsson 1 (1), Ragnar Már Helgason 1 (3), Ivan Jovanovic (2).
Varin skot: Jacek Koval 12, Sigurður Sigurðsson 5.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 4 (Björgvin 3, Ragnar 1).
Fiskuð víti: 4 (Jón Heiðar 1, Björgvin 1, Brynjar 1).
Utan Vallar: 6 mínútur.

AKUREYRI-VALUR 25-22

Mörk Akureyrar: Goran Gucis 8/6 (12/2), Andri Snær Stefánsson 3 (4), Hörður Fannar Sigþórsson 3 (5), Magnús Stefánsson 3 (13), Þorvaldur Þovarldssson 2 (2), Nikolai Jankovic 2 (3), Aigars Agzdins 2 (4) Rúnar Sigtryggsson 1 (3), Alex Kuzminski 1 (4), Ásbjörn Friðriksson 0 (2).
Varin skot: Hreiðar Levý Guðmundsson 12/1, Sveinbjörn Pétursson 10.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 2 (Andri Snær 2).
Fiskuð víti: 10 (Lazdins 2, Kuzmis, Hörður, Andri Snær, Magnús, Ásbjörn, Rúnar, Þorvaldur, Gusic).
Utan Vallar: 18 mínútur.
Mörk Vals: Ingvar Árnason 4 (6), Baldvin Þorsteinsson 4/1 (9), Ernir Hrafn Arnarson 3 (7), Fannar Friðgeirsson 3 (12), Markús Máni Michaelsson 3 (14), Hjalti Pálmason 2 (3), Arnór Gunnarsson 2 (7), Gunnar Harðarson 1 (2).
Varin skot: Ólafur Gíslason 18/3.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 1 (Baldvin).
Fiskuð víti: 2 (Baldvin, Fannar).
Utan Vallar: 12 mínútur.

STAÐAN

HK	**8**	**6**	**1**	**1**	**210-191**	**13**
VALUR	8	6	0	2	222-208	12
FRAM	**7**	**4**	**1**	**2**	**209-186**	**9**
AKUREYRI	8	4	1	3	216-209	9
STJARNAN	**8**	**3**	**0**	**5**	**210-220**	**6**
HAUKAR	8	2	2	4	227-240	6
FYLKIR	**7**	**2**	**1**	**4**	**188-198**	**5**
ÍR	8	1	0	7	216-246	2

Þýska úrvalsdeildin

BAYER LEVERKUSEN-ENERGIE COTTBUS 3-1

1-0 Sergej Barbarez (19.), 1-1 Vlad Munteanu (51.), 2-1 Simon Rolfes (66.), 3-1 Andriy Voronin (80.).

STUTTGART-GLADBACH 1-0

1-0 Cacau (6.).

Skoska úrvalsdeildin

HIBERNIAN-CELTIC	2-2
DUNDEE UNITED-ST. MIRREN	1-0
GLASGOW RANGERS-KILMARNOCK	3-0

STAÐAN

CELTIC	**16**	**13**	**2**	**1**	**33-12**	**41**
RANGERS	16	8	4	4	26-16	28
ABERDEEN	**16**	**8**	**4**	**4**	**22-13**	**28**
HIBERNIAN	16	6	5	5	30-18	23
HEARTS	**16**	**6**	**5**	**5**	**21-16**	**23**
KILMARNOCK	16	6	4	6	19-26	22
INVERNESS	**16**	**4**	**8**	**4**	**16-19**	**20**
FALKIRK	16	5	3	8	20-23	18
DUNDEE UTD.	**16**	**4**	**5**	**7**	**15-28**	**17**
ST. MIRREN	16	4	4	8	14-21	16
MOTHERWELL	**16**	**4**	**3**	**9**	**20-29**	**15**
DUNFERMLINE	16	3	3	10	11-26	12

Royal League

1. RIÐILL: BRANN-HELSINGBORG 2-2

Kristján Örn Sigurðsson lék fyrri hálfleikinn með Brann, **Ólafur Örn Bjarnason** allan leikinn en **Ármann Smári Björnsson** var ekki með.

1. RIÐILL: OB-ROSENBORG 5-3
2. RIÐILL: LILLESTRÖM-HAMMARBY 2-0

Viktor Bjarki Arnarsson lék ekki með Lilleström. **Pétur Marteinsson** og **Gunnar Þór Gunnarsson** voru í byrjunarliði Hammarby en Pétur fór af velli á 40. mínútu.

3. RIÐILL: VIBORG-ELFSBORG 2-2
3. RIÐILL: AIK-VÅLERENGA 1-1

Árni Gautur Arason lék ekki með Vålerenga vegna meiðsla.

Haukar unnu tveggja marka sigur á botnliði ÍR á Ásvöllum í gær:

Haukar hefndu ófaranna gegn ÍR-ingum

HANDBOLTI Haukar unnu í gær góðan sigur á botnliði ÍR í DHL-deild karla í handbolta. Sigurinn var ekki eins öruggur og hann hefði getað verið en heimamenn fengu mörg tækifæri til að gera út um leikinn en hleyptu ÍR-ingum jafn oft aftur inn í leikinn. Haukar voru með þriggja marka forystu í hálfleik og unnu að lokum, 31-29.

Árni Þór Sigtryggsson kom Haukum í 3-0 með þremur þrumufleygum í upphafi leiksins en ÍR-ingum tókst að jafna metin í stöðunni 10-10. Gestunum tókst reyndar aldrei aftur að jafna metin þrátt fyrir að komast nokkrum sinnum nærri. Það var reyndar útlit fyrir að Haukarnir væru svo gott sem stungnir af í stöðunni 26-21 um miðjan síðari hálfleikinn. ÍR-ingar komust aftur inn í leikinn og löguðu stöðuna í 28-27. En nær komust þeir ekki og uppskáru Haukar sigur.

„Eins og allir vita og hefur verið rætt mikið um að við höfum átt í bölvuðu basli og erum við að reyna að vinna okkur úr því. Þessi stig eru mikilvæg þó svo að ýmislegt hafi vantað upp á spilamennskuna hjá okkur í dag, sér í lagi var varnarleikurinn ekki nógu beittur. En sigur er sigur og ég er fyrst og fremst ánægður með það," sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn.

„Við komumst fimm mörkum yfir í síðari hálfleik og þá fengum við gott tækifæri til að gera endanlega út um leikinn en enn og aftur slökuðum við of mikið á í þessari stöðu og hleyptum þeim inn í leikinn. En sem betur fer náðum við að halda haus út allan leikinn í þetta skiptið en það virðist stundum vanta upp á að við klárum allar sextíu mínúturnar."

Þetta var aðeins annar sigur Hauka í deildinni en liðið hefur oft átt betra gengi að fagna.

„Það er búin að vera allt önnur og betri stemning á æfingum hjá okkur undanfarnar tvær vikur og finnst mér að þetta sé allt á uppleið hjá okkur. Við þurftum virkilega á sigrinum að halda í dag til að kynnast sigurtilfinningunni á nýjan leik – menn voru kannski búnir að gleyma henni," sagði Páll.

Jón Heiðar Gunnarsson og Brynar Steinarsson áttu frábæran leik fyrir ÍR en framlag erlendu leikmannanna í liðinu þarf að vera miklu meira ætli liðið að bjarga sér frá falli. Hjá Haukum var Árni Þór Sigtryggsson öflugur á köflum og Andri Stefan kom sterkur inn í síðari hálfleik. Björn Ingi Friðþjófsson átti einnig góðan leik í seinni hálfleik í markinu. **- esá**

MARKAHÆSTUR Árni Þór Sigtryggsson var markahæstur Hauka í gær með átta mörk. Hér tekur Davíð Georgsson á honum en Björgvin Hólmgeirsson fylgist með.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valur fékk skell á Akureyri

Topplið Vals reið ekki feitum hesti frá leik sínum á Akureyri í gær. Valsmenn töpuðu fyrir Akureyri, 25-22, og misstu þar með toppsætið til HK. Valsmenn kenna engu nema sjálfum sér um tapið.

HANDBOLTI „Þetta er svekkjandi en við vorum engan veginn nógu góðir, gerðum alltof mörg mistök og áttum ekki skilið að vinna þennan leik," sagði Markús Máni Michaelsson við Fréttablaðið eftir tap Valsmanna á Akureyri í gær og hafði hann hárrétt fyrir sér. Mikil kátína ríkti hjá Akureyringum með þennan frábæra baráttusigur en Valsmenn trónuðu á toppnum fyrir leikinn.

Norðanmenn tóku undirtökin um miðbik fyrri hálfleik eftir að jafnræði hafði verið með liðunum í upphafi. Valsmenn gerðu mörg mistök í sóknarleik sínum og gátu þakkað Ólafi Gíslasyni markmanni fyrir að vera ekki meira en þremur mörkum undir í hálfleik, 14-11.

Valsmönnum tókst með harðfylgi að jafna metin í síðari hálfleik þar sem spennan var magnþrungin frá upphafi til enda. Dómarar leiksins voru mikið í sviðsljósinu og voru bæði lið ósátt með parið sem rak hvern leikmanninn út af á eftir öðrum og missti öll tök á leiknum, sem kom þó jafn mikið niður á báðum liðum.

Akureyringar náðu að halda forystu sinni undir lokin og þegar Valsmenn gerðu hvað þeir gátu til að jafna bættu Akureyringar við og unnu að lokum þriggja marka sigur, 25-22.

„Mistökin í sókninni voru okkur dýrkeypt og við vorum nánast að

BALDVIN KOMINN HEIM Baldvin Þorsteinsson Valsara lék á sínum gamla heimavelli í gær.
PEDROMYNDIR.IS

elta þá allan leikinn án þess að ná tökum á leiknum. Við getum bara sjálfum okkur um kennt. Við verðum að líta í eigin barm og ég get ekki annað en óskað Akureyri til hamingju með sigurinn," sagði Markús.

„Ég held að þetta hafi verið verðskuldaður sigur. Þetta var frábær leikur og virkilega gaman að vinna þetta. Við náðum að spila góðan leik, heilt yfir, bæði í vörn og sókn, þrátt fyrir að við getum gert betur. Menn voru allir að berjast, hver einn og einasti og þegar stemningin er svona þá áttu ekki að geta tapað leik," sagði kampakátur Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, eftir leikinn.

„Þetta gefur liðinu aukið sjálfstraust. Ég tel að við höfum tapað tveimur síðustu leikjum vegna þess að við vorum lélegir, ekki vegna þess að andstæðingar okkar hafi endilega verið mikið betri. Þetta small í dag, við náðum að sýna nánast okkar besta leik og þá getum við unnið öll lið í deildinni," bætti Sævar við að lokum.

- hþh

HETJAN Antoine Sibierski skoraði eina mark leiks Newcastle og Portsmouth.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Newcastle vann Portsmouth:

Loksins sigur hjá Newcastle

FÓTBOLTI Antoine Sibierski tryggði Newcastle fyrsta sigur liðsins í undanförnum níu leikjum þegar hann skoraði eina mark leiksins gegn Portsmouth á 69. mínútu.

Heimamenn í Newcastle voru mun betri í leiknum og voru óheppnir að mark Obafemi Martins var dæmt ólöglegt vegna rangstöðu í fyrri hálfleik. Var þetta fyrsti sigur Newcastle á heimavelli síðan í 1. umferð deildarinnar og mark Sibierskis var aðeins það níunda í haust.

Þá vann Tottenham 3-1 sigur á Wigan eftir að hafa lent undir í fyrri hálfleik. Tvö mörk á tveimur mínútum undir lok hálfleiksins kom Tottenham-mönnum á rétta braut.

„Við erum með flest stig allra liða í UEFA-bikarkeppninni, erum komnir í fjórðungsúrslit í deildarbikarnum og unnum góðan sigur í dag. Við getum verið nokkuð ánægðir með okkur í dag," sagði Martin Jol, hinn hollenski þjálfari Tottenham.

- esá

Allt á suðupunkti þegar Fylkir tók á móti HK í skrípaleik í Árbænum í gær en dómararnir stálu senunni:

HK fékk sigur á silfurfati frá dómurunum

HANDBOLTI HK heimsótti Fylki heim í Árbæinn í gær en leikurinn var skrautlegur í meira lagi og endaði með eins marks sigri HK, 33-34. Það var Valdimar Þórsson sem skoraði sigurmarkið úr glórulausu vítakasti þegar leiktíminn var liðinn en Valdimar fór á kostum í leiknum, skoraði 13 mörk og þar af 6 síðustu mörk HK.

Fyrri hálfleikur fór ákaflega rólega af stað. Sóknarleikur beggja liða var ákaflega hægur og hreinlega hlægilegur á köflum líkt og dómgæslan sem var ekki boðleg. Blessunarlega hallaði jafnt á bæði lið nánast allan leikinn en dómaraparið var stressað og hafði ekki snefil af sjálfstrausti.

Ástandið batnaði eftir því sem á leið en heimamenn höfðu ávallt frumkvæðið og leiddu mest með þrem mörkum, 13-10, en einu marki munaði á liðunum í leikhléi, 19-18. HK mætti geysilega grimmt til síðari hálfleiks. Petkevicius smellti í lás í markinu og HK var fljótlega komið með þriggja marka forystu, 20-23. Þá hættu Kópavogsbúar að spila vörn og hið seiga og þolinmóða Fylkislið laumaði sér inn í leikinn aftur og tók forystuna á ný.

Lokamínútur leiksins voru spennuþrungnar. Tomislav Bros jafnaði leikinn, 33-34, þegar tíu sekúndur voru eftir. HK tók leikhlé, fór síðan í sókn og fékk dæmt víti á einhvern óskiljanlegan hátt þegar leiktíminn var að renna út. Allt varð vitlaust í húsinu, varamannabekkirnir tæmdust og Fylkismenn gerðu aðsúg að grútlélegu dómarapari leiksins.

Dómurunum var viss vorkunn enda fengu þeir ekki frið til að sinna sínu starfi frá upphafi leiksins og þar fór fremstur í flokki Sigurður Sveinsson, þjálfari Fylkis, en ömurlegt var að fylgjast með tuðinu í honum og ljóst að dómgæslan batnar ekki ef forráðamenn félaganna gefa dómurunum aldrei frið og brjóta þá stanslaust niður en það er því miður raunin í allt of mörgum leikjum.

Valdimar var annars yfirburðamaður á vellinum og í raun sá eini sem eitthvað gat hjá HK úti á vellinum en í markinu varði Petkevicius vel.

Ásbjörn átti stórleik hjá Fylki, Eymar var sterkur en Bros og Duric mjög slakir og hreint ótrúlega hægir leikmenn. **- hbg**

ÓTRÚLEGA SLAKIR Þeir Arnar Sigurjónsson og Svavar Pétursson áttu ekki góðan dag í Árbænum í gær og gáfu að lokum HK sigurinn með glórulausum vítakastsdómi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

NEWCASTLE-PORTSMOUTH 1-0
1-0 Antoine Sibierski (69.).
TOTTENHAM-WIGAN 3-1
0-1 Henri Camara (25.), 1-1 Jermain Defoe (43.), 2-1 Dimitar Berbatov (44.), 3-1 Aaron Lennon (90.)
MANCHESTER UNITED-CHELSEA 1-1
1-0 Louis Saha (29.), 1-1 Ricardo Carvalho (70.).

STAÐA EFSTU LIÐA

MAN. UNITED	**14**	**11**	**2**	**1**	**30-7**	**35**
CHELSEA	14	10	2	2	24-8	32
BOLTON	**14**	**7**	**3**	**4**	**15-13**	**24**
PORTSMOUTH	14	7	2	5	19-12	23
ASTON VILLA	**14**	**5**	**8**	**1**	**16-10**	**23**
ARSENAL	13	6	4	3	21-10	22
READING	**14**	**7**	**1**	**6**	**16-18**	**22**
EVERTON	14	5	6	3	18-12	21

Ítalska úrvalsdeildin

ATALANTA-TORINO 1-2
0-1 Antonio Bernardini (79.), 0-2 Alessandro Rosina (88.), 1-2 Simone Loria (90.).
CATANIA-PARMA 2-0
1-0 Gionatha Spinesi, víti (67.), 2-0 Fabio Caserta (84.).
EMPOLI-CAGLIARI 1-0
1-0 Ighli Vannucchi (8.).
LAZIO-ASCALI 3-1
1-0 Manuel Belleri (8.), 1-1 Stefano Mauri, sjálfsmark (16.), 2-1 Goran Pandev (24.), 3-1 Pasquale Foggia (84.).
REGGINA-LIVORNO 2-2
0-1 Fabio Galante (23.), 0-2 Cristiano Lucarelli (26.), 1-2 Rolando Bianchi (62.), 2-2 Julio Cesar Leon (78.).
SAMPDORIA-AS ROMA 2-4
0-1 Francesco Totti (14.), 1-1 Sergio Volpi (15.), 1-2 Simone Perotta (33.), 1-3 Christian Panucci (44.), 1-4 Francesco Totti (74.), 2-4 Francesco Flachi, víti (90.).
SIENA-FIORENTINA 1-1
1-0 Luca Antonini (18.), 1-1 Adrian Mutu (38.).
PALERMO-INTER 1-2
0-1 Zlatan Ibrahimovic (8.), 1-1 Amauri (45.), 1-2 Patrick Vieira (62.).

STAÐA EFSTU LIÐA

INTERN	**13**	**10**	**3**	**0**	**27-14**	**33**
AS ROMA	13	9	2	2	30-10	29
PALERMO	**13**	**9**	**0**	**4**	**27-18**	**27**
LIVORNO	13	5	5	3	15-13	20
EMPOLI	**13**	**4**	**7**	**2**	**12-9**	**19**
CATANIA	13	5	4	4	18-24	19
LAZIO	**13**	**6**	**3**	**4**	**22-12**	**18**
ATALANTA	13	4	5	4	20-20	17

Spænska úrvalsdeildin

REAL BETIS-ESPANYOL 1-1
1-0 Robert, víti (33.), 1-1 Walter Pandiani (90.).
GETAFE-LEVANTE 0-0
GIMNASTIC-MALLORCA 2-3
1-0 Campano (41.), 1-1 Basko Jankovic (56.), 1-2 Victor (63.), 2-2 Oscar Lopez (72.), 2-3 Arango (87.).
CELTA VIGO-ZARAGOZA 1-1
0-1 Diego Milito (7.), 1-1 F. Baiano (53.).
OSASUNE-DEPORTIVO 4-1
1-0 Roberto Soldado (5.), 2-0 Valdo (22.), 2-1 Juan Rodriguez (30.), 3-1 Roberto Soldado (59.), 4-1 Savo Milosevic (90.).
RACING SANTANDER-RECREATIVO 4-3
1-0 Nikola Zigic (14.), 1-1 Beto (29.), 2-1 Ezequiel Garay, víti (34.), 3-1 Colsa (42.), 3-2 Uche (61.), 4-2 Nikola Zigic (64.), 4-3 Jesus Vasquez (90.).
VALENCIA-REAL MADRID 0-1
0-1 Raul (52.).
ATHLETIC BILBAO-SEVILLA 1-3
0-1 Luis Fabiano (4.), 0-2 Marti (10.), 1-2 Aduriz (69.), 1-3 Luis Fabioano (90.).

STAÐAN

BARCELONA	**12**	**9**	**2**	**1**	**31-10**	**29**
SEVILLA	12	9	1	2	22-10	28
REAL MADRID	**12**	**8**	**2**	**2**	**22-8**	**26**
ZARAGOZA	12	7	2	3	25-15	23
ATLETICO M.	**12**	**6**	**3**	**3**	**17-9**	**21**
GETAFE	12	6	2	4	10-8	20
RECREATIVO	**12**	**6**	**1**	**5**	**18-17**	**19**
VALENCIA	12	5	3	4	15-12	18
VILLARREAL	**12**	**5**	**3**	**4**	**12-16**	**18**
CELTA VIGO	12	5	2	5	16-17	17
DEPORTIVO	**12**	**4**	**4**	**4**	**11-13**	**16**
MALLORCA	12	4	4	4	9-12	16
SANTANDER	**12**	**3**	**5**	**4**	**12-16**	**14**
ESPANYOL	12	2	7	3	10-13	13
LEVANTE	**12**	**3**	**4**	**5**	**10-17**	**13**
OSASUNA	12	3	2	7	10-17	11
REAL BETIS	**12**	**2**	**3**	**7**	**13-17**	**9**
A. BILBAO	12	1	5	6	11-22	8
R. SOCIEDAD	**12**	**0**	**5**	**7**	**7-19**	**5**
GIMNASTIC	12	1	2	9	11-26	5

Hollenska úrvalsdeildin

NEC-FEYENOORD 4-1
SPARTA-AJAX 3-0
HEERENVEEN-AZ ALKMAAR 1-3
Grétar Rafn Steinsson og **Jóhannes Karl Guðjónsson** léku báðir allan leikinn fyrir AZ.
GRONINGEN-DEN HAAG 2-5
RODA JC-NAC BREDA 3-2

Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar

HÖTTUR-**KEFLAVÍK** 59-116
GRINDAVÍK-SNÆFELL 87-82
SINDRI-**VALUR** 67-133
KFÍ-**KEFLAVÍK B** 92-99
NJARÐVÍK B-**HAMAR/SELFOSS** 73-95
BROKEY-**STJARNAN** 61-115
MOSTRI-BREIÐABLIK B 74-47
DRANGUR-**FSU** 49-139

Man. Utd og Chelsea gerðu jafntefli í stórleik helgarinnar

Chelsea-strákarnir fóru sáttir heim til London eftir að hafa náð jafntefli gegn Manchester United á Old Trafford í Manchester. Stjórar liðanna, Ferguson og Mourinho, voru sammála um að úrslitin væru sanngjörn. Man. Utd heldur því þriggja stiga forystu í ensku úrvalsdeildinni en United og Chelsea hafa nánast stungið af.

MIKILL FÖGNUÐUR Wayne Rooney, sem er búinn að framlengja samning sinn við Man. Utd, fagnar hér Frakkanum Louis Saha innilega eftir að hann kom United yfir gegn Chelsea í stórleik helgarinnar. Þjóðverjinn Michael Ballack er ekki eins ánægður með markið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

FÓTBOLTI Það var sannkallaður stórleikur á Old Trafford í Manchester í gær þegar efsta lið ensku úrvalsdeildarinnar, Man. Utd, tók á móti liðinu í öðru sætinu, Chelsea, en þessi tvö lið eru svo gott sem búin að stinga hin liðin af í deildinni. Leikurinn var fínasta skemmtun og endaði með 1-1 jafntefli. Louis Saha kom Man. Utd yfir með góðu skoti utan teigs en Ricardo Carvalho jafnaði metin í síðari hálfleik.

United er því enn með þriggja stiga forystu í deildinni. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var jákvæður eftir leikinn.

„Við sönnuðum að við getum keppt á toppnum og þegar við erum upp á okkar besta þá erum við besta liðið í landinu. Næst á dagskrá er að stíga annað skref áfram og halda áfram að leggja hin liðin að velli. Stöðugleiki er það sem þarf til að vinna titla," sagði Sir Alex en hann var sammála kollega sínum hjá Chelsea, José Mourinho, að úrslitin væru betri fyrir Chelsea en fyrir United.

„Það var svekkjandi að missa leikinn niður í jafntefli. Þeir voru mikið með boltann en sköpuðu lítið af færum. Við stóðum okkur vel í skyndisóknunum og fengum tvö frábær færi til að ganga frá leiknum. Við vorum óheppnir og maður þarf heppni í svona leikjum," sagði Ferguson en hann var

HRESS Jose Mourinho lék á als oddi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

gríðarlega ánægður með Louis Saha í leiknum en Saha klúðraði dýrmætu víti gegn Celtic í Meistaradeildinni og var ólmur í að bæta fyrir þau mistök.

„Ég óttaðist aldrei um hann. Hann er þroskaður leikmaður og hefur verið eins og villt dýr á æfingum síðustu daga. Svo var honum sleppt úr búrinu í dag og þá sýndi hann styrk sinn."

Saha skreið meiddur af velli undir lokin sem og Cristiano Ronaldo. United má ekki við frekari framherjameiðslum þar sem Ole Gunnar Solskjær er meiddur og Alan Smith er ekki kominn í mikið form eftir langa fjarveru vegna meiðsla.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var mjög sáttur við sína menn þar sem þeir komu til baka í leiknum og sýndu karakter.

„Raunveruleikinn er sá að tímabilið ræðst í mesta lagi af sex stigum. Það kom mér því mikið á óvart hversu örugglega við unnum deildina í fyrra. Ég tel lið mitt vera klárt í slaginn aftur núna og við getum hæglega farið alla leið. Það sem ég er ánægðastur með er karakterinn í strákunum. Við komum hingað á erfiðan útivöll og yfirgefum svæðið þegar munurinn á liðunum er sá sami. Mótið hefði ekki verið búið þótt United hefði náð sex stiga forystu. Engu að síður er munur á þriggja eða sex stiga forskoti," sagði Mourinho en hann segist hafa rætt við Ferguson eftir leikinn og þeir voru sammála um að jafntefli væru sanngjörn úrslit. Hann hrósaði síðan Howard Webb dómara.

„Mér fannst hann standa sig mjög vel og er greinilega efnilegur dómari. Hann hefði getað brotnað í svona stórum leik en stóð vaktina vel," sagði Mourinho.

henry@frettabladid.is

1-1 Carvalho fagnar hér jöfnunarmarki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Real Madrid og Sevilla unnu sína leiki í spænska boltanum í gær:

Raul tryggði Real sigur gegn Valencia

FÓTBOLTI Fjölmargir leikir voru í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær en um helgina unnu þrjú efstu liðin í deildinni sína leiki. Barcelona vann Villarreal, 4-0, á laugardagskvöldið og í gær vann Real Madrid 1-0 sigur á Valencia en Sevilla vann Athletic Bilbao á útivelli.

Sevilla hélt því öðru sætinu í deildinni en Real komst þangað um stundarsakir í gær eftir að fyrirliðinn Raul hafði skorað eina mark leiksins gegn öðru stórliði, Valencia.

Leikmenn Valencia stjórnuðu leiknum löngum stundum en fóru illa að ráði sínu þegar kom að því að klára sín færi. Madrídingar fengu hins vegar fá færi en nýttu þó sín betur. Þegar sjö mínútur voru liðnar af síðari hálfleik skoraði Raul eftir fyrirgjöf Robertos Carlos.

Leikmenn Valencia hafa átt í miklum meiðslavandræðum og fór til að mynda hinn skæði framherji David Villa af velli eftir aðeins fimmtán mínútur. Fernando Morientes var á bekknum þar sem hann er enn að jafna sig á meiðslum í

SKORAÐI SIGURMARKIÐ Mark Raul skildi á milli Real Madrid og Valencia í gær. Hér fagnar hann marki sínu. NORDIC PHOTOS/AFP

læri. Valencia hefur nú ekki unnið í fimm leikjum í röð.

Real Zaragoza er í fjórða sæti deildarinnar en gaf toppliðunum ekkert eftir í gær er liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Celta Vigo á útivelli. Liðið er nú fjórum stigum á eftir Real Madrid. Osasuna tókst að lyfta sér af fallsvæðinu með sínum fyrsta sigri í átta útileikjum á tímabilinu er liðið fór illa með Deportivo og vann, 4-1. **- esá**

SNÆFELL ÚR LEIK Grindavík vann Snæfell á heimavelli í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar:

Grindavík vann Snæfell

KÖRFUBOLTI 32-liða úrslitum bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í karlaflokki lauk í gær með átta leikjum. Úrvalsdeildarlið mættust innbyrðis í tveimur leikjum í gær og vann Keflavík útivallarsigur á Hetti og Grindavík vann Snæfellinga á heimavelli.

Steven Thomas skoraði 23 stig fyrir Grindavík og Adam Darboe 18. Justin Shouse var stigahæstur hjá Snæfelli með 28 stig og Sigurður Þorvaldsson var með 17.

- esá

> **Tobey Maguire**

Fæddist 27. júní 1975 í Santa Monica í Kaliforníu. Tobey eignaðist á dögunum sitt fyrsta barn og er að klára að leika í þriðju myndinni um Kóngulóarmanninn sem kemur í bíó næsta sumar. Tobey leikur í myndinni „Seabiscuit" sem er sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ER MEÐ AULASTING

Eins og hópfaðmlag á brunadeild

Alltaf annað slagið upplifa þeir sem horfa á sjónvarp sérstaka tilfinningu sem ég og margir fleiri kalla aulasting. Þessi tilfinning sprettur fram í brjóstinu þegar maður verður vitni af svo vandræðalega vondu sjónvarpsefni að það veldur manni líkamlegum sársauka. Þessi tilfinning verður til einhvers staðar í kviðnum og vinnur sig síðan upp í brjóstholið og sest þar að. Ef ekkert er að gert, en flestir þurfa að standa upp og ganga um gólf í nokkrar mínútur til að hrista af sér þennan ófögnuð, magnast stingurinn þangað til að úr verður raunverulegur sársauki. Þetta er ekki ósvipað því að fá andarteppu og hlaupasting í sömu andrá.

Það kannast sennilega allir við þessa tilfinningu en það er mjög misjafnt hvaða sjónvarpsefni veldur henni hjá fólki. Kærastan mín fær þessa tilfinningu til dæmis þegar þegar skorað er mark í knattspyrnuleik. Það er fagnið sem veldur henni aulasting. Hún er líka óþreytandi í því að láta mig vita af þessu og eyðileggur oft andartakið algjörlega með

glósum eins og „sjá fullorðna karlmenn veltast um í faðmlögum, klappandi á bossann hver á öðrum."

Allir raunveruleikaþættir valda þessum einkennum hjá mér og í mismiklum mæli hjá öllu fólki, held ég. Þeir sem hafa horft á samspyrðingarþætti hvers konar kannast við þetta, og getur ástand manna orðið mjög alvarlegt á stundum.

Meira að segja auglýsingar valda mér stundum þessum einkennum. Dömubindaauglýsingar til dæmis. Hvaða geðsjúklingar veljast til að búa til dömubindaauglýsingar? Stundum er blæðandi konum gert að henda nærbuxunum sínum út um glugga á fjölbýlishúsum; í öðrum eru birtar niðurstöður rannsókna eins og „48 prósenta betri lekavörn." Bara tilhugsunin um hvernig staðið var að rannsóknin veldur mér verk sem er svo sársaukafullur að líkja mætti við hópfaðmlag á brunadeild.

Næst þegar þú færð aulasting ráðlegg ég þér að teygja þig í fjarstýringuna, ekki til að skipta um rás heldur til að leita að rauðum takka sem er þar oftast að finna. Notaðu hann og sjáðu hvað gerist. Það gæti komið þér skemmtilega á óvart.

EKKI MISSA AF

▶ **22.00 Law & Order** SKJÁR EINN

▶ **20.05 Extreme Makeover** STÖÐ 2

▶ **22.25 Ensku mörkin** SJÓNVARPIÐ

▶ **22.00 Dreamcatcher** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.30 My Name Is Earl** SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

15.45 Helgarsportið
16.10 Ensku mörkin Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum.
17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Fyndin og furðuleg dýr (2:26) (Weird & Funny Animals)
18.08 Bú! (15:26) (Boo!)
18.16 Lubbi læknir (38:52) (Dr. Dog)
18.30 Vistaskipti (26:26) (Foreign Exchange) Þáttaröð um ástralskan strák og írska stelpu sem finna gátt sem þau geta farið um milli landanna tveggja og á ferðalögum sínum lenda þau í margvíslegum ævintýrum.
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.10 Aldamótabörn (1:4) (Child of Our Time) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000 og fjallað um áhrif erfða og uppeldis á þroska þeirra.
21.15 Glæpahneigð (20:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Glaudini og Shemar Moore.
22.00 Tíufréttir
▶**22.25 Ensku mörkin** Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum. e.
23.20 Spaugstofan Endursýndur þáttur frá laugardagskvöldi.
23.45 Kastljós
0.25 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Against the Ropes
8.00 Seabiscuit 10.15 Virginia´s Run
12.00 Mean Girls
14.00 Seabiscuit 16.15 Virginia´s Run
18.00 Mean Girls
20.00 Against the Ropes
▶**22.00 Home Room**
0.10 Elsker dig for evigt (Open Hearts)
2.00 Road House (Hjálparhellan)
3.50 Home Room (Skotárásin)

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið
9.00 Bold and the Beautiful
9.20 Í fínu formi 2005
9.35 Oprah
10.20 Ísland í bítið (e)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Neighbours
13.05 Valentína
13.50 Fame (Á framabraut) Heimsfræg kvikmynd sem var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna og hreppti tvenn.
16.00 Ljónagrín (Father of the Pride) Skemmtileg grínteiknimynd um ljónafjölskyldu sem skemmtir fólki í Las Vegas. Þættirnir eru í anda Skrekks enda koma þær úr smiðju Jeffreys Katzenbergs, sem framleitt hefur vinsælar teiknimyndir á borð við Skrekk og Madagaskar.
16.20 Skrímslaspilið (30:49)
16.45 Smá skrítnir foreldrar
17.05 Ginger segir frá
17.30 Véla-Villi (Engie Benjy)
17.40 Bold and the Beautiful
18.05 Neighbours
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi (8:26)
▶**20.05 Extreme Makeover: Home Edition (19:25)**
20.50 Grey´s Anatomy - NÝTT (3:22) Starfsfólkið reynir að telja sjúklingi hughvarf varðandi aðgerð sem stendur til boða.
21.35 Crossing Jordan (10:21)
22.20 60 mínútur
23.05 Prison Break (6:22) Í leit sinni að hinum mikla fjársjóði Westmorelands fara Michael og Lincoln húsa á milli í Utah. För Haywires utan veggjanna heldur áfram og Sucre fær félagsskap. 2006. Bönnuð börnum.
23.50 La Vie Nouvelle (A New Life)
1.35 The Inside (12:13) (Nýliðinn)
2.20 NCIS (20:24) (Glæpadeild sjóhersins) Þegar dulmálssérfræðingur finnst látinn þarf NCIS-teymið að komast að hvort um sjálfsmorð sé að ræða.
3.05 Crossing Jordan (10:21)
3.50 Ísland í bítið (e)
5.10 Fréttir og Ísland í dag (e)
6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

12.00 Tónlist frá Popp TV
18.00 Insider (e) Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli.
18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld
20.00 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og tekið einkaviðtöl við frægar stjörnur.
▶**20.30 My Name is Earl** Earl er smáglæpamaður sem reynir að bæta upp fyrir allar misgjörðir sínar með misjöfnum árangri.
21.00 Tekinn Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk´d með Ashton Kutcher. Auddi hrekkir þjóðþekkta einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar.
21.30 So You Think You Can Dance 2 Dansinn hefst á ný... Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikaþátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna.
23.00 Weeds (7:12) (e) Önnur serían um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles borgar.
23.30 Insider Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider.
23.55 24 (22:24) (e) Bönnuð börnum.
0.40 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
1.05 Entertainment Tonight (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum.
1.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e)
8.00 Rachael Ray (e)
8.45 Gegndrepa - Lokaþáttur (e)
15.30 What I Like About You 15.55 Game tíví (e) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
16.20 Beverly Hills 90210
17.05 Rachael Ray
18.00 6 til sjö Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum.
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Just Deal
20.00 One Tree Hill Bandarísk unglingaþáttaröð þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Orðrómur um að Brooke sé ólétt er kominn á kreik, Nathan kaupir sér mótorhjól og Rachel fer í djarfa myndatöku.
21.00 Survivor: Cook Islands Spennan magnast í þessum vinsæla lífsleik og nú eru aðeins tíu keppendur eftir. Hver verður sendur heim í kvöld?
▶**22.00 Law & Order** Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Bílasali sem selur rándýra sportbíla er myrtur og grunur beinist að þroskaheftum manni og sætri kærustu hans sem er með dýran smekk.
22.50 Everybody Loves Raymond Bandarísk gamanþáttaröð.
23.20 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.
0.05 C.S.I: New York (e) Bandarísk sakamálasería.
1.05 Casino (e) Bandarísk raunveruleikasería.
1.55 Beverly Hills 90210 (e)
2.40 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

7.00 Að leikslokum (e)
14.00 Tottenham - Wigan (frá 26. nóv)
16.00 AC Milan - Messina (frá 25. nóv)
18.00 Þrumuskot (e)
19.00 Að leikslokum (e)
19.50 Watford - Sheff. Utd. (b)
22.00 Liverpool - Man. City (frá 25. nóv)
0.00 Ítölsku mörkin (e)

Í KVÖLD

Sirkus kl. 21.00
TEKINN

Hrekkjalómurinn Auðunn Blöndal heldur uppteknum hætti í kvöld við að leiða í gildrur þjóðþekkta Íslendinga og taka allt saman upp á falda myndavél – þjóðinni til ómældrar skemmtunar. Í síðasta þætti voru það sjálfir stjórarnir og fréttahaukarnir Sigmundur Ernir Rúnarsson og Páll Magnússon sem voru teknir rækilega í bakaríið. Að þessu sinni ætlar Auðunn að láta sinn eigin vin úr Strákaþáttunum, Atla Þór Albertsson, fá að finna rækilega fyrir því. Auðunn fær annan vin Atla til að taka hann með sér út að borða. Þar fær Atli einhverja verstu þjónustu sem hægt er að ímynda sér og eftir því sem Atli verður órólegri og kvartar undan þjónustunni, þeim mun dónalegri verða þjónarnir. Fylgist með Audda taka Atla í Tekinn á Sirkus í kvöld. Þátturinn er endurtekinn á föstudögum, laugardögum og sunnudögum.

VIÐ MÆLUM MEÐ Survivor: Cook Islands Á SKJÁ EINUM Í KVÖLD KL. 21

Spennan magnast í þessum margrómaða raunveruleikaþætti og núna eru einungis tíu keppendur eftir. Stóra spurningin er: hver fer heim í kvöld? Keppendur eru núna á Cook-eyjum í Suður-Kyrrahafinu sem eru alls ekki svo langt frá Nýja-Sjálandi. Stjórnandi þáttanna er sem fyrr Jeff Probst.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands **14.30** Miðdegistónar **15.00** Fréttir **15.03** Krossgötur **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Söngvamál **21.00** Heimurinn okkar **21.55** Orð kvöldsins **22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir **22.15** Úr tónlistarlífinu: Reykholtshátíð 2006 **0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

SÝN

12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

18.00 Insider (e) Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli.

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

20.00 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og tekið einkaviðtöl við frægar stjörnur.

20.30 My Name is Earl Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginn í lottóinu.

21.00 Tekinn

21.30 So You Think You Can Dance 2

23.00 Weeds (7:12) (e) Önnur serían um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles.

23.30 Insider Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider.

23.55 24 (22:24) (e)

0.40 Seinfeld

1.05 Entertainment Tonight (e)

1.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

11.40 Debatten **12.20** Udefra: Det politiske drivhus **13.20** Mysteriet om Danmark Ekspeditionen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Boogie Update **16.00** Landulven og byulven **16.05** Yu-Gi-Oh! **16.30** Troldspejlet **17.00** Den hvide sten **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Genbrugsguld **19.00** Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hun så et mord **22.25** Kongeligt bedrag **23.15** Viden om **23.45** Boogie Update

NRK 1

11.55 Tom og Jerry **12.00** Siste nytt **12.05** Schrödingers katt **12.30** Arbeidsliv **13.00** Siste nytt **13.05** Norge rundt **13.30** Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Den blåsandens hemmelighet **15.00** Siste nytt **15.03** Nådlanding **15.30** Ekspedisjon årken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mînîid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Harry med båtta full av dinosaurer **17.10** Gubben og Katten **17.25** Vennene på Solflekken **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Petter Northug - tåff i skallen **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Dok1: Et liv med hiv **21.30** Smith og Jones: godt og blandet **22.00** Kveldsnytt **22.10** Store Studio **22.50** Detektimen: Poirot: Kom til meg, död

SVT 1

11.05 Agenda **12.00** Sportspegeln **12.50** Gösta Berlings saga **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Garage - Älska film! **16.30** Krokodill **17.00** Små Einsteins **17.30** Zoé Kézako **17.45** Klister **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** Mästerverket **20.00** Plus **20.30** Kobra **21.00** Supernatural **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.05** Bingo Royale **22.50** Humorlabbet **23.20** Sändning från SVT24

Glæsileg jólatilboð

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vöruþróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.

Einkaleyfin 4 frá Sealy:

Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarrannsóknum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.

Hin mikla breidd MediLine línunnar upfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

Rúmin í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stífleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

Glæsilegur gjafapakki að verðmæti allt að kr. 39.900 fylgir hverju seldu hjónarúmi

Mjúka deildin Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum. Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúkteppi, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10-18 og laug.: 11-16

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

HRÓSIÐ ...

...fær Árni Salómonsson fyrir að kenna börnum að forðast hættur heimilisins með skemmtilegum hætti.

Herra Ísland er í fótbolta og tölvunörd

„Þú hittir nú á mig þegar ég er ennþá alveg í sæluvímu," sagði Kristinn Darri Röðulsson, nýkrýndur Herra Ísland, þegar Fréttablaðið náði tali af honum á föstudag. Hann var að vonum hæstánægður og sagði keppnina hafa verið skemmtilega í alla staði. „Þetta er búið að vera svolítið strangt og erfitt ferli, en alveg gjörsamlega þess virði," sagði Kristinn, en hann hélt upp á sigurinn á fimmtudagskvöldið í félagsskap hinna keppendanna.

Kristinn er búsettur á Akranesi en sækir skóla í Reykjavík, og er því nokkurt flandur á honum. „Ég er að læra kerfisfræði í Iðnskólanum, maður er svona smá tölvunörd," sagði Kristinn. „Sem betur fer búa bæði bróðir minn og einn af mínum bestu vinum í bænum svo ég gisti hjá þeim þegar ég er alveg að gefast upp á að keyra á milli," sagði Kristinn kátur. Utan skóla á fótboltinn hug hans allan. „Ég æfi með ÍA og er yfirleitt í fótboltanum alla daga, en ég er meiddur núna," sagði Kristinn, sem er einnig nýkominn úr sambandi og því einhleypur sem stendur.

Kristinn var á leið á fund til að fá nánari leiðbeiningar um hlutverk sitt sem Herra Ísland, en annars mun hann einbeita sér að undirbúningi fyrir jólapróf á næstu dögum. „Svo verður maður að gera eitthvað fyrir vini sína og fjölskyldu til að þakka allan stuðninginn, maður þarf að reyna að launa þeim þetta einhvern veginn," bætti hann við. **- sun**

KRISTINN DARRI RÖÐULSSON Ætlar að launa vinum og fjölskyldu stuðninginn á næstu dögum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DR. MISTER & MR. HANDSOME Umdeildasta hljómsveit landsins er í pásu á meðan Ívar Örn Kolbeinsson greiðir úr sínum málum.

DR. MISTER & MR. HANDSOME: UMDEILDASTA HLJÓMSVEIT LANDSINS Í PÁSU

Partíið fór úr böndunum

„Það er rétt að bandið er svolítið í lausu lofti en við erum ekki hættir," segir Egill Tómasson, gítarleikari í hljómsveitinni Dr. Mister & Mr. Handsome. Þrálátur orðrómur hefur gengið að undanförnu þess efnis að þessi umdeilda hljómsveit hafi lagt upp laupana.

Ívar Örn Kolbeinsson, annar forsprakki sveitarinnar, hefur verið mikið í fréttum undanfarið vegna opinskárra yfirlýsinga sinna um eiturlyfjaneyslu og rokklíferni sitt. Þær sögur hafa gengið fjöllum hærra í Reykjavík að Ívar sé kominn í meðferð úti á landi og muni í kjölfarið ætla að flytjast til Danmerkur með móður sinni. Ívar er sagður hafa ákveðið að segja alfarið skilið við hljómsveitina. Egill segir að þessar sögur séu ekki alls kostar réttar, Ívar sé í það minnsta ekki að flytjast til Danmerkur.

„Ívar er bara að reyna að hugsa sinn gang og er kominn í afslöppun úti á landi. Það var líka alveg kominn tími á það," segir Egill. Hann líkir hljómsveitinni Dr. Mister & Mr. Handsome við unglingapartí sem fer úr böndunum. „Fólk þekkir þetta alveg, þetta er eins og í gamla daga þegar einhver var einn heima. Allt var í góðu til að byrja með en svo kom einhver með landa og þá varð fjandinn laus. Það var mikið aksjón í hljómsveitinni og partíið fór úr böndunum," segir hann.

Egill segir að hinir meðlimir Dr. Mister taki lífinu með ró um þessar mundir og ætli svo að sjá til hvað verður. „Við bíðum bara eftir að Ívar sé búinn í jóganu, eða hvað þetta er sem hann stundar þarna, og slöppum af á meðan. Bandið er allavega ekki opinberlega hætt. Þó það hrikti aðeins í stoðunum þarf þetta ekki að vera búið." **hdm@frettabladid.is**

EGILL TÓMASSON Segir ekkert hæft í sögum um að Ívar ætli að flytjast til Danmerkur.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Margt var um manninn í miðbæ Reykjavíkur á laugardagskvöldinu en þotuliðið safnaðist fyrir á nýjum stað þeirra Kormáks Geirharðssonar, Skjaldar Sigurjónssonar og tvíburabræðranna **Arnars** og **Bjarka Gunnlaugssona** í Þingholtsstrætinu sem ber hið skemmtilega nafn **Domo**. Meðal þeirra sem samglöddust með þeim félögum voru Íslandsmeistarar **FH** með þjálfarann **Ólaf Jóhannesson** fremstan í flokki en þeir Arnar og Bjarki leika sem kunnugt er með Hafnarfjarðarliðinu á næsta tímabili.

Listafólkið lét heldur ekki sitt eftir liggja og mátti þarna sjá leikstjórann Ara Alexender Ergis auk þess sem leikarahjónin **Atla Rafn Sigurðsson** og **Brynhildur Guðjónsdóttur** stigu trylltan dans á dansgólfinu og borgarfulltrúinn **Dagur B. Eggertsson** ræddi við hvern þann sem vildi.

Fleiri fögnuðu en skemmtanakóngar Reykjavíkur því bókaútgáfan **JPV** hélt sinn árlega jólaglaðning á föstdagskvöldinu sem að þessu sinni fór fram í Skeifunni. Þarna mátti sjá þá **Bubba Morthens** og blaðamanninn **Jón Mýrdal** í hrókasamræðum um DV sem tónlistarmaðurinn hefur alltaf haft sterkar skoðanir á. Umræðurnar voru á vingjarnlegu nótunum og snerust fljótlega um sameiginlegt áhugamál þeirra beggja; stangveiði. **Stefán Máni** var vígalegur að sjá enda getur hann verið ánægður með þá stórfínu dóma sem **Skipið** hefur fengið að undanförnu og nýjasta stjarna útgáfunnar, **Hugleikur Dagsson**, tróð upp með tónlistargjörning. **Einar Kárason** og **Ólafur Gunnarsson** höfðu losað sig við ferðaþreytuna eftir reisuna um Bandaríkin og sýndu fimm mínútna heima-vídeó úr karlaferðinni. **- fgg/þþ**



LÁRÉTT 2 á eftir 6 í röð 8 hrópa 9 erta 11 í röð 12 reika 14 labba 16 samtök 17 gól 18 fát 20 bor 21 stefna.

LÓÐRÉTT 1 kostar lítið 3 tveir eins 4 rabba 5 hald 7 ótvíræður 10 angra 13 málmur 15 kjáni 16 ái 19 tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2 næst, 6 de, 8 æpa, 9 ýfa, 11 jk, 12 ramba, 14 lalla, 16 aa, 17 ýlu, 18 fum, 20 al, 21 ismi.
LÓÐRÉTT: 1 ódýr, 3 ææ, 4 spjalla, 5 tak, 7 efalaus, 10 ama, 13 bý, 15 auli, 16 ái, 19 mm.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Sigurörn.
2. Von.
3. Mapuche-indjánar í Chile.

12.–15. janúar
ÓPERUFERÐ TIL KÖBEN
Sannkölluð menningarveisla sem enginn óperuunnandi má missa af. Ein þekktasta ópera Wagners, Loehengrin, í leikstjórn Peter Konwitschny, sýnd í Nýju Óperunni. Innifalið er flug fram og tilbaka með sköttum, gisting í 3 nætur á Hótel Imperial Copenhagen, 4* hóteli í hjarta borgarinnar, akstur til og frá flugvelli og miði á Lohengrin í Nýju Óperunni. Fararstjóri er Magnús Gíslason. Ferðin er í samstarfi við Borgarleikhúsið.
Verð á mann í tvíbýli:
61.900 kr.

30.–31. janúar
WEST HAM–LIVERPOOL
Það verður fjör þegar Liverpool kemur í heimsókn á Upton Park í janúar. Því ekki að skella sér til London og sjá hið íslenska West Ham mæta stórliði Liverpool í Ensku úrvalsdeildinni? Svo skemmir ekki fyrir að Eggert og Björgólfur verða án efa í stúkunni á Upton Park. Þetta verður ævintýri af bestu gerð.
Verð á mann í tvíbýli:
49.900 kr.
PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI
» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express Ferðir

Forvitnileg heimildarmynd að austan

„Myndin fjallar um afstöðu ungs fólks á Austurlandi gagnvart álverum og virkjanaframkvæmdum," segir menntaskólaneminn Hákon Seljan um heimildarmynd sem hann og félagi hans Garðar Bachman eru nú að leggja lokahöndina á.

Hákon er bróðir fjölmiðlamannsins Helga Seljan, sem nýlega hóf störf í Kastljósi og hafði áður starfað sem fréttamaður á NFS við góðan orðstír. Hákon útskrifast um jólin frá Menntaskólanum á Egilsstöðum og hefur getið sér gott orð sem skeleggur ræðumaður í menntaskólanum. Í ár var það þó vinnan við heimildarmyndina sem aftraði honum frá því að taka þátt í Mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskóla Íslands. Félagarnir hafa unnið að gerð myndarinnar frá því í byrjun september og hefur starfið gengið vel fyrir sig, þrátt fyrir takmarkaða reynslu í kvikmyndagerð.

„Upphaflega stóð til að frumsýna myndina á laugardaginn var en það náðist því miður ekki, það er alveg greinilegt að svo verður ekki," segir Hákon en lofar því að myndin verði tilbúin fyrir áramót en helst fyrr. „Það er Garðar sem er leiðandi í gerð myndarinnar, hann sér um allt kvikmynda-dótarí-ið á meðan viðtölin eru á minni könnu." Myndin verður frumsýnd á Austurlandi, líklega í sýningarsal Menntaskólans á Egilsstöðum, en svo er ætlunin að koma henni í sjónvarp. Eftir stúdentspróf stefnir svo Hákon á að breyta um umhverfi, „hvort sem það verður Reykjavík eða Vestfirðir, bara prófa eitthað nýtt." En um starf í fjölmiðlum gefur hann engin loforð, segir aðeins að það yrði gaman, „annars eitthvað sem framtíðin þarf að bera í skauti sér." **- hal**

HÁKON SELJAN Fetar í spor stóra bróður á fjölmiðlasviðinu.

ÞÓRÐUR OG HÁKON Vinna myndina saman og vonast til þess að koma henni í sjónvarp.

HELGI SELJAN Eldri Bróðir Hákons og rísandi fjölmiðlastjarna.

Upphengd klósett á tilboðsverði!

Upphengd klósett & innbyggður kassi
frá kr. 29.999,-

Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunar-tækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Huglægt mat

Áratugum saman hefur verið rætt um að setja í lög þá lýðræðislegu nauðsyn að stjórnmálaflokkar opni bókhald sitt svo að hægt sé að greina fjárhagsleg tengsl milli stjórnmálaflokka og kostunaraðila. Það hefur þó ekki hvarflað að nokkrum manni að setja þak á þær peningaupphæðir sem einstaklingar eða fyrirtæki mega leggja í kosningasjóði; aðeins er farið fram á að viðskiptin og tengslin séu uppi á borðinu en ekki falin.

NÚ virðist sem svo sem þingmenn hafi loksins tekið eftir þessari háværu umræðu og vilji í nafni lýðræðisins koma til móts við óskir almennings um betra siðferði í stjórnmálum. Í stað þess að „opna bókhaldið“ vilja þingmenn þó heldur opinbera hið pólitíska siðferði með því að þjóðnýta stjórnmálaflokkana og skammta þeim „hálfan milljarð“ af almannafé á hverju ári. Sem sagt 8 milljónir á ári fyrir kjörinn þingmann; 32 milljónir fyrir hvern þingmann pr. kjörtímabil!

Í LANDI þar sem ennþá virðist vera áhugi á því meðal fólks að bjóða sig fram til þingstarfa af fúsum og frjálsum vilja og á eigin kostnað virðist það í fljótu bragði vera fáránlegt bruðl með almannafé að þjóðnýta stjórnmálaflokka og borga þeim fyrir að framleiða þingmenn, 32 milljónir á stykkið.

Í NAFNI allrar sanngirni eru ríkisframlög af þessu tagi þó ekki fordæmislaus. Það er til dæmis alkunna að til er fólk sem stundar refa- og minkaveiðar af hugsjón eða einskærum áhuga á viðfangsefninu. Engu að síður er talið sanngjarnt að umbuna þessum veiðimönnum af almannafé. Við minkaveiðar er greitt jafnaðarkaup, kr. 650 á klukkustund og kr. 3.000 fyrir hvert dýr sem veiðist. Grenjaskyttur fá 7.000 kr. fyrir hvern fullorðinn ref (en aðeins 1.600 kr. fyrir hvern yrðling). Fyrir hálfan milljarð væri hægt að veiða rúmlega 70 þúsund fullþroska refi en það er einmitt sú upphæð sem í ráði er að greiða fyrir 63 alþingismenn. Það bendir til þess að það einvalalið sem situr á Alþingi Íslendinga telji við hæfi að meta hvern kjörinn þingmann á við 1.000 refi – og skal hér ekki tekin afstaða til þess mats, enda er það að líkindum huglægt.

SHARP®
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA
SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM
LOEWE.
MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!
ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI